**BENEDIKT LAFLEUR**

*Sjósund frískandi og gott fyrir ónæmiskerfið*

Heilsa

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS



**SKIPULAG OG HÖNNUN**

*Hávær krafa um góða hljóðvist*

Sérblað um skipulag og hönnun

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**




**YESMINE OLSSON**

*Í fyrsta sinn á heimaslóðum*

Sótti innblástur að matreiðslubók til Indlands

**FÓLK 34**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. febrúar 2008 — 56. tölublað — 8. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 512 5000


## ÞRIÐJUDAGUR



### Axlir í aðalhlutverki

Berar axlir og rauðir og svartir kjólar voru áberandi á Óskarsverðlaunahátíðinni. **FÓLK 26**

### Taumlaust fjör

„Það er verðugt verkefni fyrir næstu safnanótt að kryfja íslensk stjórnmál,“ segir Ragnhildur Vigfúsdóttir. **SKOÐUN 18**

### Helmingar launin

Lárus Welding, forstjóri Glitnis, lækkar launin sín um helming til að sýna fordæmi í þeim aðhaldsaðgerðum sem fram undan eru í bankaheiminum. **VIÐSKIPTI 21**

### HSÍ fann loksins þjálfara



Guðmundur Guðmundsson er tekinn aftur við handboltalandsliðinu. **ÍÞRÓTTIR 30**

## VEÐRIÐ Í DAG




**Víða éljagangur** Í dag má búast við svipuðu veðri og verið hefur. Í stað hita rétt undir frostmarki við suðurströndina verður hiti rétt yfir frostmarki, og í NA-áttinni sem er ríkjandi verður að bjart SV-lands en úrkoma í öðrum landshlutum.

# Stuðningur við ESB-umsókn aldrei meiri

**Meirihluti vill nú að Ísland sæki um aðild að Evrópusambandinu samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Stuðningur við aðildarumsókn hefur ekki verið meiri. 55,1 prósent segja meiri ástæðu til að sækja um nú en fyrir ári.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Rúm 55 prósent þjóðarinnar segist nú vilja að Ísland sæki um aðild að Evrópusambandinu og hefur stuðningur við umsókn aukist um nítján prósent frá því í janúar 2007, þegar einungis 36,0 prósent voru hlynnt því að Ísland sækti um aðild. Ekki hefur áður mælst svo mikill stuðningur við að sækja um aðild í skoðanakönnunum Fréttablaðsins.

Þá segist meirihluti, eða 55 prósent, að ástæður séu meiri nú en fyrir ári til að skoða aðild. 7,3 prósent segja minni ástæðu til að skoða aðild nú en fyrir ári en 38,1 prósent segir ástæður fyrir að skoða aðild að ESB þær sömu nú og fyrir ári. Lítill munur er eftir búsetu eða kyni, en rúmlega 70 prósent þeirra sem styðja aðildarumsókn telja ástæður fyrir að skoða aðild ríkari nú en fyrir ári, en 26 prósent þeirra sem eru mótfallnir umsókn. Þá segja 69 prósent þeirra sem ekki gefa upp afstöðu til umsóknar að ástæður til að skoða aðildarumsókn séu nú ríkari. Nánast allir þeir sem töldu ástæður nú til að skoða umsókn vera minni en fyrir ári eru mótfallnir því að Ísland sæki um aðild að ESB.

**Á ÍSLAND AÐ SÆKJA UM AÐILD AÐ ESB?**




Skv. könnun Fréttablaðsins 23.02.07

Stuðningur við aðildarumsókn er meiri meðal karla en kvenna, þá eru fleiri á höfuðborgarsvæðinu sem styðja að Ísland sæki um aðild en á landsbyggðinni.

Ef litið er til afstöðu til aðildarumsóknar eftir stuðningi við stjórnmálaflokk eru mestu breytingarnar meðal kjósenda Sjálfstæðisflokksins. Í september sögðust rúmlega 70 prósent sjálfstæðisfólks vera andvíg aðildarumsókn. Nú eru tæplega 60 prósent þeirra andvíg umsókn. **- ss / sjá síðu 6**



**INGIBJÖRG GUNNARSDÓTTIR** Dávaldurinn hefur fallist á að fara til Serbíu.

Friðrik Ómar fær aðstoð:

## Dávaldur með í för til Serbíu

**SÖNGVAKEPPNI** Friðrik Ómar Hjörleifsson naut aðstoðar dávalds þegar hann sigraði í Laugardagslögunum um liðna helgi. „Ég hafði nú takmarkaða trú á einhverju svona, en allt í einu hurfu öll hljóð í umhverfinu og ég heyrði bara röddina hennar. Hún hjálpaði mér að búa til orkubolta í brjóstkassanum á mér og slá í hann í hvert skipti sem mig vantaði orku á sviðinu,“ segir Friðrik.

Ingibjörg Gunnarsdóttir dáleiddi Friðrik Ómar í Smáralind og hefur fallist á að fylgja honum í aðalkeppni Eurovision í Serbíu. „Ég hleypi honum ekki einum til Serbíu. Það er stríðsástand þarna!“ segir Ingibjörg. **- glh / sjá síðu 28**

Samfélagsverðlaunin:

## Verðlaunin afhent í dag

**FÓLK** Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í dag. Forseti Íslands hr. Ólafur Ragnar Grímsson afhendir verðlaunin.

Auk sjálfra Samfélagsverðlaunanna, sem nema einni milljón króna, er verðlaunað í þremur flokkum. Þeir nefnast Hvunndagshetjan, Frá kynslóð til kynslóðar og Til atlögu gegn fordómum. Einnig eru veitt heiðursverðlaun.

Markmiðið með veitingu Samfélagsveðlaunanna er að beina kastljósinu að öllum þeim góðu verkum sem unnin eru hvarvetna í samfélaginu. **- ovd**



**KALDIR KLÁRAR** Ekki væsti um klárana tvo sem töltu um snævi þakinn Víðidalinn í frostinu í gær, enda vel hærðir um miðjan vetur. Fjöldi hestamanna notaði fallegt veður til að skella sér á bak og jafnvel slá í klárinn á leið heim í hesthús. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fyrirtækið Sæferðir fékk Breiðafjarðarferjuna beint frá fjármálaráðuneytinu:

# Baldur seldur án auglýsingar

**RÍKISFJÁRMÁL** Fjármálaráðuneytið seldi ferjuna Baldur beint til fyrirtækisins Sæferða árið 2006, án þess að fara eftir þeirri meginreglu við sölu á ríkiseignum að auglýsa það sem eigi að selja.

Verðið var 37,8 milljónir. Sæferðir seldu bátinn úr landi tveimur vikum síðar á um hundrað milljónir.

Sæferðir áttu að greiða hluta af söluhagnaðinum til ríkisins, en gerðu það ekki fyrr en fimmtán mánuðum seinna. Vextir voru greiddir að þessu tímabili loknu en ekki með töldu.

Grímseyingar íhuguðu á sínum tíma að kaupa Baldur og gera að Grímseyjarferju og fóru sveitarstjórnarmenn vestur til að sigla einn túr. Framkvæmdastjóri Sæferða, Pétur Ágústsson, segir þó að það hafi aldrei komið til greina að selja ferjuna til Grímseyjar, Sæferðir hafi verið með leigusamning til 2010. „Þannig að þeir gátu svo sem ekki selt það án þess að skaffa okkur nýtt skip,“ segir hann. **- kóþ / sjá síðu 8**




**Kompudagar í smáauglýsingunum**

**18.– 29. febrúar. Verð frá 990 kr.**

Er ekki kominn tími á vorhreingerningu? Skráðu smáauglýsinguna á visir.is eða hringdu í **síma 512 5000** og seldu gamla dótið með litlli fyrirhöfn.



**Allt sem þú þarft – alla daga**

Nýr **SkodaFabia**

ER MEÐ ESP STÖÐUGLEIKAKERFI




**Þú leggur línurnar Létt & laggott!**



SPURNING DAGSINS



*Egill, er ennþá bit í Þursunum?*

„Ja, það er engan bilbug á okkur að finna eftir þrjátíu ár.“

Þursaflokkurinn hélt þrjátíu ára afmælistónleika um helgina. Hljómsveitin gaf meðal annars út plötuna Þursabit. Egill Ólafsson er söngvari Þursanna.

Megn óánægja með nýtt vaktafyrirkomulag á Landspítalanum:

# Von á fjölda uppsagna á Landspítala

**KJARAMÁL** Mikill fjöldi skurðhjúkrunarfræðinga, svæfingarhjúkrunarfræðinga og geislafræðinga á Landspítalanum íhugar að segja upp starfi sínu um mánaðamótin en alls eru það rúmlega 150 manns sem við þessi störf starfa á spítalanum. Ástæðan er megn óánægja með nýtt vaktafyrirkomulag sem tekur gildi um mánaðamót. Talsmenn starfsfélaga leggja áherslu á að ekki sé um skipulagðar hópuppsagnir að ræða heldur taki hver og einn ákvörðun á sínum forsendum.

„Þessar breytingar leggjast afar illa í okkur. Við teljum að þeir sem að nýju vaktarplani standa séu ekki með á nótunum varðandi gæði og öryggi sjúklinga,“ segir Vigdís Árnadóttir, trúnaðarmaður skurðstofu á Hringbraut. Breytingarnar fela meðal annars í sér að skurðhjúkrunarfræðingur sem ekki er þjálfaður í keisaraskurði getur verið kallaður inn á kvennadeild sé hann á vakt þó hann sé sérþjálfaður í hjartaskurðaðgerðum og öfugt. Eldra fyrirkomulag hefði þó gert ráð fyrir að sérþjálfaður starfsmaður á bakvakt væri kallaður til. „Við höfum öryggi sjúklinga í fyrirrúmi og teljum að ef standa eigi við þetta fyrirkomulag sé sjálfkrafa búið að segja okkur upp. Við viljum ekki starfa við svona aðstæður,“ segir Vigdís.



**UPPSAGNIR YFIRVOFANDI** Starfsfólk segir nýjar vaktir fela í sér stóraukið vinnuálag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Katrín Sigurðardóttir, formaður Félags geislafræðinga, segir nýjar vaktir koma niður á kjörum starfsmanna. „Mikil óánægja er með þessar breytingar,“ segir hún. **- kdk**

Dönsk meðferðartilraun:

# Heróín gefið hjá lækninum

**DANMÖRK** Langt leiddir sprautufíklar í Danmörku munu þegar á þessu ári, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, geta fengið ókeypis heróínskammt hjá lækni.

Allir flokkar á danska þinginu, að vinstrijaðar-Einingarlistanum undanskildum, hafa sameinast um tillögu um að setja sem svarar 130 milljónum íslenskra króna á þessu ári og andvirði 780 milljóna á því næsta í þetta verkefni Meðal settra skilyrða fyrir að fá heróínskammt á kostnað ríkisins er að þiggjandinn samþykki að ganga undir meðferð og að hann sé í standi til að mæta þrisvar á dag til að fá heróínskammtinn. **- aa**

Steingrímur J. Sigfússon:

# Fékk alltaf vitlaus svör

**STJÓRNMÁL** Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra viðurkenndi á Alþingi í gær að hafa svarað fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar, um skattamál vegna Kárahnjúkavirkjunar, ranglega. Steingrímur hefur frá því árið 2003 fjórum sinnum spurt fjármálaráðherra Sjálfstæðisflokksins út í hvort engin álitamál væru uppi vegna skattgreiðslna Impregilo vegna byggingu Kárahnjúkavirkkjunar.

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu greiðir ríkið eina milljón króna á dag í dráttarvexti eftir að Hæstiréttur dæmdi að ríkið skuldaði Impregilo 1,2 milljarða ásamt vöxtum. Árni sagði dóm Hæstaréttar hafa farið gegn áliti ríkisskattstjóra og héraðsdóms. **- mh**

HM hamskera í Salzburg:

# Snjótittlingur lenti í öðru sæti

**IÐNAÐUR** „Það er ekki fyrir alla að vinna með svona litla fugla en ég hef ótrúlega gaman af þeim,“ segir Brynja Davíðsdóttir, ungur atvinnuhamskeri sem um helgina hlaut önnur verðlaun á heimsmeistaramóti hamskera. Gripurinn sem dómnefnd hreifst svo af er lítill snjótittlingur sem þykir líta mjög eðlilega og líflega út en það þykir einmitt mikilvægasta í fari uppstoppaðra dýra.



**VINNINGSGRIPURINN**

„Fólki þykir stundum stórir fuglar tilkomumeiri, en litlir galdrar eins og þessi fugl heilla mig mjög,“ segir Brynja og hlær. Hún segir mikinn heiður að hreppa verðlaunin enda aukist kröfurnar með hverju ári. **- kdk**

# Umboðsmaður spyr borgarstjórn um REI

**Umboðsmaður Alþingis spyr hvort Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni hafi mátt vera ljóst að meirihluti borgarstjórnar var andvígur samruna GGE og REI. Einnig er spurt um kaupréttarsamninga sem gerðir hafa verið í félögum tengdum OR.**

**STJÓRNSÝSLA** Borgarstjórn Reykjavíkur barst í gær bréf Tryggva Gunnarssonar, umboðsmanns Alþingis, þar sem varpað er fram nýjum spurningum um REI-málið.

Spurningarnar snúast meðal annars um aðkomu Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, þáverandi borgarstjóra, að málum tengdum sameiningu Reykjavik Energy Invest (REI) og Geysis Green Energy (GGE) í svokölluðu REI-máli. Umboðsmaður rannsakar málið að eigin frumkvæði.

Í bréfinu, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, er meðal annars spurt hvort Vilhjálmi hafi verið ljóst, eða hefði mátt vera ljóst, þegar hann samþykkti samruna REI og GGE á eigendafundi að ekki væri meirihluti fyrir samrunanum í borgarstjórn.

Þetta er annar spurningalistinn sem umboðsmaður hefur sent borgaryfirvöldum vegna málsins. Nýja bréfið er dagsett 22. febrúar og óskað eftir svari fyrir 14. mars. Fyrri spurningum, sem sendar voru 9. október síðastliðinn, var svarað hinn 30. október með skýrslu stýrihóps sem fór yfir málefni REI.

Í fyrra bréfi Tryggva er meðal annars spurt um kaupréttarsamninga sem veita átti starfsmönnum Orkuveitu Reykjavíkur (OR) og REI. Í bréfinu sem sent var í gær er vísað í svar borgarlögmanns, þar sem fram kemur að kaupréttarsamningar hafi áður verið gerðir í félögum sem OR hafi stofnað eða komið að. Voru Lína.Net og Enex nefnd í því samhengi.

Í framhaldinu krefst umboðsmaður upplýsinga um kaup starfsmanna, stjórnarmanna, stjórnenda eða félaga í þeirra eigu á hlutum í slíkum félögum tengdum OR. Hann spyr hvort samningar um slík kaup hafi gengið eftir, og hvort þeir séu enn í gildi, til dæmis í Gagnaveitu Reykjavíkur, dótturfélagi OR.

Tryggvi óskar jafnframt eftir upplýsingum um það hvort slíkir kaupréttarsamningar hafi verið samþykktir í stjórn OR eða á eigendafundum.

Að lokum spyr umboðsmaður hvort einhverjar breytingar hafi verið gerðar á þeim samþykktum og reglum borgarinnar sem á reyndi í REI-málinu, og fjallað er um í skýrslu REI-stýrihópsins.

Ólafur F. Magnússon borgarstjóri sagðist ekki hafa náð að kynna sér efni bréfsins þegar rætt var við hann í gærkvöldi.

Ekki náðist í Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson, formann borgarráðs.

brjann@frettabladid.is



**TRYGGVI GUNNARSSON**



**VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON**



**NÝJAR SPURNINGAR** Í bréfi Umboðsmanns Alþingis er sex spurningum um málefni tengd REI-málinu varpað til borgarstjórnar Reykjavíkur.





**REIÐI** Þúsundir Kosovo-Serba gefa daglega reiði sinni lausan tauminn á fjölmennum mótmælafundum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mótmæli Serba halda áfram:

# Evrópufáninn brenndur

**KOSOVO, AP** Þúsundir Kosovo-Serba héldu í gær áfram háværum mótmælum gegn aðskilnaði Kosovo frá Serbíu. Í Kosovska Mitrovica hrópuðu mótmælendur „Kosovo er Serbía“ og brenndu fána Evrópusambandsins. Slík mótmæli hafa verið daglegt brauð frá því sjálfstæðinu var lýst yfir fyrir rúmri viku.

Mótmælendur hafa líka brennt myndir af utanríkisráðherra Bandaríkjanna og serbneska forsetanum Boris Tadic, sem þjóðernissinnum þykir of hliðhollur vesturveldunum.

Slobodan Samardzic, ráðherra Kosovomála í Serbíustjórn, fór í dagsheimsókn þangað í gær. **- aa**

## LÖGREGLUMÁL

### Stúlkur áreittar í sundlaug

Lögreglunni á Suðurnesjum hafa borist kærur vegna karlmanns sem sagður er hafa áreitt stúlkur í Sundlaug Keflavíkur. Fram kemur á vef Víkurfrétta að atvik hafi komið upp á föstudag og annað í gær. Þá hafi lögregla verið kölluð til.

### Hakkaði kerfi Hagaskóla

Fjórtán ára pilti í níunda bekk Hagaskóla í Reykjavík tókst að brjótast inn í tölvukerfi skólans og eyða skrám um nemendur sem kennarar nota. Málið komst upp á laugardag, og rannsakar lögregla málið, að því er fram kemur á visir.is.





Rannsóknarskip Hafrannsóknastofnunar komið á loðnuslóð og byrjað að mæla:

# Bræla tafði mælingar á loðnu

**SJÁVARÚTVEGUR** Árni Friðriksson, rannsóknarskip Hafrannsóknastofnunar, er nú á loðnuslóð sunnan við landið eftir að hafa siglt úr höfn í Reykjavík á sunnudag.

Vegna versnandi veðurs náðist ekki að klára mælingar á loðnutorfu sem loðnuskipstjórar telja afar stóra, sagði Sveinn Sveinbjörnsson, fiskifræðingur um borð í Árna Friðrikssyni, seinnipart dags í gær.

Rannsóknarskipið fann um þriggja sjómílna langa loðnutorfu undan Hjörleifshöfða snemma í gær og voru vísindamenn langt komnir með að mæla torfuna þegar þeir urðu að hætta sökum brælu. Sveinn sagði veðurútlit þó sæmilegt og líklegt að mælingar hæfust að nýju í nótt.

Sveinn segir allt of snemmt að segja til um hvort nægilegt magn loðnu finnist til að hægt sé að hefja veiðar á ný.

Um einn og hálfan sólarhring getur tekið að mæla þá torfu sem nú er fundin og eftir það er ætlunin að halda austur á bóginn. Einhverja daga í það minnsta þurfi til að leita og mæla áður en hægt verði að ræða um mögulegar breytingar á ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar um að loðnuveiðum verði hætt. **- bj**



**Í EYJUM** Sjávarútvegsráðherra skoðaði Vinnslustöðina í Vestmannaeyjum á milli funda með hagsmunaaðilum í sjávarútvegi. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

## RÁÐHERRA FUNDAÐI MEÐ EYJAMÖNNUM

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra fundaði í gær með hagsmunaaðilum úr sjávarútvegi í Vestmannaeyjum. Fundurinn var vel sóttur, og voru fundarmenn almennt ósáttir við ákvörðun ráðherra um að stöðva loðnuveiðar. Þá voru fundarmenn ósáttir við að rannsóknarskip Hafrannsóknastofnunar hefðu verið bundin við bryggju um helgina á meðan á fimmta hundrað manns beið eftir niðurstöðum rannsókna stofnunarinnar.

Einar sagði ákveðið að skip Hafró myndu leita loðnu í 50 daga, ekki 39 eins og áður var ákveðið.



BYRJUN
GLATA VINKONU
FARÐU 3 AFTUR
SITUR HJÁ 2 UMFERÐIR
FARA Á BLINT STEFNUMÓT
FINNA EITTHVAÐ UPP OG SKÍRA ÞAÐ EFTIR SJÁLFRI ÞÉR
FARÐU 3 ÁFRAM
HRINGJA KIRKJUBJÖLLU
FARÐU 2 ÁFRAM
SKRIFA SKÁLDSÖGUNA ÞÍNA
EITT OG ANNAÐ SEM ÞÚ ÞARFT AÐ GERA FYRIR FERTUGT
FARÐU 2 ÁFRAM
STINGA ÞÉR AF STÓRA STÖKKBRETTINU Í SUNDHÖLLINNI
KASTAÐU TVISVAR
FARÐU 5 ÁFRAM
KOMAST Á TRÚNÓ MEÐ ÖMMU OG SMÁ SHERRÍI
FREE TIBET
FÁ ÞÉR LÍFTRYGGINGU
Ef þú hefur fyrir einhverjum að sjá, eða ert með fjárskuldbindingar, þá þarftu líftryggingu.
Þú færð Lífís líf- og sjúkdómatryggingar hjá VÍS.
FARÐU 3 ÁFRAM
TAKA ÞÁTT Í SAUÐBURÐI
Lífís
Lífís/Vátryggingafélag Íslands Ármúla 3 108 Reykjavík Þjónustuver 560 5000 www.lifis.is

**GENGIÐ 25.02.2008**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 66,47 | 66,79 |
| Sterlingspund | 130,58 | 131,22 |
| Evra | 98,41 | 98,97 |
| Dönsk króna | 13,197 | 13,275 |
| Norsk króna | 12,495 | 12,569 |
| Sænsk króna | 10,581 | 10,643 |
| Japanskt jen | 0,6165 | 0,6201 |
| SDR | 105,46 | 106,08 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

129,5118

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Deilt var um stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar á Alþingi í gær:

# Stjórnin sögð svíkja loforð

**STJÓRNMÁL** „Keppni álfyrirtækjanna um auðlindir landsins er í gangi og henni virðist ekki vera að ljúka í bráð,“ sagði Kolbrún Halldórsdóttir, þingkona Vinstri grænna, á Alþingi í gær. Hún sagði ríkisstjórnina halda stóriðjuáformum opnum og Samfylkingin væri augljóslega að svíkja kosningaloforð um fimm ára stóriðjustopp með því að sýna ekki skýran vilja til þess að hætta við álversáform í Helguvík og á Bakka við Húsavík.

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra mótmælti þessu og sagði ríkisstjórnina starfa eftir málefnasamningi þar sem skýrt kæmi fram að ekki yrði farið inn á ósnortin svæði vegna virkjana. Huld Aðalbjarnardóttir, varaþingkona Framsóknarflokksins, sagði að það ætti vera forgangsmál hjá ríkisstjórninni að vinna að uppbyggingu stóriðju við Húsavík. Þar væri slæmt atvinnuástand en kjöraðstæður til þess að koma upp álveri. „Orkan nötrar við dyrnar hjá íbúum Norðurþings,“ sagði Huld meðal annars.

Katrín Júlíusdóttir, Samfylkingunni, sagði ríkisstjórnina hafa „dregið náttúruverndarlínuna í sandinn“ og nú væri náttúran í algjörum forgangi. Kolbrún sagði þetta því miður ekki rétt þar sem Sjálfstæðisflokkurinn tæki alltaf upp „kústinn og þurrkaði línuna í burtu“. - mh



**KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR** Var harðorð og sagði Samfylkinguna svíkja kosningaloforð. Því mótmæltu þingmenn Samfylkingarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sakborningur í Pólstjörnumáli:

# Braut af sér en var ekki refsað

**DÓMSMÁL Guðbjarni Traustason hefur verið dæmdur fyrir að brjóta umferðarlög og lög um ávana- og fíkniefni og einnig fyrir nytjastuld. Guðbjarni var einn sakborninga í Pólstjörnumálinu svokallaða. Þar var hann dæmdur til sjö og hálfs árs fangelsisvistar.**

**Guðbjarna var ekki gerð refsing í málinu þar sem dómari mat það svo að brotin hefðu ekki orðið til refsiþyngingar í Pólstjörnudómnum. Hann var meðal annars ákærður fyrir að hafa haft um hálft gramm af kókaíni á sér og fyrir að reynsluaka bíl frá B&L án þess að skila honum.** - sþs

Forsætisráðherra í Benelux:

# Stíf dagskrá og fundahöld

**UTANRÍKISMÁL** Geir H. Haarde, forsætisráðherra fundar í hádeginu í dag með Jean-Claude Juncker, forsætisráðherra Lúxemborgar. Fram að fundinum ætlar Geir að kynna sér starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja í hertogadæminu.



**GEIR H. HAARDE**

Frá Lúxemborg fer forsætisráðherra svo til Belgíu þar sem hann mun síðar í dag og á morgun eiga fundi með Guy Verhofstadt, forsætisráðherra Belgíu og Jaap de Hoop Sheffer, framkvæmdastjóra Atlandshafsbandalagsins.

Þá mun Geir einnig eiga fundi með Jose Manuel Barosso, forseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, Javier Solana, fulltrúa ESB á sviði sameiginlegu utanríkis- og öryggismálastefnunnar, Betia Ferrero-Waldner, framkvæmdastjóra ESB á sviði utanríkismála og Olli Rehn, framkvæmdastjóra ESB á sviði stækkunarmála. - ovd

# Vill að áherslur Seðlabankans breytist tímabundið

**Svigrúm er innan laga um Seðlabankann til að taka meira tillit til stöðugleika á fjármálamarkaði og í efnahagslífinu á kostnað verðbólgu segir þingmaður Sjálfstæðisflokks. Samfylking og Framsókn telja ekki brýna þörf á breytingu á verðbólgumarkmiði bankans, en vilja skoða hvernig gengið hefur að fylgja þeim.**

**EFNAHAGSMÁL** Núverandi löggjöf skapar svigrúm fyrir Seðlabankann til að taka meira tillit til stöðugleika á fjármálamarkaði og í efnahagslífinu í heild, þótt það sé á kostnað verðbólgu og viðleitni bankans til að nálgast lögbundið verðbólgumarkmið.

Þetta fullyrðir Bjarni Benediktsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sem sæti á í efnahags- og skattanefnd.



**BJARNI BENEDIKTSSON**

„Það eru vísbendingar um það í efnahagslífinu að skynsamlegra kunni að vera að horfa til efnahagslegs stöðugleika og jafnvægis í fjármálalífinu umfram verðbólgumarkmiðið. Það er mikilvægt að hafa í huga að það er ekki sjálfgefið að þessi markmið þurfi að stangast á,“ segir Bjarni.

Þetta er hægt að gera án þess að breyta lögum, segir Bjarni. Hann bendir á að í lögum sé að meginmarkmið Seðlabankans sé að stuðla að stöðugu verðlagi, en bankinn eigi að stuðla að framgöngu markmiða ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, gangi það ekki gegn meginmarkmiðinu.

Annað hlutverk bankans sé að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, og í því hlutverki felist að gera það sem hægt sé til að lágmarka hættu á alvarlegum samdrætti í efnahagskerfinu.

„Ég tel að Seðlabankinn geti tímabundið breytt áherslum sínum án þess að lagabreyting verði gerð,“ segir Bjarni.

Pétur Blöndal, formaður efnahags- og skattanefndar, segir að fara verði varlega í breytingar á núverandi fyrirkomulagi. Mikilvægt sé að viðhalda stöðugleika og breyta ekki oft um kerfi.

Þó bendi ýmislegt til þess að Seðlabankinn sé kominn í ákveðnar ógöngur með vaxtastefnuna, einkum vegna hinna svokölluðu jöklabréfa.

Pétur útilokar ekki að efnahags- og skattanefnd taki málið upp og kanni árangur verðbólgumarkmiðsins. Það sé þó ef til vill frekar á verksviði viðskiptanefndar Alþingis.

Gunnar Svavarsson, þingmaður Samfylkingarinnar, sem einnig á sæti í efnahags- og skattanefnd, segist ekki þeirrar skoðunar að breyta markmiðum Seðlabankans. Þó megi vel vera að ástæða sé til að skoða markmiðin, en bankinn þurfi þó að hafa frumkvæði að slíku í samvinnu við stjórnvöld.

Magnús Stefánsson, sem sæti á í efnahags- og skattanefnd fyrir Framsóknarflokk, segir ekki ástæðu til þess að breyta markmiðum Seðlabankans. Trúlega sé þó ástæða til þess að efnahags- og skattanefnd meti árangur bankans í að fylgja markmiðunum frá því þau voru sett árið 2001. Í kjölfarið geti verið að ástæða þyki til að gera breytingar.

brjann@frettabladid.is



**MARKMIÐ** Verðbólgumarkmið Seðlabankans voru sett 2,5 prósent árið 2001. Tæplega fjögur ár eru síðan verðbólga var innan þeirra marka. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ók á hross á Oddavegi

Ekið var á hross á Oddavegi í Rangárþingi eystra á sunnudagskvöld. Enginn slasaðist, hvorki fólk í bílnum né hrossið. Bíllinn er hins vegar töluvert skemmdur eftir áreksturinn.

### Brotist inn í gróðurhús

Brotist var inn í gróðurhús í Laugarási í Árnessýslu um helgina og þaðan stolið ræktunarlömpum. Samkvæmt upplýsingum lögreglu er algengt að stolnir ræktunarlampar séu notaðir við marijúanaræktun.




Hópferðir

Hópadeild Iceland Express gerir hópum, 11 manns og fleiri, tilboð í allar gerðir hópferða til áfangastaða flugfélagsins.

Kynntu þér kostina í síma 5 500 600 eða á www.icelandexpress.is/hopar

Iceland Express
með ánægju

www.icelandexpress.is


## VEÐURSPÁ



**Elín Björk Jónsdóttir**
Veðurfræðingur

**LITLAR BREYTINGAR**
Éljagangurinn á Norðurlandi er þrálátur þessa dagana og heldur áfram í dag, það hlánar örlítið suðaustantil en annars staðar verður 1-5 stiga frost.





**Á MORGUN**
Hæg breytileg átt víðast hvar

**FIMMTUDAGUR**
Vestanátt 3-8 um allt land

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Billund | 7° |
| Ósló | 6° |
| Stokkhólmur | 6° |
| Gautaborg | 6° |
| London | 11° |
| París | 11° |
| Frankfurt | 13° |
| Friedrichshafen | 11° |
| Berlín | 13° |
| Alicante | 17° |
| Mallorca | 18° |
| Basel | 13° |
| Eindhoven | 10° |
| Las Palmas | 18° |
| New York | 7° |
| Orlando | 30° |
| San Francisco | 15° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# SUMIR NOTAÐIR BÍLAR ERU EINFALDLEGA Á BETRA VERÐI EN AÐRIR

## Núna bjóðum við 12 betri notaða bíla á sannkölluðum úrvalskjörum



**SÉRTILBOÐ: 1.220.000 kr.**

**Toyota Yaris**
1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 06.06 Ekinn: 49.000 km
Verð: 1.390.000 kr. Skr.nr. VB-008
**Tilboð: 1.220.000 kr.**



**SÉRTILBOÐ: 1.650.000 kr.**

**Toyota Corolla S/D Sol**
1600 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 05.06 Ekinn: 57.000 km
Verð: 1.880.000 kr. Skr.nr. NB-124
**Tilboð: 1.650.000 kr.**



**SÉRTILBOÐ: 1.050.000.kr.**

**Toyota Yaris**
1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 06.06 Ekinn: 31.000 km
Verð: 1.220.000 kr. Skr.nr. NB-973
**Tilboð: 1.050.000 kr.**



**SÉRTILBOÐ: 1.630.000 kr.**

**Toyota Corolla H/B Luna**
1600 Bensín 5 gíra
Á götuna: 12.06 Ekinn: 28.000 km
Verð: 1.770.000 kr. Skr.nr. SG-688
**Tilboð: 1.630.000 kr.**



**SÉRTILBOÐ: 1.320.000 kr.**

**Toyota Corolla W/G Sol**
1600 Bensín 5 gíra
Á götuna: 10.04 Ekinn: 57.000 km
Verð: 1.530.000 kr. Skr.nr. DM-056
**Tilboð: 1.320.000 kr.**



**SÉRTILBOÐ: 2.590.000 kr.**

**Toyota Land Cruiser 100 VX**
Sóllúga, dráttarbeisli
4700 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 12.01 Ekinn: 96.000 km
Verð: 3.290.000 kr. Skr.nr. PU-264
**Tilboð: 2.590.000 kr.**



**SÉRTILBOÐ: 1.330.000.kr.**

**Toyota Corolla W/G Terra**
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.06 Ekinn: 55.000 km
Verð: 1.580.000 kr. Skr.nr. JF-413
**Tilboð: 1.330.000 kr.**



**SÉRTILBOÐ: 1.290.000 kr.**

**Toyota Corolla S/D Terra**
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 07.06 Ekinn: 55.000 km
Verð: 1.470.000 kr. Skr.nr. OF-020
**Tilboð: 1.290.000 kr.**



**SÉRTILBOÐ: 2.190.000 kr.**

**Toyota Avensis Sol**
1800 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 06.06 Ekinn: 54.000 km
Verð: 2.380.000 kr. Skr.nr. OF-072
**Tilboð: 2.190.000 kr.**



**SÉRTILBOÐ: 1.090.000 kr.**

**Toyota Yaris**
1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 06.06 Ekinn: 59.000 km
Verð: 1.310.000 kr. Skr.nr. SR-413
**Tilboð: 1.090.000 kr.**



**SÉRTILBOÐ: 2.050.000.kr.**

**Toyota RAV4**
2000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 05.05 Ekinn: 74.000 km
Verð: 2.290.000 kr. Skr.nr. AS-161
**Tilboð: 2.050.000 kr.**



**SÉRTILBOÐ: 1.190.000 kr.**

**Toyota Aygo H/B**
1400 Dísel 5 gíra
Á götuna: 11.06 Ekinn: 27.000 km
Verð: 1.390.000 kr. Skr.nr. DK-519
**Tilboð: 1.190.000 kr.**

BNB-sölugreining

Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR **TOYOTA**

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 41293 02.2008

## KJÖRKASSINN



*Ert þú sáttur við niðurstöðu Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar um framtíð hans í borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokksins?*

| | |
|---|---|
| Já | 59,8% |
| Nei | 40,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Kaust þú í undankeppni Eurovision á laugardagskvöld?*

Segðu þína skoðun á visir.is

visir

Leit hætt að flugvél sem fór í sjóinn suðaustur af Hornafirði á fimmtudag:

# Ættingjar þakka fyrir hjálpina

**FLUGSLYS** Aðstandendur flugmanns vélarinnar sem hrapaði í sjóinn á fimmtudag þakka Landhelgisgæslunni fyrir góð viðbrögð. Skipulagðri leit var hætt á laugardag. Skipverjar sem eiga leið um leitarsvæðið hafa þó verið beðnir um að hafa augun hjá sér.

„Við höfum verið í tölvupóstsambandi við ýmsa aðila og allir hafa þeir þakkað okkur fyrir góð viðbrögð,“ segir Sigríður Ragna Sverrisdóttir, upplýsingafulltrúi Landhelgisgæslunnar. Hún segist ekki vita til þess að leit verði hafin á ný.

Flugvélin hvarf af ratsjá um hádegi á fimmtudag. Þá var hún stödd um 130 sjómílur suðaustur af Hornafirði. Talið er að ísing hafi ollið því að vélin fór í sjóinn. Hún er af tegundinni Piper Cherokee.

Þyrla og flugvél Landhelgisgæslunnar leituðu að vélinni auk breskrar Nimrod-vélar. Aðstæður voru mjög slæmar; mikill vindur og ölduhæð. Leitin hafði engan árangur borið á laugardag þegar henni var hætt.

Flugmaðurinn, Greg Frey, var á leiðinni frá Reykjavík til Wick í Skotlandi. Hann er 66 ára Bandaríkjamaður, búsettur í Flórída. - sþs



**TF-LÍF** Þyrla og flugvél Landhelgisgæslunnar leituðu að vélinni við slæmar aðstæður. Leitin hafði engan árangur borið þegar henni var hætt á laugardag. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Ríkisfangsbreytingar 2007:

# Færri sækja um ríkisborgararétt

**FÉLAGSMÁL** Færri einstaklingar fengu íslenskt ríkisfang á síðasta ári en þrjú ár þar á undan. Hefur fjölgunin verið jöfn og þétt. Metárið er 2006 þegar 844 fengu íslenskt ríkisfang.

Flestir sem fengu íslensk ríkisfang komu frá Evrópulöndum eða 369 einstaklingar. Þar næst er Asía en 173 einstaklingar sem koma þaðan fengu ríkisfang á árinu 2007. Líkt og fyrri ár eru flestir þeirra sem fengu íslenskt ríkisfang frá Póllandi en þeim fækkaði einnig. Voru þeir 222 árið 2006 en 162 árið 2007. Næst fjölennasti hópurinn, 69 manns var frá Filipseyjum. - ovd


Framboð í trúnaðarstöður

FRV

Samkvæmt 34. gr. laga Félags Rafeindavirkja skal fara fram kosning til trúnaðarstarfa fyrir félagið.

Framboðsfrestur skal vera minnst 14 sólarhirngar og skal tillögum skilað til kjörstjórnar innan þess tíma.

Með hliðsjón af framansögðu hefur framboðsfrestur verið ákveðinn til kl. 12 á hádegi 14.03.2008

Reykjavík 26. febrúar 2008

Stjórn Félags rafeindavirkja



Fræðslufundur um málefni fólks með

Alzheimerssjúkdóminn

Grand Hótel Reykjavík, fimmtudaginn 28. febrúar kl. 20:00. Opnar kl. 19:30.

Eru tímamót framundan með nýrri greiningu Alzheimerssjúkdómsins?

Dagskrá fundarins:
Ný greiningaraðferð á Alzheimerssjúkdómnum; Ásgeir Pétursson frá Mentis Cura* kynnir árangur nýrrar tækni fyrirtækisins.

**Allir velkomnir**

*Mentis Cura er íslenskt frumkvöðlafyrirtæki og hafa félagsmenn FAAS lagt sitt af mörkum við þróunarvinnu þess.
Kostir við áreiðanlega og tímanlega greiningu eru margir m.a. með tilliti til lyfjagjafar. Sjúklingur svarar lyfjagjöf betur ef hún á sér stað snemma á sjúkdómsferlinu og læknir er síður hikandi við að ávísa á lyf ef hann getur verið viss í sinni sök og sér hvernig sjúklingur svarar lyfjagjöf. Niðurstöður benda til að aðferðin geti t.d. greint áhrif Alzheimerslyfja á fólk með sjúkdóminn.

www.alzheimer.is

FAAS

Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga og annarra skyldra sjúkdóma


# Meirihluti vill sækja um aðild að ESB

**Rúmlega 55 prósent segjast vilja að sótt sé um aðild að Evrópusambandinu og hefur stuðningur við aðild ekki verið meiri. Tæplega 55 prósent segja að meiri ástæða séu fyrir umsókn nú en fyrir ári en sjö prósent segja ástæðuna minni.**

**SKOÐANAKÖNNUN** 55,1 prósent þjóðarinnar segist nú vilja að Ísland sæki um aðild að Evrópusambandinu, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Aldrei fyrr í könnunum blaðsins hefur stuðningur við aðildarumsókn verið meiri. Í september á síðasta ári sögðust 48,9 prósent vilja aðildarumsókn, og var þá ekki marktækur munur á milli þeirra sem vildu og vildu ekki sækja um. Í janúar á síðasta ári var stuðningur við aðildarumsókn 36,0 prósent en 34,3 prósent vildu að Ísland myndi sækja um í febrúar 2006. Stuðningur við umsókn hefur því farið verulega vaxandi á undanförnum tveimur árum.

Jafnframt var spurt hvort fólk teldi meiri, minni eða sömu ástæðu til að skoða aðild að ESB nú eins og fyrir ári. 54,7 prósent telja vera meiri ástæðu til að skoða aðild nú, 38,1 prósent telur sömu ástæður vera fyrir því að skoða aðild, en 7,3 prósent segja að ástæður séu minni nú til að skoða aðild.

Marktækt fleiri karlar segjast nú vilja að sótt sé um aðild, 56,3 prósent, en 43,7 prósent eru því andvíg. Frá því í september 2007 hefur stuðningur við aðildarumsókn meðal karla aukist um rúmar níu prósentur. Ekki er marktækur munur á afstöðu kvenna, en 53,8 prósent þeirra segjast vilja að sótt sé um aðild.

Þá eru marktækt fleiri íbúar á höfuðborgarsvæðinu sem segjast vilja að sótt sé um aðild. 57,1 prósent er því fylgjandi en 42,9 prósent eru því mótfallin. Ekki er marktækur munur á afstöðu þeirra sem búa utan höfuðborgarsvæðisins. 52,1 prósent segist fylgjandi umsókn, en 47,9 prósent eru því andvíg. Frá því í september 2007 hefur stuðningur við umsókn meðal íbúa á landsbyggðinni aukist um rúmar tíu prósentur.

Mun fleiri sjálfstæðismenn segjast nú vilja að Ísland sæki um aðild að ESB en í september og hefur stuðningur meðal flokksmanna aukist um tæpar tólf prósentur. Nú segjast 40,3 prósent sjálfstæðismanna vilja að Ísland sæki um aðild að ESB, en 59,7 prósent þeirra eru því mótfallin. Þá segjast rúm þrjátíu prósent kjósenda Framsóknarflokks vera fylgjandi umsókn, helmingur kjósenda Frjálslynda flokksins, 79,5 prósent samfylkingarfólks og 54,7 prósent vinstri grænna. 51,4 prósent þeirra sem ekki gefa upp hvaða flokk þeir kjósa segist nú vilja að Ísland sæki um aðild að ESB.

Hringt var í 800 manns á kosningaaldri laugardaginn 23. febrúar og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu. Spurt var: Á Ísland að sækja um aðild að Evrópusambandinu? og tóku 74,4 prósent afstöðu til spurningarinnar. Þá var spurt; Telur þú meiri, minni eða sömu ástæðu til að skoða aðild að Evrópusambandinu nú eins og fyrir ári síðan? og tóku 84,4 prósent afstöðu til spurningarinnar. svanborg@frettabladid.is

**Á ÍSLAND AÐ SÆKJA UM AÐILD AÐ ESB?**




Skv. skoðanakönnun Fréttablaðsins

**HAFA ÁSTÆÐUR FYRIR ÞVÍ AÐ SKOÐA AÐILD AÐ ESB BREYST Á SÍÐASTLIÐNU ÁRI?**




skv. skoðanakönnun Fréttablaðsins 23. febrúar 2008

Ellert B. Schram spurði dómsmálaráðherra út í aðgerðir gegn fjárhættuspili:

# Tekið verði tillit til pókersins

**ALÞINGI** Endurskoðun laga um happdrætti mun taka mið af því að samræma lagaumhverfi hér á landi við evrópska löggjöf.

Hvað spilið póker varðar mun endurskoðun á lögum og reglum varðandi fjárhættuspil taka mið af miklum áhuga á spilinu og leitast við að koma til móts við sívaxandi áhuga á póker. Þetta kom fram í svari Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra við fyrirspurn Ellerts B. Schram, þingmanns Samfylkingarinnar, á Alþingi í gær.

Páll Hreinsson hæstaréttardómari stýrir nefndarstarfi sem vinnur að endurskoðun laganna.

Ellert spurði hvað dómsmálayfirvöld ætluðu að aðhafast til þess að sporna við fjárhættuspili hér á landi, sem alltaf væri að aukast. „Fjárhættuspil eru bönnuð og aukin spilun þeirra eykur spilafíkn,“ sagði Ellert.

Hann byrjaði á því að vitna til þess að Birkir Jón Jónsson, þingmaður Framsóknarflokksins, hefði játað að hafa stundað fjárhættuspil. „Póker er auglýstur í sjónvarpinu og á netinu. Það eru einnig sýndir sérstakir sjónvarpsþættir þar sem jafnvel er sýnt nákvæmlega hvernig á að spila þetta fjárhættuspil,“ sagði Ellert.

Hann sagði fjárhættuspil ýta undir spilafíkn, sem væri alvarlegt samfélagsmein. - mh



**ELLERT B. SCHRAM** Vill að fjárhættuspil verði tekið föstum tökum.



**BJÖRN BJARNASON** Endurskoðun laga taki mið af miklum áhuga.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ISUZU D-MAX

ISUZU

# PALLBÍLL MEÐ HÚSI Á FRÁBÆRU VERÐI

## KOMDU OG REYNSLUAKTU SJÁLFSKIPTUM 3.0 LÍTRA DÍSIL ISUZU D-MAX

Nýr Isuzu D-Max er einn hagstæðasti og best útbúni farkostur sem völ er á. Ný aflmikil 3.0 lítra dísilvél með 3000 kg dráttargetu, aksturstölva, ABS-hemlakerfi, þokuljós, hraðastillir, útvarp og geislaspilari með 6 hátölurum, loftkæling og margt fleira. Nú fæst Isuzu D-Max með pallhúsi á frábæru verði.

**ISUZU D-MAX MEÐ HÚSI**

aðeins: **2.990.000 kr.** sjálfskiptur




| GERÐU SAMANBURÐ | Isuzu D-Max | Hilux |
|---|---|---|
| Vélarstærð | 3.0 l | 3.0 l |
| Hámarkstog (Nm/snm) | 360/1.800-3.600 | 343/1.400-3.400 |
| Dráttargeta (tengivagn m. hemlum) | 3.000 kg | 2.250 kg |
| Verð með sjálfskiptingu | 2.890.000 kr. | 3.455.000 kr. |

**35" BREYTTUR MEÐ HÚSI**

aðeins: **3.780.000 kr.** sjálfskiptur

ENNEMM / SÍA / NM32178



## Góð þjónusta á nýju verkstæði

Starfsfólk Ingvars Helgasonar ehf. hefur á undanförnum árum unnið stöðugt að því að bæta þjónustu við viðskiptavini sína. Nýlega opnaði þjónustudeildin eitt fullkomnasta og best búna þjónustuverkstæði landsins með yfir 30 vinnustöðvar. Á nýja þjónustuverkstæðinu starfar samheldinn hópur frábærra fagmanna sem hefur það að leiðarljósi að veita skjóta og góða þjónustu sem hentar mismunandi þörfum ört vaxandi hóps viðskiptavina.

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808

IH
INGVAR HELGASON

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvaða nafn ber dragnótabáturinn sem notaður verður í upptökum á kvikmyndinni Brim?*

2 *Hvað heitir nýkjörinn forseti Kúbu?*

3 *Hvað segir Sigurður Þorvaldsson, leikmaður Snæfells, að sé leyndarmálið á bak við stórleik sinn gegn Fjölni?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Mörg fyrirtæki eru bæði talin vinsælust og óvinsælust meðal landsmanna:

# Bónus vinsælasta fyrirtækið

**VIÐSKIPTI** Bónus er vinsælasta fyrirtækið á Íslandi sjötta árið í röð samkvæmt könnun í nýjasta hefti Frjálsrar verslunar. Voru svarendur beðnir um að nefna eitt til þrjú íslensk fyrirtæki sem þeir hafa jákvætt viðhorf til.

Á eftir Bónus koma bankarnir Landsbankinn, Glitnir og Kaupþing í þeirri röð, auk SPRON sem er í fimmta sætinu. Þá koma Hagkaup, Össur, Krónan, Síminn og Fjarðarkaup sem er í tíunda sæti. „Við erum þakklát fyrir þann stuðning sem okkur er sýndur og þetta hvetur okkur til að gera enn betur á þeirri leið sem við höfum alltaf verið á, að vinna að bættum hag neytenda," segir Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss.

Nokkur sömu fyrirtækin komast þó einnig á „botn tíu"-listann þegar svarendur eru beðnir um að nefna eitt til tvö fyrirtæki sem þeir hafa neikvætt viðhorf til. Kaupþing er það fyrirtæki sem flestir eru hvað



> ... þetta hvetur okkur til að gera enn betur á þeirri leið sem við höfum alltaf verið á, að vinna að bættum hag neytenda
>
> GUÐMUNDUR MARTEINSSON
> FRAMKVÆMDASTJÓRI

neikvæðastir gagnvart, þá Síminn, Glitnir, Bónus og Orkuveita Reykjavíkur. Hagkaup og Landsbankinn eru í sjötta og sjöunda sætinu. Olíufélögin og Shell eru saman í áttunda til níunda sæti og loks Baugur í því tíunda.

Könnunin var gerð 3.-5. febrúar og eru niðurstöður byggðar á 729 svörum. - ovd

Gegn stækkun Heathrow:

## Mótmæltu ofan á farþegaþotu

**BRETLAND, AP** Fjórir liðsmenn Grænfriðunga klifruðu upp á farþegaþotu á Heathrow-flugvelli við Lundúnir í gær þar sem þeir breiddu úr borða til að mótmæla loftslagsbreytingum.

Á borðanum stóð: „Neyðarástand í loftslagsmálum – Enga þriðju flugbraut." Samtökin berjast gegn stækkun Heathrow-flugvallar, sem er fjölfarnasti flugvöllur í Evrópu.

Flugvélin, sem var af gerðinni Boeing 777 og í eigu breska flugfélagsins British Airways, var nýlent eftir innanlandsflug frá Manchester. - sdg

HÁSKÓLI ÍSLANDS
Lagastofnun
Málstofa

Hvernig á að standa að skipun dómara?

Miðvikudaginn 27. febrúar kl. 12:15
Lögberg, stofa 101

Lúðvík Bergvinsson
Alþingismaður

Eiríkur Tómasson
Prófessor við lagadeild HÍ

Fundarstjóri:
Róbert R. Spanó
Prófessor við lagadeild HÍ

Allir velkomnir
Nánari upplýsingar á www.lagadeild.hi.is





# Seldu Baldur úr landi

**Fjármálaráðuneytið seldi ferjuna Baldur beint til fyrirtækisins Sæferða árið 2006, án þess að auglýsa hann til sölu fyrst. Verðið var 37,8 milljónir. Sæferðir seldu bátinn úr landi tveimur vikum síðar á um hundrað milljónir.**

**RÍKISFJÁRMÁL** Fjármálaráðuneytið seldi Sæferðum ehf. ferjuna Baldur fyrir 37,8 milljónir króna, 31. janúar 2006. Við söluna var ekki farið eftir þeirri meginreglu við sölu á ríkiseignum að auglýsa það sem á að selja.

Í endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2006 gengur Ríkisendurskoðun út frá því að um tveimur vikum síðar hafi skipið verið selt úr landi fyrir 10 milljónir norskar, eða tæpar 100 milljónir íslenskar. Skipið var svo afskráð úr skipaskrá 31. mars sama ár.

Samið var um að ríkið fengi þrjátíu prósent af nettó-söluvirði eða söluhagnaði Sæferða. Hagnaðurinn er metinn á rúmar 62 milljónir og Sæferðir áttu því að greiða 17,1 milljón til Vegagerðarinnar. Þessir peningar voru hins vegar geymdir í fimmtán mánuði, að því er virðist vaxtalaust. Fullnaðaruppgjör sölunar er dagsett í júní 2007. Hálf milljón var greiddd 1. júlí 2007 og afborganir af 16,5 milljónum hófust 1. ágúst sama ár. Vaxtagreiðslur miðast við uppgjörsdægur, ekki söludag.

„Við borguðum af því um leið og sá hluti samningsins var tilbúinn," segir Pétur Ágústsson, framkvæmdastjóri Sæferða. Pétur getur þó ekki rakið orsakir tafarinnar né hvort hún var ráðuneytinu eða Sæferðum að kenna.



**PÉTUR ÁGÚSTSSON** Framkvæmdastjóri Sæferða sem keypti Baldur. FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR SAFNI

Hann segir að söluverðið hafi ráðist af mati norrænna skipafræðinga en viðurkennir að það mat hafi verið komið til ára sinna.

Pétur sat í bæjarstjórn með Sturlu Böðvarssyni, þáverandi samgönguráðherra og æðsta yfirmanns Vegagerðarinnar, frá 1986 til 1991. Hann telur þó ekki ástæðu til að ætla að tengsl hans við ráðherra hafi haft áhrif á samningagerðina, eins og heimildarmenn Fréttablaðsins hafa haldið fram.

„Við bara þekkjumst og vorum í bæjarstjórn saman. Það geta liðið mánuðir eða ár án þess að ég heyri í honum," segir Pétur.

„Sæferðir hafa eignast þarna mikla peninga án mikillar fyrirhafnar," segir Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Frjálslyndra, en hann hefur beðið samgönguráðherra að skýra söluferlið á Alþingi, eftir fyrrgreinda umfjöllun ríkisendurskoðanda.

Fjármálaráðuneytið vill ekki segja hvers vegna Baldur var ekki auglýstur til sölu, heldur vísar til fyrirspurnar Kristins. Þingmaðurinn spurði hins vegar alls ekki um hvers vegna Baldur var ekki auglýstur. klemens@frettabladid.is

TRAUSTUR GRUNNUR
ÖFLUG ÞEKKING

Microsoft Dynamics NAV

Microsoft Dynamics NAV er traustur viðskipta- og bókhaldshugbúnaður sem hefur reynst fyrirtækjum afar vel hér á landi í mismunandi atvinnugreinum og sífellt fleiri fyrirtæki hafa innleitt Microsoft Dynamics NAV með góðum árangri.

Landsteinar Strengur hf. hefur áratuga reynslu af sölu, þjónustu og þróun viðskiptahugbúnaðar fyrir íslenskan markað. Fyrirtækið hefur verið í forystuhlutverki í hugbúnaðargerð, ráðgjöf og innleiðingu á Microsoft Dynamics NAV, áður betur þekkt undir heitinu Navision.

Hafðu samband við söluráðgjafa okkar og fáðu nánari upplýsingar.

LS LANDSTEINAR STRENGUR
Ármúla 7 · 108 Reykjavík · Sími 550 9000 · Fax 550 9010 · www.LS.is

VOTTUN HF ÍST ISO 9001
IPMA
Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

DAGSVERK.IS / LSNAV0815S



10%
endurgreiðsla

# 10% endurgreiðsla
## fyrir e-korthafa í dag!

10% endurgreiðsla af öllu eldsneyti fyrir e-korthafa hjá Shell í dag.



Fíton/SÍA F1024701

KAUPÞING Netbankinn spron

KORT
ekortin.is

VILDARKORT
ekortin.is



**JÓLABARN** Náttúrusögusafnið í París í Frakklandi birti nýlega mynd af lemúraunganum Kibongo sem fæddist á aðfangadag síðastliðinn í Vincennes-dýragarðinum í París. Innan við tuttugu dýr af þessari fágætu tegund má finna í evrópskum dýragörðum. NORDICPHOTOS/AFP

Landamæri Ísraels og Gaza hafa verið lokuð síðan í júní í fyrra:

# Mótmæltu lokun landamæra

**PAKISTAN, AP** Þúsundir Palestínumanna á Gaza-ströndinni mynduðu keðju sín á milli við landamærin að Ísrael til að mótmæla lokun Ísraela á landamærunum sem varð í kjölfar þess að Hamas-samtökin tóku völdin á Gaza í júní í fyrra. Hamas boðuðu til mótmælanna og stóðu vonir skipuleggjenda til að allt að 50.000 manns mynduðu fjörutíu kílómetra keðju frá Rafah til Beit Hanoun. Þátttaka var þó undir væntingum.

Ísraelskir hermenn og lögreglumenn í þúsunda tali stóðu vörð við landamæri vegna ótta við að fjöldamótmælin gætu snúist upp í átök og færst inn í Ísrael. Í síðasta mánuði sprengdu Hamas-liðar upp landamæri Gaza að Egyptalandi sem gerði hundruðum þúsunda Gazabúa kleift að streyma inn í Egyptaland til að birgja sig upp af nauðsynjavörum sem skortur er á á Gaza. Óttast var að mögulega yrði gripið til svipaðra aðgerða við landamærin að Ísrael í gær og voru settar upp eftirlitsstöðvar í suðurhluta Ísraels til að hamla för óbreyttra borgara að landamærunum. Nokkur svæði voru lýst lokuð hernaðarsvæði. - sdg



**PALESTÍNSKAR SKÓLASTÚLKUR** Gefið var frí frá kennslu svo nemendur og kennarar gætu mótmælt. NORDICPHOTOS/AFP

Ásta Þ. um mislæg gatnamót:

## Segir gagnrýni ósanngjarna

**SAMGÖNGUR** Mislæg gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar eru gerð með hagsmuni hverfisins og íbúa þess að leiðarljósi, segir Ásta Þorleifsdóttir, fulltrúi F-lista í umhverfis- og samgönguráði.

Gagnrýni á hana sem umhverfisverndarsinna, fyrir að styðja gerð gatnamótanna, sé ósanngjörn. Gatnamótin hafi tekið stakkaskiptum frá fyrstu útgáfu, dragi úr hávaða- og loftmengun og losi um landrými. „Ég myndi gjarnan vilja leggja allar stofnbrautirnar ofan í jörðina, eftir því sem auðið er,“ segir Ásta. - kóþ




# Vilja óháða rannsókn

**Sjálfstæðismenn í Árborg vilja óháða athugun á þjónustugjöldum. Íbúi, sem kvartar undan háum fasteignagjöldum, segir þau ekki eiga að standa undir framkvæmdum. Misskilningur um eðli þjónustugjalda, svarar bæjarritarinn.**

**SVEITARSTJÓRNIR** „Við sjálfstæðismenn munum á næstunni óska eftir mati óháðs endurskoðanda á þjónustugjöldunum – ekki síst fasteignagjöldunum sem eru afar há,“ segir Eyþór Arnalds, bæjarfulltrúi í Árborg.

Jósef Ásmundsson, íbúi við Kjarrhóla á Selfossi, sagðist í Fréttablaðinu á miðvikudag vera afar ósáttur við að greiða meira en áttatíu prósent hærri fasteignagjöld en gert væri af jafndýrri eign í Reykjavík. Hann borgar tæplega 270 þúsund krónur af þrjátíu milljóna króna húsi. Gjöld af jafn dýru íbúðarhúsnæði í Reykjavík eru tæpar 150 þúsund krónur.

Jósef segist ósáttur við skýringar sem Ásta Stefánsdóttir bæjarritari gaf í Fréttablaðinu um mikinn kostnað sveitarfélagsins af framkvæmdum, til dæmis við fráveitukerfi.

„Fasteignagjöldin skiptast í fasteignaskatt, lóðarleigu, vatnsskatt og fráveitugjöld. Þetta eru allt saman þjónustugjöld og fyrir þau á fólk að fá þjónustu og þau má auðvitað ekki nota til að fjármagna uppbyggingu í bænum og endurnýjun á lögnum,“ segir Jósef.

Að sögn Eyþórs vilja sjálfstæðismenn einmitt láta kanna það sem Jósef nefnir með skoðun óháðs aðila. „Þjónustugjöld eiga ekki og mega ekki fara í neitt annað en þjónustu og við viljum bara vera viss um að svo sé í Árborg,“ segir hann.

Jón Hjartarson, bæjarfulltrúi Vinstri grænna og forseti bæjarstjórnar, segir ákveðna hámarksprósentu fasteignaskatts vera bundna í lögum og að Árborg sé töluvert undir henni. Þá nefnir hann að fráveitugjald dugi ekki fyrir kostnaði. „Við náum ekki ennþá að láta gjöldin dekka kostnaðinn við holræsin þannig að þau gjöld eru áreiðanlega ekki notuð í annað,“ segir hann.

Ásta Stefánsdóttir bæjarritari segir að í þessu tilliti þurfi að bera saman sveitarfélög af sömu stærðargráðu. Hún segir miklar framkvæmdir kalla á að lagðar séu lagnir. „Þar fellur til stofnkostnaður, sem gjöldunum er ætlað að standa straum af. Það gætir því einhvers misskilnings hjá Jósef um eðli þjónustugjalda, ég átta mig hreinlega ekki á því hvaða þjónustu hann telur að þau eigi að dekka,“ segir Ásta.

Meirihluti Samfylkingar, Vinstri grænna og Framsóknarflokks samþykkti í janúar að lækka fasteignaskatt um átta prósent í kjölfar tólf prósenta hækkunar á fasteignamati. Sjálfstæðismenn höfðu lagt til tíu prósenta lækkun. gar@frettabladid.is



**EYÞÓR ARNALDS** Oddviti sjálfstæðismanna í bæjarstjórn Árborgar.



**JÓSEF ÁSMUNDSSON** Íbúi í Kjarrhólum á Selfossi.



**JÓN HJARTARSON** Forseti bæjarstjórnar.





# Fermingartilboð

## Toshiba Satellite Pro A200-1UW

| | |
|---|---|
| Örgjörvi: | Intel Core 2 Duo T5250 / 1.5 GHz |
| Vinnsluminni: | 2048MB 667MHz DDR2 |
| Skjár: | 15,4" TrueBrite WXGA 1280 x 800 |
| Harður diskur: | 160GB, S.M.A.R.T |
| Skrifari: | 8x DVD±RW Super Multi |
| Kortalesari: | 6 in 1 |
| Vefmyndavél: | 1,3 Mp |
| Stýrikerfi: | Windows Home Premium |

**89.900 kr.**

# Taktu flugið til Evrópu með A4

**Verður þú einn af heppnum vinningshöfum?**

Allir sem kaupa Toshiba fartölvur eða Samsonite töskur í verslunum okkar fara í pott og verða fjórir heppnir dregnir út 31. mars 2008. Nöfn vinningshafa verða birt á heimasíðu okkar www.a4.is.

**1. vinningur**

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS

Ferð fyrir tvo til eins af áfangastöðum Icelandair í Evrópu*

| | |
|---|---|
| Amsterdam | London |
| Barcelona | Madrid |
| Bergen | Manchester |
| Berlín | Mílanó |
| Frankfurt | München |
| Gautaborg | Osló |
| Glasgow | París |
| Helsinki | Salzburg |
| Kaupmannahöfn | Stokkhólmur |

*Fram og til baka án flugvallaskatta

**2. vinningur**

Samsonite
Ferðataska



**3. vinningur**

hp invent
DeskJet 4180 fjölnotatæki



**4. vinningur**

TOSHIBA
500GB flakkari



*Tilboðin gilda til 31. mars 2008

Borgartúni 29 + Höfðabakka 3
Smiðjuvegi 5 + Dalvegi 18
Ögurhvarfi 2 + Iðuhúsinu
Glerárgötu 34 Akureyri
Aðalstræti 27 Ísafirði

A4


SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐIÐ

Gengið gegn slysum

Við óskum BAS-hópnum, hjúkrunarfræðingunum
Bríeti Birgisdóttur, Önnu I. Arnarsdóttur og Soffíu Eiríksdóttur,
til hamingju með tilnefningu til samfélagsverðlauna Fréttablaðsins
fyrir frumkvæði að, undirbúningi og framkvæmd verkefnisins
„Gengið gegn slysum".

FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA
Þegar mest á reynir
www.hjukrun.is

512 50 50 Auglýsingasími – Mest lesið




**TÍMAMÓT** Forsíður kýpur-grískra dagblaða með fréttum af sigri Christofiasar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Vonir glæðast um sameiningu

**Við kjör Dimitris Christofias til forseta Kýpur hafa vonir glæðst um að takast megi að ná samningum um endursameiningu eyjarinnar.**

**KÝPUR, AP** Endir kann að verða bundinn á áratuga langa skiptingu Kýpur fyrir lok þessa árs. Þessu lýsti leiðtogi Kýpur-Tyrkja yfir í gær, daginn eftir að Kýpur-Grikkir kusu sér nýjan forseta.

Sigurvegari forsetakosninganna, Dimitris Christofias, hafði heitið því í kosningabaráttunni að taka snarlega til við að endurvekja umleitanir um endursameiningu eyjarinnar.

„Ég tel að það kæmi ekki á óvart að okkur tækist að leysa málið fyrir lok þessa árs," tjáði Mehmet Ali Talat fréttamönnum, en hann er forseti lýðveldis Kýpur-Tyrkja sem einvörðungu er viðurkennt af Tyrklandi. „Kýpur-Grikkir kusu breytingar. Þeir kusu mann sem getur gert þessar breytingar að veruleika," sagði Talat. Christofias hefur þegar heitið því að eiga fund með Talat, en enn hefur ekki verið ákveðið hvenær.

Ef samningar skyldu takast um endursameiningu Kýpur, sem hefur verið klofin frá því árið 1974, yrði einum stórum ásteytingarsteininum í vegi fyrir inngöngu Tyrklands í Evrópusambandið rutt úr vegi. Klofningur Kýpur er enn fremur sífellt uppspretta núnings milli NATO-bandamannanna Grikklands og Tyrklands.

Viðræður um endursameiningu hafa legið niðri síðan Kýpur-Grikkir höfnuðu málamiðlunartillögu Sameinuðu þjóðanna þar að lútandi í þjóðaratkvæðagreiðslu vorið 2004, en það sama vor fékk hið alþjóðlega viðurkennda lýðveldi Kýpur-Grikkja inngöngu í Evrópusambandið.

Kjör Christofiasar hefur vakið vonir um að nú sé tími sögulegra sætta að renna upp. Christofias vann síðari umferð forsetakosninganna á sunnudag eftir að Tassos Papandopoulos forseti heltist óvænt úr lestinni í fyrri umferð kosninganna viku fyrr. Papandopoulos fylgdi mjög óbilgjarnri stefnu í endursameiningarmálum. Christofias, sem var frambjóðandi Kommúnistaflokks Kýpur-Grikkja, fékk rétt rúmlega 53 prósent atkvæða í síðari umferðinni og sigraði þar með Ioannis Kasoulides, utanríkisráðherra og frambjóðanda íhaldsmanna. Þeir höfðu reyndar báðir heitið því að endurræsa sameiningarviðræður.

audunn@frettabladid.is



ÞAÐ ER ÁVÍSUN
Á ÁNÆGJU
AÐ VERA Í STOFNI

Árleg endurgreiðsla er aðeins einn af fjölmörgum kostum þess að vera í Stofni. Má þar nefna afslátt af tryggingum og barnabílstólum, ókeypis flutningstryggingu, bílaleigubíl vegna kaskótjóns ásamt nýjasta þjónustuliðnum: Vegavernd Sjóvá.
Farðu á sjova.is eða hringdu í síma 440 2000 og kynntu þér kosti þess að vera í Stofni. Vertu viss um að njóta góðrar þjónustu.

ENDURGREIÐSLA – ENN EINN KOSTUR ÞESS AÐ VERA Í STOFNI

SJÓVÁ STOFN

GOTT FÓLK




## Tölvu- og bókhaldsnám *198 stundir. Verð: 159.000.-*

Í þessu námi er megináherslan lögð á hagnýta tölvunotkun og bókhald. Markmiðið með náminu er að undirbúa nemendur fyrir störf á skrifstofu og byggir námið sérlega góðan grunn fyrir þá sem vilja vinna sem bókarar. Helstu námsgreinar eru:

*Bókhald (36 stundir) - Tölvubókhald - Navision (54 stundir)*
*Verslunarreikningur (24 stundir) - Tímastjórnun (6 stundir)*
*Windows stýrikerfið og Internetið (12 stundir)*
*Word ritvinnsla (24 stundir) - Excel töflureiknir (24 stundir)*
*PowerPoint (12 stundir) - Office 2007 (6 stundir)*

**Morgunnámskeið:** Byrjar 25. mars og lýkur 26. maí.

**Kvöld- og helgarnámskeið:** Byrjar 4. mars og lýkur 29. maí.

## Photoshop EXPERT *72 stundir. Verð: 106.000.-*

Við hjá NTV fullyrðum að þetta sé námskeið sem uppfylli kröfur þeirra sem reynslu hafa í Photoshop. Kennt er á forritið með það að leiðarljósi að það nýtist fólki í starfi. Námið hentar því þeim sem hafa einhvern grunn en vilja fá dýpri þekkingu og meiri skilning á nær óendanlegum möguleikum þessa vinsæla verkfæris.

**Kvöldnámskeið:** Byrjar 21. apríl og lýkur 29. maí.

## Photoshop grunnnám *30 stundir. Verð: 31.000.-*

Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist grundvallarþekkingu á myndvinnsluforritinu Photoshop þannig að þeir séu færir um að lesa inn og vinna með stafrænar ljósmyndir.

**Morgunnámskeið:** Byrjar 3. apríl og lýkur 17. apríl.

## Kerfisstjórinn *180 stundir. Verð: 233.000.-*

**Fyrri hluti - Tölvuviðgerðir:** Nemendur læra að uppfæra, bilanagreina og gera við tölvubúnað. Kennslan fer fram í nýrri, fullkominni tölvuviðgerðarstofu NTV.

**Seinni hluti - MCP – XP netumsjón:** Nemendur öðlast færni og kunnáttu til að setja upp og hafa umsjón með tölvum sem keyra á Windows XP stýrikerfinu, öðlast víðtækan skilning á netkerfum og verða færir í að leysa vandamál sem að þeim snúa.

**Kvöld- og helgarnámskeið:** Byrjar 10. mars. og lýkur 26. maí.

## Navision viðbótarnám *Verð: 31.000.- pr. námskeið*

Námskeið fyrir þá sem reynslu hafa í tölvubókhaldi en vilja bæta við sig reynslu og þekkingu. Hvert námskeið er 24 stundir og hægt er að velja milli morgun- eða kvöldnámskeiða.

**Launabókhald:** Byrjar 28. apríl og lýkur 7. maí.

**Sölu- og viðskiptamannakerfi:** Byrjar 14. apr. og lýkur 23. apr.

**Fjárhagsbókhald frh.:** Byrjar 14. maí og lýkur 26. maí.

**Birgða- og tollakerfi:** Byrjar 6. maí og lýkur 15. maí.

## Almennt tölvunám *78 stundir. Verð: 69.000.-*

Eins og heiti námskeiðsins gefur til kynna þá er hér kennt á algengustu forritin (MS Office) og þá aðferðafræði, sem nauðsynlegt er að kunna skil á, til að vinna við tölvu. Í lok námskeiðsins gefst nemendum tækifæri á að öðlast alþjóðlegt “Tölvuökuskírteini” – European Computer Driving License (ECDL)

**Kvöld- og helgarnámskeið:** Byrjar 7. apríl. og lýkur 5. maí.

**UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 544 4500 OG Á NTV.IS**

ntv

**NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN** – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI : HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS



**TROÐIST UM BORÐ** Tillitslausir lestarfarþegar eru nýjasta viðfangsefni herferðar yfirvalda í Peking við að „siða til“ íbúa fyrir ólympíuleikana í sumar. Hefur 22. hvers mánaðar verið skilgreindur „dagur til að gefa eftir sæti“ þar sem fólk er hvatt til að standa upp í lestum fyrir þeim sem þurfa sætið frekar, á borð við óléttar konur og aldraða. NORDICPHOTOS/AFP

Iceland on the edge-hátíðin hefst formlega í Belgíu í dag:

# Íslensk menningarveisla hafin í Brussel

**UTANRÍKISMÁL** Viðamikil Íslandshátíð undir yfirskriftinni Iceland on the edge hefst í Brussel í dag. Er hún í samstarfi við Bozar, lista- og menningarmiðstöðina í Brussel og stendur hátíðin fram undir miðjan júní.

Meðal viðburða sem boðið verður upp á má nefna íslenska samtímamyndlist með verkum 15 framsækinna íslenskra listamanna, fossaverkefni Rúríar og verk Kjarvals, Kristjáns Davíðssonar og Georgs Guðna.

Munu listunnendur einnig geta notið danssýningar Ernu Ómarsdóttur og félaga auk uppfærslu Baltasars Kormáks á Pétri Gaut. Kvikmyndirnar 101 Reykjavík, Mýrin og Hafið verða sýndar. Þá munu rithöfundarnir Auður Jónsdóttir og Hallgrímur Helgason taka þátt í bókmenntakvöldi tileinkuðu Halldóri Laxness og verður það í umsjón Halldórs Guðmundssonar.

Sýnd verða íslensk drykkjarhorn í eigu Þjóðminjasafns Íslandss. Í lok maí verður blásið til kvikmyndahátíðar auk þess sem haldinn verður fjöldi tónleika, bæði klassískra og popptónleika.

Landsbankinn er máttarstólpi hátíðarinnar í samstarfi við Icelandair og Icelandair Cargo. Er hátíðin haldin að frumkvæði sendiráðs Íslands í Brussel en að auki koma að verkefninu fjögur ráðuneyti, Reykjavíkurborg, Ferðamálastofa og Útflutningsráð. - ovd



**GRAND PLACE Í BRUSSEL** Hátíðin er jafnt ætluð Belgum sem og starfsmönnum erlendra ríkja og fyrirtækja í Brussel.




Hreinsaður af spillingarákæru:

## Nýr forseti í Suður-Kóreu

**SUÐUR-KÓREA, AP** Nýr forseti Suður-Kóreu, Lee Myung-bak, var í gær svarinn í embætti. Hét hann því að auka hagsæld, ekki aðeins í Suður-Kóreu heldur einnig í Norður-Kóreu að því tilskildu að stjórnvöld þar losi sig við kjarnorkuvopn.



**LEE MYUNG-BAK**

Lee vann stórsigur í kosningunum í desember þar sem hann lofaði að blása lífi í efnahaginn og taka harðari afstöðu gagnvart kjarnorkuvæðingu Norður-Kóreu.

Í síðustu viku var Lee hreinsaður af ásökunum um fjármálamisferli frá 2001 sem fyrrverandi viðskiptafélagi hans er nú fyrir rétti vegna. - sdg

Innan við þriðjungur af lykilstjórnendum upplýsingafyrirtækja er konur:

# Dýrðarljómi um starf tölvukarla

**UPPLÝSINGATÆKNI** Staða og skipting kynjanna er mjög ójöfn í upplýsingatæknifyrirtækjum. Þannig sýnir ný könnun, sem gerð var á vegum Samtaka iðnaðarins, að konur eru innan við þriðjungur af lykilstjórnendum upplýsingatæknifyrirtækja innan samtakanna. Sama gildir um kynjahlutfallið meðal æðstu stjórnenda. Konur eru aðeins fjórðungur þeirra starfsmanna sem eru í hálfu til fullu starfi.

Í könnuninni kemur jafnframt í ljós að einyrkjafyrirtæki innan Samtaka iðnaðarins eru frekar mönnuð konum en körlum. Í litlum fyrirtækjum starfa hlutfallslega fleiri konur og því stærra sem fyrirtækið er þeim mun lægra er hlutfall kvenna. Hlutfallslega fleiri karlar eru lykilstarfsmenn eða yfirmenn og vex kynjaskiptingin körlum í hag eftir því sem fyrirtækin verða stærri. Í stjórn eru fleiri karlar en konur.

Gyða Margrét Pétursdóttir, félags- og kynjafræðingur, segir að sífellt fleiri konur mennti sig til starfa innan upplýsingaiðnaðarins, en konur í upplýsingatækni reki sig á veggi. Athyglisvert sé að skoða hvers vegna karlar og konur með sömu eða sambærilega menntun séu í mismunandi störfum. „Lengi hefur því verið haldið fram að aukin menntun kvenna skili þeim sjálfkrafa sama framgangi innan atvinnulífsins og tekjum og körlum, en það er ekki endilega samband þarna á milli. Menntun verður ekki sjálfvirk forsenda frama,“ segir hún.

Konur í upplýsingatækni lenda frekar í störfum sem eru í takt við staðalímyndir og hefðbundið hlutverk kvenna, til dæmis í þjónustustörfum og þjónustuveri þó að þær hafi sótt um starf forritara í upphafi. „Svo virðist sem konur séu í störfum sem krefjast nákvæmni og þrautseigju en ekki í meira metnum störfum sem krefjast sköpunarkrafts og snilligáfu,“ segir hún.

„Tækniþekking virðist oft vera spyrt saman við karlmennsku og lítið pláss vera fyrir konur, enda mikið um lárétta verkaskiptingu. Karlarnir forrita og þróa hugbúnað meðan konurnar þjónusta hugbúnaðinn. Þær fara oft á milli staða og aðstoða viðskiptavini við að setja upp forrit af því að þær búa yfir mikilli tækniþekkingu en þrátt fyrir þekkingu þeirra og reynslu njóta störf karlanna meiri virðingar. Starf karlanna er sveipað dýrðarljóma. Þeir finna lausnir á viðfangsefnum meðan konurnar eru í þjónustuhlutverki.“ - ghs



**EKKI ENDILEGA SAMBAND** Gyða Margrét Pétursdóttir, félags- og kynjafræðingur, segir að margar konur sem ráði sig í störf innan upplýsingaiðnaðarins reki sig á veggi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Frakki fékk fyrir brjóstið:

# Lent með veikan farþega

**LÖGREGLUMÁL** Flugvél lenti með veikan farþega á Keflavíkurflugvelli á sunnudagsmorgun. Farþeginn, sem er franskur karlmaður, fékk fyrir brjóstið í miðju flugi. Hann var fluttur með sjúkrabíl á Landspítalann í Reykjavík. Talið var að hann hefði fengið hjartakast. Svo reyndist ekki vera.

Flugvélin var á leið frá Frankfurt í Þýskalandi til Chicago í Bandaríkjunum. Maðurinn var útskrifaður af Landspítalanum í gær. Hann hélt til síns heima, en hann býr í Texas í Bandaríkjunum.

- sþs

Bráðabirgðaviðgerð á þaki Austurbæjarskóla hefur ekki haldið í vatnsveðrum:

# Vatnsleki í kennslustofum truflar kennslu

**HAMFARIR** Nokkurra vatnsskemmda hefur orðið vart í Austurbæjarskóla eftir að koparklætt þak fauk af húsinu í óveðri um miðjan desember. Segir Guðmundur Sighvatsson skólastóri að bráðabirgðaviðgerð hafi verið gerð á þakinu. „Síðan hefur sú lokun ekki gengið eftir eins og menn óskuðu," segir Guðmundur því nokkur leki hafi verið af og til síðan.

Meðal annars komst vatn í bókageymslu í risi og í stofur þar fyrir neðan. Guðmundur segir að skemmdir hafi ekki verið metnar. „En það þarf að taka þakið upp að stórum hluta og setja nýtt, reikna ég með." Telur hann að menn hafi ekki gert sér grein fyrir hversu slæmt ástandið er.

„Svo veit maður ekki með skemmdir í veggjum þar sem lekið hefur milli hæða." Tvær til þrjár kennslustofur hafa skemmst en þar er einkum ein sem er verst farin að sögn Guðmundar.

„Kannski má segja að þetta hafi truflað kennslu eitthvað því það hefur þurft að byrja kennslu á að ausa vatni upp af gólfinu í byrjun dags." Einnig hafi orðið vart við vonda lykt sem komi til vegna rakans.

„Það verður farið í þetta í sumar ef viðrar til en þeir hafa ekki gefið mér neinar tímasetningar," segir Guðmundur um endanlegar viðgerðir. Segir hann menn hafa komið í síðustu viku og gert betrumbætur á bráðabirgðaviðgerðinni. Síðan hafi þakið ekki lekið en reyndar hafi ekki mikið reynt á það þar sem veður hafi verið með þeim hætti. - ovd



**FRÁ AUSTURBÆJARSKÓLA** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

TDI®
ÖFLUG EN HLJÓÐLÁT DÍSILVÉL
4MOTION®
EINSTAKUR 4X4 DRIFBÚNAÐUR
EYÐIR AÐEINS FRÁ 6,7 l/100 KM
$CO_2$
ÚTBLÁSTUR AÐEINS 177 G/KM
KOLEFNISJAFNAÐUR Í EITT ÁR
DÚXAÐI Á EURO NCAP PRÓFINU
5 SINNUM GULLNA STÝRIÐ
SVEIGJANLEGIR SÖLUMENN

us sem drífur þig áfram.

**Passat Variant sameinar kraft, þægindi og magnaða akstursupplifun.**

Í fjórhjóladrifinni útfærslu færir Passat Variant með TDI® dísilvél þér kraftinn sem gerir allan akstur skemmtilegri og gerir gæfumuninn í erfiðri færð. Innra rýmið í Passat er í algjörum sérflokki, vel búið farþegarýmið setur ný viðmið fyrir þig og þína. Komdu og láttu lúxusinn drífa þig áfram.

**Passat Variant 4MOTION® TDI® kostar aðeins frá**
**3.590.000 kr.**
Eða **41.600 kr. á mánuði** miðað við gengistryggðan bílasamning til 84 mánaða og 20% útborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 6,4%.

**Veglegur aukahlutapakki að verðmæti 270.000 kr. fylgir**
Fjarlægðarskynjarar að framan og aftan, 16" álfelgur, hiti í sætum, dökkar afturrúður, krómbogar á þaki, leður á stýri og gírstangarhnúð.

Das Auto.

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA

Áhrif orkugjafa á líf kvenna:

# Þórunn tekur við formennsku

**UMHVERFISMÁL** Á fundi samtaka kvenkyns leiðtoga í umhverfismálum, sem haldinn var í Mónakó á fimmtudaginn, tóku Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra og Rejoice Mabudafhasi,aðstoðarumhverfisráðherra Suður-Afríku, sameiginlega við formennsku í samtökunum.

Á fundinum var meðal annars rætt um hvernig fjármögnun aðgerða í loftslagsmálum getur komið konum í þróunarlöndum til góða. Tengist það því að ákvarðanir um orkugjafa fyrir heimili hafa mikil áhrif á líf og heilsu kvenna þar sem þær sjá þar um flest störfin.

Í ræðu sinni fjallaði Þórunn um kjarnorku sem hún sagði ekki vænlega lausn í baráttu við loftslagsbreytingar. - ovd

Rannsóknaraðferðir á dýrum gagnrýndar í Noregi:

# Ótal dýr drepast árlega

**NOREGUR** Ný lög um dýravernd hafa verið harðlega gagnrýnd í Noregi. Þar er hvergi kveðið á um meðferð villtra dýra sem drepast mörg hver árlega vegna rannsóknaraðferða. Þetta kemur fram í norska dagblaðinu Aftenposten um helgina.
Þar segir Geir Skillebæk sérfræðingur ný dýraverndunarlög hvergi kveða á um meðferð villtra dýra. Auk þess gagnrýnir hann áform stjórnvalda um frekari merkingar á villtum dýrum vegna eftirlits.
Skillebæk segir mörg dæmi þess að villt dýr á borð við úlfa, birni, refi, gaupur og jarfa bæði líði fyrir og drepist árlega vegna rannsóknaraðferða. Þar nefnir hann ígræðslur sem sýking hlaupi í og hálsbönd sem kyrki dýrin. Forsvarsmenn dýraverndunarsamtaka í Noregi taka undir þessar gagnrýnisraddir. Einnig kemur fram að dýrin búi við svipaðar aðstæður í Svíþjóð.
Yfirvöld í Noregi segja langa hefð fyrir rannsóknaraðferðunum og segja fá dýr líða sökum þeirra. - rh



**NÝ DÝRAVERNDUNARLÖG** Árlega drepst fjöldi villtra dýra vegna rannsóknaraðferða í Noregi og Svíþjóð.

Athugasemdir við tillögur:

# Spöngin áfram þjónustusvæði

**SKIPULAGSMÁL** Hverfisráð Grafarvogs gerir athugasemd við fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi við Spöngina 3-5 í Grafarvogi þar sem atvinnu- og þjónustusvæði er breytt í íbúðasvæði.

Telur hverfisráðið að með þessu séu þróunarmöguleikar Spangarinnar sem verslunar- og þjónustukjarna fyrir Grafarvogsbúa takmarkaðir.

Kemur þetta fram í ályktun sem hverfisráðs Grafarvogs samþykkti fyrir helgi. Í ályktuninni ítrekar ráðið fyrri athugasemdir sínar frá 30. ágúst í fyrra. Enn fremur segir að sé þörf fyrir þéttingu byggðar beri að horfa til annarra svæða en þess sem eitt getur þjónað öllum íbúum sem miðsvæði.

- ovd

## „ORÐRÉTT“

### *Ekki spilltur, bara jolly*

**„Nei nei, hann er bara svona jolly good. Það er engin spilling í þessu hjá honum.“**

ELLERT B. SCHRAM ÞINGMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR UM INNRÆTI VILHJÁLMS Þ. VILHJÁLMSSONAR ODDVITA SJÁLFSTÆÐISMANNA

**Visir.is mánudag 25. febrúar.**

### *Engir sterar í Ho ho ho*

**„Ég hef aldrei notað einhver ólögleg efni til að ná meiri árangri en verð hins vegar að útskýra slíkar glósur fyrir fjölskyldunni minni.“**

HLYNUR ÁSKELSSON, BETUR ÞEKKTUR SEM CERES 4, EFTIR KEPPNI Í UNDANÚRSLITUM EVRÓVISJÓN ÞAR SEM HÁÐSGLÓSUR GENGU Á MILLI KEPPANDA.

**Fréttablaðið mánudag 25. febrúar.**

# tilveran

*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** SIGURPÁLL GEIR SVEINSSON GOLFARI

## *Á leið til Spánar og Tyrklands í golf*

„Ég er byrjaður að einbeita mér aftur að æfingum eftir langa vinnutörn í vetur, enda byrjar keppnistímabilið í apríl,“ segir Sigurpáll Geir Sveinsson golfari. „Ég hef verið að safna styrktaraðilum og vonast til að geta einbeitt mér hundrað prósent að golfinu í sumar.“

Sigurpáll gerðist atvinnumaður í golfi árið 2003. Hann hefur þrisvar orðið íslandsmeistari karla, og unnið titilinn þrisvar sinnum í sveitakeppni.

„Samhliða vinnunni hef ég verið að æfa mig í æfingasvæði Keilis í Hraunkoti, Básum, Sporthúsinu og þessum stöðum. Þegar maður er í 110 til 120 prósenta vinnu er takmarkaður tími til að æfa, en maður reynir að nýta hvert tækifæri sem gefst,“ segir hann.

Aðspurður við hvað hann sé að vinna segist Sigurpáll vera sjálfstæður verktaki í hinu og þessu, meðal annars smíði og golfkennslu. Hann sé þó hættur smíðunum í bili og ætli sér að draga úr golfkennslunni. „Það gengur ekki að vera að kenna golf og reyna að vera eitthvað góður sjálfur á sama tíma. Maður er bara of þreyttur eftir sex til sjö tíma golfkennslu til að geta æft sig almennilega.“ Hann segir æfingaaðstöðu sína munu stórbatna eftir tæpan mánuð, en þá fer hann sem fararstjóri í golfferðir Úrvals Útsýnar til Spánar og Tyrklands. „Þetta hentar mjög vel til að koma manni í gang, vinna hálfan daginn sem fararstjóri og nota svo hinn helminginn til að æfa sig við toppaðstæður.“



## ÆTIHVÖNN:
### MERK LÆKNINGAJURT



■ Ætihvönn er ein merkasta lækningajurt Íslandssögunnar og er hún öll nýtileg; rætur, blaðstilkar, lauf og fræ. Helstu áhrifin eru á meltingarfæri þar sem hún örvar meltingu og eyðir spennu. Hvönnin er einnig notuð gegn kvillum í lifur og talin mjög góð til að losa slím úr öndunarfærum og gegn öðrum lungnakvillum. Algengast er að búa til te og seyði úr hvönn. Hefur hún einnig verið notuð sem bragðefni og krydd. Þá hafa rannsóknir Raunvísindastofnunar sýnt að í ætihvönn eru efni sem verka á bakteríur, veirur, sveppi og jafnvel krabbameinsfrumur auk efna sem virðast örva ónæmiskerfið.

## SJÓNARHÓLL
### RASISMI Á ÍSLANDI

## *Gæti sprungið í loft upp*

„Ég hef miklar áhyggjur af rasismanum á Íslandi því ég óttast að þetta muni springa upp í loft, eins og gerst hefur í Danmörku,“ segir Eilífur Örn Þrastarson tónlistarmaður. Eilífur hefur eins og margir aðrir orðið var við að æ fleira ungt fólk stofni heimasíður eða félög sem breiða út haturskenndan áróður gegn minnihlutahópum.



EILÍFUR ÖRN ÞRASTARSON

„Ég held að það þurfi að sýna fólki betur að ekki eru allir útlendingar endilega glæpamenn. Það mætti til dæmis rannsaka betur og sýna hvernig fólk þetta er. Til dæmis var ágætis könnun í blaðinu um daginn sem sagði að Pólverjar hefðu framið fæsta glæpi af öllum innflytjendunum. Samt er alltaf verið að tala um að Pólverjar séu svo voðalega vondir og verri en við,“ segir hann.

Eilífur hvetur almenning og sérstaklega menntamenn til að láta betur í sér heyra um þetta málefni. „Tónleikar Bubba voru til fyrirmyndar, en ég er nú hræddur um að meira þurfi til að ná árangri.“

# Fyrsta táknmálsteiknimyndin

**Sigurlín Margrét Sigurðardóttir vinnur að því að fyrsta teiknimynd heims þar sem persónurnar tala táknmál verði aðgengileg fyrir íslensk börn. Sigurlín hefur hlotið styrk sem verður notaður til að færa táknmál þáttanna yfir á íslensku.**




**ÆVINTÝRATÍMAVÉLIN** Í þáttunum ferðast börn í tímavél og fræðast um spennandi atburði liðinna tíma. Ein söguhetjan er heyrnarlaus og talar því táknmál, en það geta heyrandi vinir hennar einnig. Ævintýrið verður í forgrunni en ekki heyrnarleysið.



**TEIKNIMYND FYRIR HEYRANDI OG HEYRNARLAUS BÖRN** Sigurlín vill að íslensk börn sem ekki heyra geti notið myndarinnar, enda afþreyingarefni fyrir þau oft af skornum skammti.

„Þegar ég var barn var litið svo á að ekki þyrfti að gera barnaefni fyrir heyrnarlaus börn, þau væru hvort sem er svo fá,“ segir Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, táknmálskennari og eigandi fyrirtækisins Táknmál ehf.

Sigurlín vinnur nú að því að fyrsta teiknimynd heimsins þar sem sögupersónurnar tala táknmál verði einnig aðgengileg fyrir börn sem tala íslenskt táknmál.

Sjálf missti Sigurlín heyrnina þegar hún var átta ára og kannast því vel við þann skort sem heyrnarskert börn þurfa að búa við þegar kemur að afþreyingarefni.

Teiknimyndaröðin ber heitið The Fantastic Time Machine eða Ævintýratímavélin og er hugsuð fyrir börn á aldrinum fimm til tíu ára. Í þáttunum ferðast börn í tímavél og fræðast um spennandi atburði liðinna tíma. Ein söguhetjan er heyrnarlaus og talar því táknmál en það geta heyrandi vinir hennar einnig. Ævintýrið verður í forgrunni en ekki heyrnarleysið. Teiknimyndin er í 26 þáttum en hver þeirra er tíu mínútur að lengd.

Það eru frændur okkar Danir sem standa fyrir gerð þessarar óvenjulegu þáttaraðar og er hún gerð með styrk frá Sambandi evrópskra sjónvarpsstöðva. Þegar Sigurlín heyrði af gerð þáttanna fór hún strax að leita frekari upplýsinga um efnið og vinna að því að það yrði einnig aðgengilegt fyrir íslensk börn. Það þurfti hún þó að gera fyrir sitt eigið fé.

„Ég fór til Kaupmannahafnar í haust og heimsótti meðal annars Döve film, en þar er meðal annars framleitt sjónvarpsefni á táknmáli fyrir danska ríkissjónvarpið,“ segir hún.

Fyrir skömmu hlaut Sigurlín styrk úr Styrktarsjóði Baugs og verða peningarnir notaðir í forvinnslu táknmálssetningar þáttaraðanna.

„Það sem gerist þegar myndin verður táknmálssett á íslenskt táknmál er að þá verða hreyfingar mínar settar í tölvutækt form og settar eða límdar á teiknimyndapersónuna. Þá er teiknimyndapersónan farin að tala íslenskt táknmál,“ segir hún um hvernig séð verði til þess að börnin í myndinni fari að tala íslenskt táknmál án þess að hver hreyfing verði teiknuð upp á nýtt.

Sigurlín segist þegar hafa sýnt umsjónarmanni barnaefnis Ríkissjónvarpsins myndina og fengið jákvæð viðbrögð. Kaupi Ríkissjónvarpið sýningarréttinn segir hún að búast megi við því að þættirnir komist í loftið á næsta ári.

**karen@frettabladid.is**

*Norrænt eldhús – einföld, hrein, fersk upplifun*




Pioneer
Pioneer DCS-363
Heimabíó
Kr. 49.900,-
SHARP
SHARP LC-19A1EBK
19" LCD SJÓNVARP
Kr. 59.900,-
SAMSUNG
SAMSUNG LE-32S86BX
32" LCD SJÓNVARP
Kr. 119.900,-
ALLT SEM ÞÚ VILT
Nikon
Nikon S-510
COOLPIX
Frábær myndavél
Kr. 24.900,-
CELESTRON
Celestron Astromaster
70AZ
Stjörnusjónauki
Kr. 12.900,-
LEIKJATÖLVAN
Nintendo
Wii
- VERÐTRYGGING -
Alltaf ódýrust í Ormsson
SHARP
SHARP XL-UR230H
Hljómtækjastæða
Kr. 29.900,-
ORMSSON
ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800
ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Sjálfstæði Kosovo:

## Ísland í klemmu

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Rúm vika er nú síðan kjörin stjórn Kosovo, eingöngu skipuð Kosovo-Albönum, lýsti yfir sjálfstæði héraðsins frá Serbíu. Bandaríkin og allmörg aðildarríki Evrópusambandsins hafa viðurkennt sjálfstæðið, þar á meðal Danmörk. Noregur, sem eins og Ísland stendur utan við Evrópusambandið, var einnig meðal fyrstu ríkja sem það gerðu. Íslenzk stjórnvöld virðast hins vegar að þessu sinni ætla að fara sér hægt í að fylgja fordæmi grannþjóðanna.

Í ljósi þess hve Ísland var fljótt til að viðurkenna sjálfstæði allra annarra lýðvelda sem áður voru hluti gömlu Júgóslavíu – og sá listi er orðinn nokkuð langur: Slóvenía, Króatía, Makedónía, Bosnía-Herzegovína, Svartfjallaland, að ógleymdri Serbíu sjálfri – stingur það óneitanlega nokkuð í stúf að íslenzk stjórnvöld skuli nú hika við að viðurkenna sjálfstæði Kosovo.

Það liggur nærri að ætla að ástæða þessa hiks sé sú staða sem Ísland er í sem ríki í kosningabaráttu fyrir sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Ráðamenn í Rússlandi, eins hinna fimm neitunarvalds-fastafulltrúa ráðsins, hafa sagt að þeir álíti sjálfstæðisyfirlýsingu Kosovo ólöglega og hvert það land sem viðurkenni hana brjóti því að þeirra áliti gegn alþjóðalögum.

Framboð Íslands til öryggisráðsins er norrænt framboð, og því má færa rök fyrir því að annað væri óeðlilegt en að Norðurlöndin fimm tækju sömu afstöðu í þessu máli. Norðmenn og Danir hafa nú riðið á vaðið, Svíar hafa boðað að þeir muni fylgja í kjölfarið fljótlega og Finnar sömuleiðis. Þá eykst þrýstingurinn á Íslendinga.

Í tæplega níu ár hefur Kosovo verið verndarsvæði alþjóðasamfélagsins – fyrst NATO, þá SÞ og nú ESB – í kjölfar þess að NATO batt sumarið 1999 með hervaldi enda á stríð í héraðinu, án umboðs frá SÞ.

Ráðamenn vestrænna ríkja sem viðurkennt hafa hið einhliða yfirlýsta sjálfstæði Kosovo vísa gjarnan til þess að sjálfstætt Kosovo sé bein afleiðing af þjóðernishreinsunarstefnu Slobodans Milosevic. Skiljanlega þykir lýðræðislega kjörnum fulltrúum Serbíu nútímans það súrt í broti að land þeirra og þjóð séu látin gjalda með þessum hætti fyrir gerðir fyrri valdhafa.

Rússar vísa líka gjarnan til þess að aðskilnaður Kosovo frá Serbíu skapi hættulegt fordæmi. Sjálfir óttast Rússar að ýmis héruð á suðurjaðri ríkis þeirra nýti sér fordæmi Kosovo til að ýta undir kröfur sínar um aðskilnað. Svipað er ástatt í sumum ESB-ríkjunum, sem hafa þjóðernisminnihlutahópa innan landamæra sinna. Þannig hafa til að mynda stjórnir Rúmeníu, Slóvakíu og Kýpur lýst því yfir að þau muni ekki viðurkenna Kosovo.

Í stuttu máli má segja að einhliða sjálfstæðisyfirlýsing Kosovo með stuðningi Vesturveldanna leysi ekki vandann, enda langt í að þetta litla, landlukta landsvæði geti orðið sjálfbært ríki, ef það verður það þá nokkurn tímann. Eftir að margra ára málamiðlunartilraunir skiluðu engum árangri var þó ljóst að stíga þurfti ákveðin skref sem ekki yrðu öllum málsaðilum að skapi. Og nú þarf Ísland að stíga slíkt skref líka.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

**Tölvunám byrjenda**

Vinsælt námskeið ætlað fólki á öllum aldri sem hefur enga tölvukunnáttu. Á þessu námskeiði er allt tekið fyrir sem byrjandinn þarf til að komast vel af stað í notkun tölvu. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga og er hægt að velja um morgun- eða kvöldnámskeið.



Kennsla hefst 4. mars og lýkur 3. apríl (páskafrí 14. til 25. mars). Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga, morgunnámskeið kl 8.30 – 12 og kvöldnámskeið 18 – 21.30. Lengd 42 std. Verð kr. 32.900,- Kennslubók innifalin.

**VAKTAVINNUFÓLK**
Flest námskeið skólans geta hentað ykkur sérstaklega vel þar sem möguleiki er að skipta milli morgun- og kvöldtíma eftir vöktum án þess að missa úr á stærri námskeiðum.

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
FAXAFEN 10 108 REYKJAVÍK | GLERÁRGATA 36 600 AKUREYRI | WWW.TSK.IS SKOLI@TSK.IS | SÍMI: 544 2210

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Trausti Geir**

Geir Haarde ber höfuð og herðar yfir aðra stjórnmálamenn í könnun Fréttablaðsins um hvaða stjórnmálamenn njóta mests trausts. Um fjörutíu prósent segjast treysta Geir mest. Næstflestir treysta Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur best. Þeim fækkar jafnframt sem segjast treysta Geir og Ingibjörgu minnst. Það sem skilur formennina hins vegar að er að Geir er óskoraður leiðtogi sjálfstæðismanna en innan Samfylkingarinnar dreifist traustið á fleiri en formanninn. Geir er eini sjálfstæðismaðurinn meðal fimm efstu sem njóta mests trausts.



**Trausti dreift**

Fylgi Geirs er á pari við fylgi Sjálfstæðisflokksins í skoðanakönnun sem birtist daginn áður. Um sextán prósent nefndu Ingibjörgu sem þann stjórnmálamann sem þeir treysta mest. Það er um helmingur fylgis Samfylkingarinnar í téðri skoðanakönnun. Auk Ingibjargar eru þrír forystumenn Samfylkingarinnar í röðum þeirra fimm sem njóta mests trausts; Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson og Dagur B. Eggertsson.



**Traust rýrnar**

Athygli vekur að mun færri en áður nefna Steingrím J. Sigfússon sem þann stjórnmálamann sem þeir treysta best; 9,1 prósent í stað rúmlega 25 prósenta fyrir ári. Langflestir segjast bera minnst traust til Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, sem er engin furða miðað við það sem á hefur gengið. Annar sem bætir hraustlega við sig vantrausti er Össur Skarphéðinsson; 18,5 prósent segjast treysta honum minnst, helmingi fleiri en þeir sem vantreysta Árna Mathiesen, og hefur þó ekki litið gengið á hjá honum undanfarið.

**bergsteinn@frettabladid.is**



## Taumlaust fjör



RAGNHILDUR VIGFÚSDÓTTIR

**Í DAG** |Borgarmál

Vonbrigði dætranna voru mikil á safnanótt þegar faðir þeirra lýsti því yfir að við myndum að sjálfsögðu hlýða kalli lögreglunnar og halda okkur heima. Vetrarhátíð er okkur meir að skapi en menningarnótt – sú síðarnefnda er orðin svo fjölmenn og allt of mikið um að vera. Vetrarhátíðin er hófstilltari og safnanóttin er sérlega vel heppnuð. Við mæðgur tökum alltaf virkan þátt í henni og lesum dagskrána spjaldanna á milli og vöndum valið. Við höfum leikið okkur í Rafheimum, gengið með vasaljós upp Elliðaárdalinn við undirleik blásarasveitar og hitt Bakkabræður í Árbæjarsafni. Í fyrra buðum við frændum okkar, þá 6 og 7 ára, með. Systrunum fannst ótækt að þeir misstu af þessari skemmtun. Þá föndruðum við í Ásmundarsafni og fengum leiðögn um sýninguna, lýstum upp stytturnar í garðinum með vasaljósum, hittum ísbjörn á Hlemmi og börnin undu sér lengi við að para saman fugla og egg í Náttúrugripasafninu. Þau hlýddu á alla leiðsögnina um Sögusafnið í Perlunni og horfðu á myndband um gerð leikmyndanna. Á leiðinni heim var komið við á Kjarvalsstöðum til að ná í fjórða stimpilinn og þar heilluðust þau svo af verki Rúríar, Fossinum, að við urðum að draga þau út þegar klukkan var langt gengin í tólf. Á planinu fyrir utan sagði eldri drengurinn og var mikið niðri fyrir: Það er búið að vera taumlaust fjör hjá okkur.

**Draugagangur í Ráðhúsinu**

Það var því ekki að undra að tár sáust á hvarmi þegar tilkynnt var að safnanóttin væri fokin út í veður og vind. Sú yngri hafði þó farið í skrúðgönguna kvöldið áður og á vel heppnaða dagskrá í Iðnó, Vín, grín og fíólín. Sú eldri sem hafði setið heima yfir skólabókunum vildi hafa ákall lögreglunnar að engu, enda kom frétt frá Þjóðminjasafninu um að draugarnir þar ætluðu ekki að láta veðrið hafa áhrif á sig. Þangað hafði för okkar einmitt verið heitið. Ég fékk mikil viðbrögð við síðasta pistli því ég var ekki fyrr búin að skrifa hugnæma minningargrein um borgarstjórnarflokk Sjálfstæðisflokksins en hann reis aftur upp frá dauðum. Fljótlega benti þó ýmislegt til að þarna væri um afturgöngur að ræða, uppvakninga, móra, skottur eða hvað þetta heitir allt saman sem hunsar dauðann en er þó vart á lífi. Ég ætlaði því að fara á Þjóðminjasafnið og læra að kveða niður drauga. Ég sem má ekkert aumt sjá kenni svo í brjósti um þau. Voru þau ekki betur sett í minnihluta en í þessum undarlega meirihluta þar sem málefnin þeirra hafa verið kveðin í kútinn? Sóknarpresturinn minn sem hefur viðhaldið þeim góða sið að biðja fyrir forseta vorum og ríkisstjórn er farinn að biðja fyrir borgarstjórn líka. Ég efast þó um að samstillt bæn allra presta í höfuðborginni dugi til að bjarga þessum meirihluta. Ef borgarstjórinn fyrrverandi hefði haldið áttunda boðorðið (Þú skalt ekki bera ljúgvitni gegn náunga þínum) væru horfurnar ef til vill betri. Nú er ástandið þannig að þegar hann segist hafa ráðfært sig við Davíð Oddsson spyrja menn – hvaða Davíð Oddsson, þennan núverandi eða fyrrverandi? Þennan sem er seðlabankastjóri og hlýtur því að hafa látið af því að skipta sér af pólitík enda nóg að gera við að bjarga landinu frá efnahagslegu hruni – eða þann fyrrverandi sem var eitt sinn borgarstjóri og hefur marga fjóruna sopið sem slíkur og ætti því að geta gefið kollega sínum ráð? Skyldi það loks sannast á Villa að ekki verður feigum forðað né ófeigum í hel komið? Eða eru íslenskir stjórnmálamenn ódrepandi?

**Verðugt verkefni**

Það er verðugt verkefni fyrir næstu safnanótt að kryfja íslensk stjórnmál. Miðstöð munnlegar sögu gæti safnað heimildum frá stjórnmálamönnum þar sem eitt þemað væri: Hvernig ég beið af mér almenningsálitið. Annað þema: Ferðin sem aldrei var farin og dagarnir hundrað sem varið var í að undirbúa hana. Þriðja þemað: Fyrirgreiðslupólitík. Efnið er óþrjótandi. Borgarstarfsmenn gætu tjáð sig um vinnubrögð mismunandi meirihluta og þá einstöku lífsreynslu að hafa þjónað fjórum herrum á tveimur árum. Fræðimenn gætu svarað spurningunni hvort önnur lögmál gildi um fagleg vinnubrögð í stjórnmálum en annars staðar. Almenningur gæti sagt frá samskiptum sínum við stjórnmálamenn til dæmis af klípuskap við lóðaúthlutun eða stöðuveitingar og mikið væri fróðlegt að heyra verktaka lýsa afskiptum sínum af skipulagsmálum í Reykjavík. Efnið hér er ekki síður fjölbreytt og eflaust margir sem væru fúsir til að tjá sig. Það er verst hvað minnisleysið hrjáir margan stjórnmálamanninn, en þar gætu aðstoðarmennirnir komið til hjálpar og fyllt upp í eyðurnar, eða þá embættismenn sem eru með allt á hreinu. Ég vona bara að lögreglan skipi ekki svo fyrir að menn skuli halda sig heima af ótta við að sannleikurinn komi í ljós.

## Stærsta dreifikerfið

**UMRÆÐAN**
Fjarskipti



SÆVAR FREYR ÞRÁINSSON

Síminn hefur á undanförnum áratugum byggt upp öflugasta fjarskiptanet landsins með það að markmiði að Íslendingar búi við fjarskiptatækni sem ávallt er í fremstu röð í heiminum. Þannig hefur fyrirtækjum og einstaklingum gefist tækifæri til að nýta sér tæknina til nýsköpunar og styrkja samskiptin sín á milli með bestu fjarskiptatækni sem völ er á.

Talsímaþjónusta Símans nær til allra landsmanna hvort sem um er að ræða venjulega símalínu eða ISDN. ADSL þjónusta Símans nær til 94% heimila. Farsímaþjónusta Símans nær til 98% landsmanna og stöðugt er unnið að því að koma á farsímasambandi þar sem það vantar. Nýlega hefur Síminn lokið við að bæta GSM sambandið á yfir 500 km svæði á hringveginum og fjölförnum fjallvegum. Auk þess hefur Síminn sett upp nokkra langdræga GSM senda með það að markmiði að bæta enn frekar farsímasamband smábátaflotans í kringum strendur landsins ásamt því að efla farsímasamband við fjölsótta ferðamannastaði inn til landsins.

Síminn hefur rekið NMT farsímakerfið síðan 1986 en það er langdrægt farsímakerfi sem nær yfir allt landið og út á miðin. Notendur þessa kerfis hafa helst verið fjallamenn, björgunarsveitir og sjómenn. Síminn mun á þessu ári hefja uppbyggingu á langdrægu þriðju kynslóðar farsímakerfi. Slíkt kerfi mun hafa álíka útbreiðslu og núverandi NMT kerfi og allt að 100 faldan gagnaflutningshraða núverandi GSM kerfa.

Eins og kunnugt er tók Síminn fyrstur fjarskiptafyrirtækja þriðju kynslóðar farsímakerfi (3G) í notkun í byrjun september 2007 og nær kerfið nú til höfuðborgarsvæðis, Leifsstöðvar og Akureyrar. Fyrirhugað er að stækka 3G dreifisvæðið á árinu bæði í dreifbýli og þéttbýli.

Þessi áhersla Símans á uppbyggingu og þjónustu við viðskiptavini sína skilaði sér í því að Síminn hlaut hæstu einkunn farsímafyrirtækja síðla árs 2007 í mælingu íslensku Ánægjuvogarinnar. Samkvæmt því eru viðskiptavinir Símans ánægðustu viðskiptavinirnir á farsímamarkaði á Íslandi. Við þökkum kærlega fyrir þá viðurkenningu.

*Höfundur er forstjóri Símans.*

Sófalist

Rúmteppaveisla - mikið úrval af barna og unglingateppum. - 25% afsláttur !



Sófalist, Garðatorgi Garðabæ S. 553 0444, www.sofalist.is



Ertu með eitthvað gott á þjónunum?

Sjálfboðaliðar í **Kópavogsdeild Rauða krossins** prjóna og sauma ungbarnaföt fyrir börn í neyð. Hópurinn, sem kallast **Föt sem framlag**, mun hittast næst og prjóna í sjálfboðamiðstöðinni Hamraborg 11, 2. hæð, **miðvikudaginn 27. febrúar kl. 16-18.**

Á staðnum verða prjónar, garn og gott fólk sem hittist reglulega og lætur gott af sér leiða. Velkomið er að taka með sér eigið prjónadót. Þeir sem vilja gefa garn í verkefnið vinsamlega hafið samband. Kaffi á könnunni og með því.

Allar nánari upplýsingar í síma **554 6626.**

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Sjálfboðamiðstöð Hamraborg 11 • opið virka daga kl. 10-16 • sími 554 6626
kopavogur@redcross.is • redcross.is/kopavogur




Benedikt segir sjósund frískandi og gott fyrir ónæmiskerfið. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

# Eins og að sigra heiminn

***Sjósund nýtur alltaf vinsælda og þeir sem stunda það segja það bæði hollt og hressandi. Benedikt Lafleur hefur stundað sjósund í nokkur ár.***

„Ég hafði lesið grein um sjósund og á myndinni sem birtist með var algjört heljarmenni þannig að ég hélt að þetta ætti nú ekkert við mig,“ segir Benedikt, en hann hefur stundað sjósund í nokkur ár. „Svo var ég staddur í afmælisboði þar sem einn var að fara að synda og þurfti félaga með sér. Mér datt ekki í hug að ég gæti þetta en vildi samt prófa þetta í gamni og fyrstu sekúndurnar voru bara eins og ég væri að berjast fyrir lífi mínu, mér var svo kalt. Ég stökk bara út í og það var rosalegt sjokk fyrst en svo leið mér vel. Eftir smá stund finnur maður síðan ekkert fyrir kuldanum og finnst maður hafa sigrað heiminn.“

Benedikt útskýrir að æðarnar í líkamanum dragist strax saman í kuldanum í sjónum en kjarni líkamans verði mjög heitur. „Menn geta verið algjörar kuldaskræfur á landi og dúðað sig þar en hitnað svo vel þegar þeir koma út í sjóinn. Þetta geta allir ef þeir eru með hjartað í lagi og auðvitað er betra að vera í einhverju formi. Til að byrja með er best að synda bara við ströndina þar sem fólk getur botnað og fara ekkert fram úr sér í byrjun heldur njóta þess þá betur í hvert sinn. Svo er mikilvægt að fara í heita sturtu á eftir og hlýja sér vel og lengi svo menn fái ekki kuldahroll seinna um kvöldið. Ég held að þetta sé örugglega gott fyrir ónæmiskerfið og þetta frískar mann mjög mikið.“

Benedikt segir það sennilega ævintýraþrá sem dragi fólk til sunds í ísköldum sjónum. „Svo vilja menn komast í nánari snertingu við náttúruna, sem er kannski einhver frumþörf. Kannski líka að yfirvinna einhverja hindrun í manni sjálfum. Við erum vön að fara í sundlaugarnar en það er allt annað að synda í ólgandi sjónum og maður hugsar ekki um neitt annað á meðan.“

Benedikt er sestur að á Reykjum í Skagafirði og vinnur að uppbyggingu ferðamannaiðnaðar á staðnum en frá Reykjum er stutt yfir í Drangey. „Hér er búið að stofna sjósundfélagið Gretti. Ég reyndi við Drangeyjarsundið seint í fyrra en það var orðið of kalt eða um níu gráður. Ég fór því hálfa leið, en fer næsta sumar aftur. Ég hef synt um Ermarsundið og Vestfirðina og hef gífurlega reynslu í alls konar öldum þar sem ég hef stundað þetta reglulega í nokkur ár.“

Benedikt kennir einnig jóga á Akureyri og á Sauðárkróki og segir jóga og sjósund fara vel saman. „Við erum öll í svo miklu kapphlaupi og flýtum okkur of mikið í dag svo það er bara gott að kæla sig aðeins niður með sjósundi eða jóga.“ *heida@frettabladid.is*




**Gönguskó** er nauðsynlegt að hafa á fótum þegar gengið er upp á Heklu en hún er 1.488 metrar á hæð og mikið hraun í hlíðum fjallsins.

# Hlustað á líkamann

*Í Reykholti er nú boðið upp á athvarf frá amstri dagsins á Fosshótelinu þar sem hægt er að koma og slappa af í einhverja daga, stunda jóga, fara í nudd og njóta þess að vera úti í náttúrunni.*



Jóga hjálpar fólki að vera í jafnvægi og lifa í núinu að sögn Aaniku.

„Jóga er besta yngingarmeðal í heimi,“ segir Aanika Chopra jógaleiðbeinandi, sem veit hvað hún syngur og bætir við að margir verði undrandi þegar hún segi þeim hvað hún sé gömul. Aanika er einnig indverskur dansari og ayurveda-nuddari. Á námskeiðum hennar í Reykholti í Borgarfirði er nú hægt að læra allt um leyndardóma jógafræðanna fjarri dagsins önn. Fosshótelið á staðnum er eitt fyrsta hótel á landsbyggðinni sem býður upp á skipulagða jógadagskrá og er dagskráin mjög fjölbreytt.

Fyrstu og aðra helgi marsmánaðar verður námskeiðið Endurnærandi jóga á dagskrá. Fyrstu helgina í apríl er haldið námskeið sem er tileinkað slökun. Einnig er boðið upp á kristalsteinameðferð svo fátt eitt sé nefnt, en Anika segir ljósalampa með kristalsalti frá Himalajafjöllum geta hjálpað við ofnæmi og asma.

„Jóga er tæki til að hugleiða,“ segir Aanika og bætir við: „Jóga er reynsla – ógleymanleg reynsla bæði fyrir líkama og sál. Jóga hjálpar okkur að hugsa skýrt og gerir okkur betur búin til að lifa lífinu. Í hugleiðslu leiðum við hugann að augnablikinu. Hugleiðsla hjálpar okkur að vera í jafnvægi.“

Aanika leggur áherslu á að við lærum að gera jóga að hluta af lífsstíl okkar. „Jóga hjálpar fólki að hægja á sér og vinnur til dæmis vel á streitu. Í gegnum jóga getum við öðlast frið frá amstri dagsins. Jóga hjálpar okkur við að komast að því hver við erum, hvaðan við komum og hvert við erum að fara. Jóga kennir okkur hvernig við eigum að vera,“ segir Aanika. „Ef hugurinn segir við okkar að við séum löt í dag, þá höldum við áfram að vera löt. Hugarfarsbreyting verður að koma til. Líkaminn talar við okkur. Við verðum að hlusta á líkamann. Orðið jóga merkir sameining en hugur og líkami verða að fylgjast að. Ef líkaminn er ekki í lagi getur hugurinn ekki verið í lagi,“ bætir hún ákveðin við.

Áður bjó Aanika í Bretlandi og starfaði þar í nítján ár. Hún er fædd og uppalin í Nýju-Delhí á Indlandi. Fræðin nam hún við Sivananda Vedante-jógamiðstöðina í heimalandinu. „Ég vil að fólk læri á námskeiðum mínum og ég legg mig alla fram við að svo verði,“ segir Aanika, sem er fullgildur jógaleiðbeinandi. Á heimasíðunni www.icelandyoga.com má fá allar upplýsingar um jóganámskeiðin í Skálholti og annað sem er í boði en þess má geta að lokum að Aanika stefnir einnig á að bjóða upp á námskeið í indverskum dönsum á næstunni sjálf og þá í höfuðborginni. *- vg*



Aanika er fullgildur jógaleiðbeinandi, indverskur dansari og ayurveda-nuddari.


**Næstu fyrirlestrar og námskeið**

Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

**28. febrúar kl 18:00 - 20:00**
**Heilsukostur - Kökur og eftirréttir.**
*Auður I. Konráðsdóttir meistarakokkur*
**04. mars kl. 17:30-19:00**
**Erum við andleg og líkamleg eiturefna-úr-gangs-ruslaskrímsli.**
*Edda Björgvins leikkona*
**12. mars kl. 20:00 - 22:00**
**Hvað á ég að gefa litla barninu mínu að borða?**
*Ebba Guðný Guðmundsdóttir kennari*
**13. mars 18.00 - 21.00**
**Heilsukostur - Matreiðslunámskeið**
*Auður I. Konráðsdóttir meistarakokkur*

*Stinnari á 4 vikum...*
*Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!*
SLENDERTONE
System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 19.980,-
eða 6.660 á mán. í 3 mán.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

Upledger á Íslandi
**Upledger stofnunin á Íslandi heldur fyrsta áfangann í námi í höfuðbeina og spjaldhryggjarmeðferð, CSTI, 6. - 9. mars næstkomandi í Reykjavík.**
Námskeiðið er haldið á RadissonSAS hótel Sögu.
Hádegismatur og kaffiveitingar innifalið í námskeiðsgjaldi.
Upplýsingar og skráning í síma 466-3090 eða á www.upledger.is

**Borðaðu þig granna(n)**
Íslensku Vigtarráðgjafarnir
Nánari upplýsingar
Sími 865-8407
www.vigtarradgjafarnir.is

**Auglýsingasími**
**512 50 50**
Fréttablaðið – Mest lesið

**Byrjendanámskeið í yoga**
Sex vikna byrjendanámskeið hefst 25. febrúar.
Mánudaga og fimmtudaga kl. 16.40.
Kennari: Talya Freeman.
HREYFI GREINING
SJÚKRAÞJÁLFUN OG LÍKAMSRÆKT
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

**þinn líkami, þitt líf**
ný námskeið að hefjast!
skráning & nánari upplýsingar
www.ropeyogasetrid.is
ROPE YOGA

# Skipulag og hönnun





FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLLI



Borðplötur • Sólbekkir





Granít vaskar og flísar

SÓLSTEINAR

Kársnesbraut 98 | 200 Kópavogur | Sími: 564 4566
sol@solsteinar.is | www.solsteinar.is



Á skrifborðinu geymir Signý ýmsa nytjahluti en einnig margt sem er henni kært. Myndirnar hennar eru á víð og dreif og eins teikning eftir þriggja ára son gamlan hennar, Snorra, sem á kannski einhvern daginn eftir að feta í fótspor móður sinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Undir japönskum áhrifum í vinalegu vinnuhorni

**Hönnuðurinn Signý Kolbeinsdóttir hefur hreiðrað vel um sig við skrifborðið sitt en þar ver hún miklum tíma.**

Signý Kolbeinsdóttir situr löngum stundum við skrifborðið í stofunni hjá sér og kemur alls kyns fantasíum á blað. „Þetta er eiginlega skrifstofan mín og þarna er allt sem ég þarf. Ég ákvað nýlega að gera svolítið fínt í kringum mig og keypti nýja borðplötu og hillur í IKEA," segir Signý.

Á skrifborðinu kennir ýmissa grasa en tölvan, prentarinn og skanninn eru þeir hlutir sem Signý notar hvað mest. Þar eru þó líka bækur, box undir smáhluti, pennaveski, kerti, myndavélin og sýnishorn af verkum hennar. Signý hefur lengi verið undir japönskum áhrifum í verkum sínum en hún var þar á ferðalagi með fjölskyldu sinni um skeið.

„Í nýjustu verkum mínum hef ég verið að nota kolkrabba, sveppi, sem eru mikið notaðir í japanskri matargerð, og hið fræga Fuji-fjall. Ég hef meðal annars gert póstkort og plaköt með þessum myndum." Undir glerplötu sem er yfir skrifborðinu hefur Signý komið myndunum fyrir auk annarra hluta sem hún segir gott að geta gripið til.

Signý útskrifaðist sem vöruhönnuður fyrir nokkrum árum en hefur að mestu snúið sér að teikningu. „Draumurinn er þó að geta tvinnað þetta eitthvað saman og að búa til dæmis til veggfóður með myndunum mínum," segir Signý. Hún starfar sjálfstætt og hefur meðal annars teiknað auglýsingar fyrir hin ýmsu fyrirtæki. *- ve*

„...fyrst á visir.is"

vísir.is
...ég sá það á visir.is



Foss-stál

Tekur að sér alla almenna stálsmíði

Þjónustar bæði fyrirtæki og einstaklinga

stál, ál og rústfrítt
Logsuða, rafsuða, álsuða
*gerum tilboð í verk*

*Við leggjum metnað okkar í góða og vandaða þjónustu!*

Foss-stál ehf.
Gagnheiði 9 - 800 Selfoss - Símar: 4824353, 8684292 - Netfang: foss_stal@simnet.is

# Hönnunarmiðstöð Íslands tekin til starfa

Hönnunarvettvangur hefur undanfarið þrjú ár starfað að undirbúningi Hönnunarmiðstöðvar Íslands. Þessum undirbúningi er nú lokið og langþráður draumur hönnuða að líta dagsins ljós.

Hönnunarvettvangur var tímabundið þróunarverkefni rekið af iðnaðarráðuneytinu, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Samtökum iðnaðarins, Útflutningsráði, Reykjavíkurborg og Form Ísland – samtökum hönnuða.

Eitt af verkefnum Hönnunarvettvangs var að undirbúa og stuðla að stofnun hönnunarmiðstöðvar. Markmiðið er að efla hvers kyns hönnun sem mikilvægan þátt í íslensku atvinnulífi og að auka samkeppnishæfni og verðmætasköpun íslensks efnahagslífs.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að gera þjónustusamning við miðstöðina og fram undan er gerð starfssamnings menntamála- og iðnaðarráðuneytis við fagfélög hönnuða um rekstur hennar.

Stofnendur Hönnunarmiðstöðvarinnar eru fagfélög sem áður störfuðu saman undir merkjum Form Ísland. Stofnendur Hönnunarmiðstöðvar Íslands og fulltrúar þeirra eru: Leirlistarfélag Íslands, Félag vöru- og iðnhönnuða, Félag íslenskra gullsmiða, Félag íslenskra landslagsarkitekta, Textílfélagið, Félag húsgagna- og innanhúsarkitekta, Félag íslenskra teiknara, Arkitektafélag Íslands og Fatahönnunarfélag Íslands.



Guðbjörg Gissurardóttir aðstoðar við stofnun og rekstur Hönnunarmiðstöðvar Íslands þar til nýr framkvæmdastjóri verður ráðinn.

Guðbjörg Gissurardóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri Hönnunarvettvangs, mun aðstoða við stofnun og rekstur miðstöðvarinnar fyrst um sinn eða þar til nýr framkvæmdastjóri verður ráðinn. Ekki er enn ljóst hvar Hönnunarmiðstöðin verður til húsa en það og annað mun skýrast á næstu dögum. Sjá nánari upplýsingar á www.icelanddesign.is. *- rh*

maritech

# HEILDARLAUSN

## Sérfræðingar í verslunar og þjónustulausnum

maritech

Maritech býður viðskiptakerfi Dynamics NAV auk fjölda tilbúinna sérlausna svo sem launakerfi, innheimtukerfi, tollkerfi, samþykktarkerfi, sérfræðiverkbókhald, NEMO Nav stjórnendasýn og Celenia áætlanagerðakerfi.

Maritech er stærsti söluaðili Dynamics Nav á Íslandi og jafnframt samstarfsaðili ársins í viðskiptalausnum hjá Microsoft.

**www.maritech.is**



MERKUR POINT
Verslunarlausnir

MerkurPOS er eitt vinsælasta verslunarkerfið hér á landi og hefur það fengið frábærar viðtökur frá viðskiptavinum okkar.

MerkurPoint og Maritech bjóða nú upp á samþætta heildarlausn fyrir meðalstór og stærri fyrirtæki með MerkurPOS verslunarkerfi og Microsoft Dynamics Nav.

**www.merkurpoint.is**






Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

CERTIFIED FOR Microsoft Dynamics NAV

NEMO Nav Executive Management Overview

**Hlíðasmári 14**
**201 Kópavogur**
**Sími 545 3200**
**info@maritech.is**
**www.maritech.is**

maritech

# Hávær krafa um góða hljóðvist

**Tvöföld gólf þykja hafa gefið góða raun til að dempa niður hávaða í sambýlishúsum.**

Krafan um góða hljóðeinangrun í íbúðarhúsnæði hefur hugsanlega aldrei verið meiri en nú. Kvartað er undan því að hljóðeinangrun í gömlum húsnæði haldi ekki í skefjum hávaða af umgengni nágranna og heimilistækjum nútímans. Ýmissa leiða hefur því verið leitað til að fullkomna hljóðvist, en ein þeirra gengur út á að setja tvöföld gólf í hús. Íslenskir aðalverktakar hafa beitt þeirri aðferð frá árinu 2000 og þykir hún hafa gefið góðan árangur.

„Við höfum verið leiðandi á þessu sviði. Höfum frá 2000 byggt á fimmta hundrað íbúðir með tvöföldum gólfum, þannig að við höfum töluverða reynslu af þessu,“ segir Kristján Arinbjarnar, framkvæmdastjóri hjá Íslenskum aðalverktökum, sem flutti erindi um hljóðvist undir yfirskriftinni Hljóðeinangrun í sambýlishúsum, á ráðstefnu Steinsteypufélagsins sem haldin var á Grand hóteli í síðustu viku.

Í fyrirlestrinum fór Kristján meðal annars yfir þær kröfur sem gerðar eru til hljóðvistar en hann segir nokkurn misskilning ríkja um hugtakið. „Við höfum mælt mun meiri ánægju hjá kaupendum með hljóðvistina þar sem tvöföld gólf eru í íbúðum. Þó er einn og einn kaupandi sem býst við því að hljóðvistin sé enn betri jafnvel þótt hljóðeinangrunin sé vel heppnuð. Þetta stafar af því að hugtakið hljóðeinangrun misskilst. Hljóðeinangrun þýðir það að einangra hljóð. Í rauninni væri réttara að tala um hljóðdeyfingu eða -dempun.“

Kristján segir að það megi að hluta til rekja til þess að hljóðeinangrun nái ekki alltaf að útiloka hávaða frá háværum tækjum, sem gefa frá sér djúpa tóna eins og heimabíó og bassabox. „Markmiðið með hljóðeinangrun er auðvitað að fólk verði ekki fyrir stöðugri truflun og áreiti af náunganum og fái aukið næði,“ bendir hann á og segir að ýmislegt hafi verið reynt til þess að verða við því. „Til dæmis eru herbergi látin liggja á ákveðna vegu. Eins með því að ganga skynsamlega frá hurðum í bílageymslur, nota hljóðdeyfðar loftrásir í veggjum til að þurfa ekki að opna glugga og gler sem hindra að hljóð berist að utan. Loks með vali á lagnaefnum, lyftu, loftræsibúnaði og þess háttar.“

Tvöföldu gólfin sem Íslenskir aðalverktakar hafa notað á síðustu árum þykja hafa gefið góða raun í þeim efnum, en aðferðin er upprunnin frá Þýskalandi.



Kristján Arinbjarnar hjá Íslenskum aðalverktökum segir tvöföld gólf hafa dugað vel til að dempa niður hávaða en aðferðin er upprunnin í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Einangrun er sett ofan á burðarplötuna og svo steypt aftur yfir þannig að gólfið er fljótandi frá burðarvirkinu,“ lýsir Kristján og bætir við að hugmyndir séu nú uppi um að fara enn lengra með aðferðina. „Við höfum fengið tillögu frá leiðandi þýskum ráðgjöfum um að setja tvöfalda einangrun í húsnæði, til að taka burt djúpa bassatóna og þvíumlíkt. Sú aðferð þykir hafa komið vel út í Þýskalandi og er nokkuð sem við hjá ÍAV eigum enn eftir að prófa.“

*- rve*





**Akstursfjarlægðir frá Vogum um upplýsta og tvöfalda Reykjanesbraut.**

Flugstöð Leifs Eiríkssonar 15 mínútur
Reykjanesbær 15 mínútur
Hafnarfjörður 20 mínútur
Smáralind 25 mínútur

VOGAR
– færast í vöxt




## STÆRRI OG STERKARI

Á síðasta ári sameinuðust PGV ehf. og Glugga og Glerhöllin á Akranesi en þar hefur verið framleitt gler í 61 ár og PVC-u gluggar síðustu þrjú árin. Á dögunum stækkaði fyrirtækið enn frekar þegar PGV ehf. keypti Glerborg ehf. og dótturfélag þess Gler og Spegla. Glerborg ehf. hefur verið starfrækt í 37 ár og er leiðandi á íslenskum markaði í framleiðslu einangrunarglers.

PGV ehf. hefur frá upphafi sérhæft sig í smíði á viðhaldsfríum gluggum, hurðum, sólstofum og svalalokunum úr PVC-u. Sameinuð fyrirtæki munu starfa undir merkinu Glerborg PGV. Við samrunann verður til einstakt og gríðarlega öflugt fyrirtæki á íslenskum byggingamarkaði með fjölbreyttar lausnir á öllu sem tengist gleri og gluggum.

Glerborg PGV ehf. Dalshraun 5, Hafnarfjörður, Sími: 565 0000 ı Ægisbraut 30, Akranes, Sími: 456 2000 ı Val ehf. Höfða 5c, Húsavík Sími: 464 2440 Gsm: 894 1804

GLERBORG PGV
GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR



Allar gerðir og stærðir mega vera með í dúkkusafninu. Það eina sem þær eiga sameiginlegt er að vera gamlar og notaðar og heilla Jonnu.



Stolnu skeiðarnar geymast í bauk og nýtast ekki til daglegs brúks. Þær bíða betri tíma þegar Jonna gefur þeim nýtt hlutverk.

# Safnar börnum og stolnum skeiðum

**Myndlistarkonan Jónborg Sigurðardóttir, betur þekkt sem Jonna, er safnari af guðs náð. Söfnunaráráttan hófst þegar hún var smástelpa og tók upp á því að stela skeiðum frá vinum og vandamönnum.**

„Ef mamma komst að því að ég hafði kippt með mér skeið sendi hún mig alltaf til að skila henni. Ég held hún hafi viljandi klætt mig í vasalaus föt til að koma í veg fyrir þjófnaðinn en ég stakk þá bara skeiðinni í brókina. Ég ákvað síðan að hefja alvörusöfnun um leið og mamma gæti ekki sent mig í skilaleiðangra. Markmiðið var sett á 500 skeiðar og þær nálgast 100 núna en ég hef sett safnið í smá pásu þar sem aðrir hlutir hafa tekið við,“ segir Jonna og horfir í kringum sig þar sem alls staðar blasa við skemmtilegir gamlir hlutir. „Ég er svo hrifnæm á hluti og heillast sérstaklega af öllu gömlu. Svo get ég ekki hent neinu og held oft í þá hugmynd að þetta og hitt eigi eftir að nýtast seinna. Stundum er einnig á áætlun að nýta suma gamla hluti í minni vinnu sem myndlistarkona en hugmyndirnar eru of margar til að koma þeim öllum í framkvæmd. Svo hef ég verið dugleg að safna börnum þannig að ekki gefst tími til að gera allt sem hugurinn stefnir á,“ segir hún brosandi um leið og næstyngsta barnið stingur inn nefi og mamma stendur í kjölfarið upp til að kanna hvort yngsta barnið sofi enn vært.

Jónborg býr í fallegu húsi við Helgamagrastræti á Akureyri og það fer ekki framhjá gestum götunnar að þar búa fagurkerar og mörg börn. Börnin eru orðin fimm, frumburðurinn er 24 ára en það yngsta, sem sefur vært úti í vagni, er tveggja ára. En blóðbörnin eru ekki einu börnin hennar Jonnu þar sem hún kennir myndlist fyrir grunnskólanemendur og því má segja að börnin hennar telji nú nokkra tugi.

Annað safn sem fer stækkandi er dúkkusafn sem einnig má rekja til barnæsku safnarans. „Ég átti eina uppáhaldsdúkku sem mamma henti nokkrum sinnum en ég náði henni alltaf aftur. Á endanum gafst hún auðvitað upp. Við erum svo ólíkar þar sem mamma er ótrúlega skipulögð og hendir öllu en ég hirði allt og hendi engu. Ég hef oftar en einu sinni hirt hluti sem vinir mínir vilja losa sig við og stundum hafa þeir notið góðs af og fengið til baka minningar úr æsku þegar eldgamlir hlutir birtast aftur.“ Á döfinni er að setja saman stórt dúkkuhús og raða inn í það húsgögnum og smáhlutum sem Jonna hefur safnað en er óuppstillt. Þá munu dúkkurnar öðlast nýtt heimili sem vafalaust mun búa yfir jafnmörgum fallegum hlutum og heimili eigandans.

*- va*



Jonna heillast af öllu gömlu og vill engu henda.



FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLLI

„Stöku gömlu bollarnir eru mest notuðu hlutirnir af því sem ég safna. Það er svo gaman og fallegt að bjóða hverjum gesti einstakan bolla.“




# Lundur 1

## Fossvogsdalnum í Kópavogi

Sala er hafin á íbúðum í glæsilegu álklæddu fjölbýlishúsi í Lundi 1 í Kópavogi. Íbúðirnar eru frá 120-160 fm og flestar með góðu útsýni. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.

Lundur er án vafa ein glæsilegasta staðsetning íbúðabyggðar á höfuðborgarsvæðinu enda skapa Fossvogurinn, Öskjuhlíðin og rómaðar gönguleiðir gott jafnvægi milli byggðar og náttúru. Hverfið er skipulagt með sex kjörnum og milli þeirra verða stór græn svæði. Stutt er í margvíslega þjónustu, afþreyingu og menningu, s.s. Smáralind, Kringluna, Salinn og Gerðarsafn.













REYNSLA • FAGMENNSKA • METNAÐUR

BYGG

FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
www.fjarfesting.is
BORGARTÚNI 31

Akkurat
FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐI 27
Sími 594 5000
akkurat.is

# Komdu skikki á skrifborðið

**Óreiðan á skrifborðinu segir meira en mörg orð um manneskjuna sem situr þar við vinnu sína.**

Margir hafa sitt eigið skipulag í óreiðunni og vita hvar hver hlutur er meðan aðrir örvænta og koma engu í verk ef skrifborðið flæðir í drasli. Fyrir þá sem vilja byrja með hreint borð er hægt að grípa til einfaldra aðgerða og ekki þarf að kosta miklu til til að koma skikki á hrúguna. *- rat*



Laus blöð og pappír geta flætt um vinnuborðið og allir kannast við vandræðin þegar leita þarf að gögnum í flóðinu meðan reiður kúnni bíður í símanum eða finna til launaseðlana sína fyrir síðasta ár við skattauppgjörið. Bréfaklemmur eru einföld uppfinning til að halda pappír til haga og hægt er að búa til flokka og merkja með mismunandi litum bréfaklemmum. Bréfaklemmubox úr Eymundsson, 330 krónur.



Geisladiska með mikilvægum gögnum má ekki láta þvælast um og rispast á borðinu innan um draslið. Betra er að raða diskunum í litlar möppur eða vasa svo ekki glatist mikilvægar upplýsingar og verkefni. Geisladiskaveski úr Eymundsson, 1.750 krónur.



Til að halda öllum skilaboðum til haga er ráð að hafa minnisblokk við höndina svo ekki fari dýrmætur tími til spillis í að leita að bréfsnifsi eða tómu umslagi til að krota á. Minnisblöð í skærum litum koma líka að góðum notum til að skrifa niður minnispunkta fyrir mann sjálfan svo mikilvæg stefnumót gleymist ekki í erli dagsins. Risskubbur frá Eymundsson í Kringlunni, 600 krónur.





Þartilgerðir pennahaldarar fást víða og fara vel á horni vinnuborðsins undir penna og fleira. Alveg eins er hægt að notast við hnífaparabakka úr eldhússkúffunni undir penna, heftara og ýmislegt smádót sem liggur á við og dreif. Hnífaparabakki úr stáli úr Byggt og búið kostar 1.999 krónur. Rauður pennastandur úr Eymundsson, 680 krónur.



Þegar blaðabunkinn er orðinn það stór að venjulegar bréfaklemmur ná ekki utan um hann er hægt að grípa til annarra ráða og leita í eldhússkúffuna. Stór og sterk stálklemma, ætluð til að loka kaffi eða hveitipokum, getur klemmt saman vænan bunka af pappír. Byggt og búið í Kringlunni, 328 krónur.



Margir leiðinda smáhlutir fylgja tölvunni og farsímanum og þvælast um skrifborðið; hleðslutæki, kortalesarar og alls konar snúrur. Þessu er best að rúlla upp og henda ofan í kassa þegar það er ekki í notkun svo hægt sé að ganga að því vísu þegar á þarf að halda. Munstraðir plastkassar úr Tiger í Kringlunni, tvær stærðir, 400 krónur stykkið.




LANDSNET



# RAFORKUFLUTNINGUR

- OKKAR FAG

**Nú geta allir raforkunotendur, þar með talin heimilin í landinu, ráðið af hvaða framleiðanda raforkan er keypt.**

Landsnet gegnir lykilhlutverki í markaðsvæðingu raforkukerfisins. Starfsemi þess snertir hvert byggt ból og Íslendinga alla.

Landsnet stýrir rekstri og uppbyggingu flutningskerfis raforku og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku með áreiðanleika, öryggi og hagkvæmni að leiðarljósi.

Til flutningskerfisins teljast allar línur sem eru með 66 kV spennu og hærri, auk nokkurra 33 kV lína, samtals um 3150 km af línum. Landsnet á og rekur einnig um 70 tengivirki víðs vegar um land.

Landsnet er ábyrgt og framsækið þjónustufyrirtæki með öfluga liðsheild, sterka samfélagsvitund og í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði.





Höfuðstöðvar Landsnets eru að Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík. Sími: 563 9300. Heimasíða: www.landsnet.is.

# Gönguleiðir

## fyrir alla fjölskylduna í nágrenni Grindavíkur

FJÖLSKYLDU-STEMNING | VEITINGAR | FJÖLBREYTTAR GÖNGULEIÐIR | SALTFISKSETUR ÍSLANDS



STIKAÐAR GÖNGULEIÐIR
LEIÐSÖGN Í BOÐI
HELLAFERÐIR
SÖGU OG MINJA FERÐIR
TYRKJABYRGIN
BRAUÐHELLIR
SELATANGAR OG HÚSHÓLMI

Áhugaverðar gönguleiðir við allra hæfi í stórbrotinni náttúru Reykjanesskagans og í Krýsuvík.
Gönguleiðakort og upplýsingar í upplýsingamiðstöð Grindavíkur: Hafnargata 12a - Sími 4201190 og **www.saltfisksetur.is**

**...aðeins 40 km frá Reykjavík**

*Grindavík...*
*góður bær*

GRINDAVÍK

# Fljótlegt og gott

**Blandarar henta þeim vel sem vilja tileinka sér heilbrigðan lífsstíl og skipuleggja matartímann í kringum annasamt líferni.**

Íslendingar hafa sjálfsagt aldrei verið meðvitaðri um heilbrigt líferni en nú og sést það meðal annars á fjölbreyttu framboði af heilsufæði og hvers kyns heilsutengdum námskeiðum. Eitt af því sem landsmenn hafa gert til að tileinka sér heilsusamlegan lífsstíl er að verða sér úti um góðan blandara enda með ólíkindum hvað hægt er að búa til með þessum galdratækjum. Auk þess hentar tæknin vel í hröðu samfélagi nútímans.

Ætli maður sér að fá sem mest út úr blandaranum skiptir hins vegar máli að velja einn sem malar, þeytir, hristir og hrærir eða býr yfir nógu mörgum möguleikum til að gera það sem hugurinn girnist, hvort sem það er saðsamur prótíndrykkur eða litríkur og ljúffengur kokkteill. Meðfylgjandi eru myndir af nokkrum blöndurum sem fást á markaðnum í dag. *- rve*



**Kenwood kMIX BLX51. Blandari frá Kenwood í nýju kMIX línunni. Öflugur 800w blandari með 1,6 lítra glerskál – kMix. Hægt að taka hnífa frá til að hreinsa. Gúmmítappar undir auka stöðugleika. Stærð í sentimetrum (breidd sinnum hæð sinnum dýpt): 16x38x19. Þyngd: 6,2 kíló. Fæst í rauðu, svörtu eða hvítu. Hægt að fá hrærivél, töfrasprota og handþeytara í stíl. Blandari kostar 14.995 krónur. Fæst í Heimilistækjum.**



**Nordica blandari með 300w mótor, tveimur hraðastillingum og flýtihraðastillingu, og 0,8 lítra glerkönnu, sem fæst í þrem litum: hvítum, grænum eða bleikum. Hægt er að búa til súpur, sósur, barnamat og mala ís í blandara. Hnífar úr ryðfríu stáli, en hægt er að taka þá af til að þvo. Verð 3.495 krónur. Fæst í Elko.**



**Philips AluLine HR2094. Öflugur 750w blandari með 1,5 l glerskál. Mótor í álhúsi sem er fingrafara- og rispuhelt. Ávaxtafilter. Blátt ljós. Hægt að fá kaffikönnu, brauðrist, ketil og fleira í stíl. Blandari kostar 10.995 krónur. Fæst í Heimilistækjum.**



**Tristar BL-4417. Nýr blandari með 1,5 lítra glerkönnu og í burstuðu stáli. Öflugur 500W mótor, með tveimur hraðastillingum. Sérhönnuð blöð mala klaka. Auðveldur í þrifum. Verð er 5.990 krónur. Fæst í Rafha.**



**Cloer 6948. Aflmikill 550W mótor, með tveimur hraðastillingum og flýtihraðastillingu, 1,2 l glerkönnu og burstuðu stál. Malar ís léttilega, þeytir, hristir og hrærir allt sem hugurinn girnist. Auðveldur í þrifum. Verð 9.990 krónur. Fæst í Rafha.**



**Kröftugur 750w Philips blandari úr áli með fimm hraðastillingum og flýtihraðastillingu, tveggja lítra glerkönnu og ávaxtasíu, sem síar steina og fræ í burtu og býr til hreinan ávaxtasafa. Getur malað ísmola. Hægt er að losa hnífa frá til að auðvelda þrif á könnu. Verð 10.495 krónur. Fæst í Elko.**


*Konur athugið!*

**Bylting í öryggismálum!**



*Líkt og með menn þá eru rútur einfaldlega ekki allar jafn öruggar. Bjóðum á þriðja tug af nýjum og góðum bílum með þriggja punkta öryggisbeltum í öllum sætum. Hafðu samband og sérpantaðu einn slíkan fyrir þá sem þér þykir vænt um.*

**Guðmundur Tyrfingsson ehf**

**www.gtyrfingsson.is - S. 568 1410 / 482 1210 - Grænir og góðir ;)**




**Róbert Traustason notar blandara óspart til að búa sér til orkudrykk eftir æfingu.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Mesta þarfaþing

**Róbert Traustason einkaþjálfari hjá Boot Camp veitir uppskrift að drykk sem fyllir líkamann af orku eftir æfingu.**

Róbert Traustason, einkaþjálfari og einn stofnenda Boot Camp líkamsræktar, notar blandara óspart til að búa sér til hressandi drykki.

„Já, það er nauðsynlegt að fá sér góðan prótíndrykk. Maður þarf nefnilega helst að borða innan 30 mínútna eftir æfingu og næra vöðvana strax eftir átökin. Þá er mikilvægt að fá sér góða blöndu af prótínum og kolvetnum til að fylla líkamann aftur af orku. Hana fær maður úr prótíndrykknum, sem líkaminn sogar strax í sig.“

Ýmsir drykkir eru í boði hjá Boot Camp og segir Róbert svokallað Létt Boozt njóta einna mestra vinsælda, en sá drykkur samanstendur af vanilluskyri, ferskum ávöxtum, múslí, kókosmjöli, vatni og klökum. Þeir sem vilja þyngja sig og stækka geta síðan bætt prótínum út í og dugar þar ein skeið af hreinu mysuprótíni.

Ekki tekur nema 35 til 45 sekúndur að blanda drykkinn, en Róbert notar til þess Hamilton Beach Commercial blandara og segir ekkert minna duga til að blanda allan þann fjölda drykkja sem rýkur út eins og heitar lummur hjá Boot Camp.

**LÉTT BOOZT**

Innihald:
- 200 til 250 g af vanilluskyri
- 1/2 banani
- 1 lítil pera (eða 1/2 stór pera)
- 30 til 50 g múslí
- 1 msk. kókosmjöl
- 6 stórir ísklakar
- 50 til 100 ml ískalt vatn (fer eftir hversu þykkan boozt fólk vill)
- 30 g af hreinu mysuprótíni – fyrir þá sem þurfa aukaprótín í fæðuna.

Setjið allt í blandarann og klakana síðast. Setjið á fullan kraft í 35 til 45 sekúndur. Tilbúið til neyslu.


Alvöru sturtur
hansgrohe
AXOR
hansgrohe
ÍSLEIFUR
JÓNSSON
Draghåls 14 - 16 · 110 Reykjavík
Sími 4 12 12 00 · Fax 4 12 12 01

# FLATSKJÁIR

## FRÁBÆR TILBOÐ




## FULL HD LCD Á FRÁBÆRU VERÐI

**Philips 42PFL7662D**
42" LCD Pixel Plus Full HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1920x1080 punkta upplausn, Pixel Plus HD, Progressive Scan, HD Ready, 5.000:1 skerpu, 3D Combfilter og Active Control, 2 x 10w Nicam Stereó hljóðkerfi með Incredible Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og textavarpi.

HD ready · Full HD 1080p · PIXEL PLUS HD

PIXEL PLUS MYNDTÆKNIN EYKUR LÍNUFJÖLDA OG SKERPU
TRYGGIR YFIRBURÐA MYNDGÆÐI

**TILBOÐ**
**199.995**
FULLT VERÐ **269.995**

## AMBILIGHT FLATSKJÁ BAKLÝSING ALVEG EINSTÖK UPPLIFUN




HDMI · PIXEL PLUS HD

### ÓDÝRT 32" TÆKI MEÐ PIXEL PLUS HD

**Philips 32PFL5322**
32" LCD Pixel Plus HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus HD, Progressive Scan, HD Ready, 4.000:1 skerpu, Active Control og Contrast Plus, 2 x 20w Nicam Stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi, svefnrofa ofl.

**TILBOÐ**
**114.995**
FULLT VERÐ **119.995**




HD ready · Digital Natural Motion · HDMI · PIXEL PLUS 2 HD

### ÓDÝRASTA 32" TÆKIÐ MEÐ AMBILIGHT

**Philips 32PFL7962D**
32" LCD Pixel Plus 2 HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus 2 HD, Ambilight 2 bakljósi, Digital Natural Motion og Progressive Scan, HD Ready, 7.500:1 skerpu, Active Control og Dynamic Contrast, 2 x 20w Nicam stereó hljóðkerfi með Incredible Surround, 2 Scart (með RGB), 3 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, USB tengi, textavarpi, svefnrofa og fjarstýringu.

Powered by ambi light

**TILBOÐ**
**144.995**
FULLT VERÐ **189.995**




HD ready · Digital Natural Motion · HDMI · PIXEL PLUS 2 HD

### 42" FULL HD LCD MEÐ AMBILIGHT

**Philips 42PFL7962D**
42" LCD Pixel Plus 2 HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus 2 HD, Ambilight 2 bakljósi, Digital Natural Motion og Progressive Scan, HD Ready, 7.000:1 skerpu, Active Control og Dynamic Contrast, 2 x 20w Nicam stereó hljóðkerfi með Incredible Surround, 2 Scart (með RGB), 3 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, USB tengi, textavarpi, svefnrofa og fjarstýringu.

Powered by ambi light

**TILBOÐ**
**229.995**
FULLT VERÐ **299.995**

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 36 | GARÐARSBRAUT 18A | EYRARVEGI 21 |
| SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 464 1600 | 480 3700 |

**Heimilistæki**

ht.is

## Vantar þig hlutastarf.

Pizza Hut leitar að duglegu og stundvísu starfólki í vetur. Um er að ræða störf í veitingasal og í eldhúsi. Lágmarksaldur er 18 ára. Umsóknir sendist á www.pizzahut.is eða hafið samband við Leó veitingastjóra Pizza Hut Hótel Nordica í síma 865 9691 og 533 2002.

## Ísbar/Booztbar, Kringlunni.

**Óskum eftir að ráða í eftirfarandi starf. Dagvinna á tímabilinu 8.30-16.30, heilsdags eða hálfsdags starf. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Einungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 898 7924, Kristinn eða senda umsókn á cyrus@simnet.is**

## Vantar þig vinnu með skóla?

**Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða vaktavinnu um kvöld og helgar í Borgartúni og Hringbraut/BSÍ. Fleiri staðir koma einnig til greina. Breytilegar vaktir í boði sem henta vel með skóla. Hægt er að sækja um á subway.is. Nánari upplýsingar veitir Anna í síma 530 7004. Aldurstakmark er 16 ár.**

## Smurstöð

N1 óskar eftir áreiðanlegum og duglegum starfsmanni til starfa á smurstöð félagsins við Fellsmúla. Æskilegt að viðkomandi hafi reynslu af smurþjónustu og bílaviðgerðum. Nánari upplýsingar veitir Sigmar Gíslason í síma 530 5710. Áhugasamnir sæki um á www.n1.is

Ertu 50+ og býrð yfir reynslu! Er að leita að samstarfólki í mjög áhugavert verkefni. Mjög góð þóknun nú og til framtíðar. uppl. 575-1525

## Vantar þig ábyrgan flutningsaðila?

Erum með almenna flutninga á vörum, búslóðum o.f.l. Erum einnig með burðarmenn ef þess þarf.Keyrum aðallega á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum en gefum líka tilboð á aðra staði.Hringið í síma 892-6212 og fáið tilboð og upplýsingar hjá Magga.

Bílamálari Langar þig að flytja út á land ? Kjalfell ehf á Blönduósi óskar eftir bílamálara. Skilyrði er að umsækjandi sé með reynslu í bílamálun. Nánari upplýsingar gefur Rúnar í síma 695-3363. www.kjalfell.is

Smiðir járnabindingamenn: Óskum eftir vönum smiðum í flekauppslátt, einnig vantar okkur vana járnabindingamenn. Næg verkefni framundan. Upplýsingar í símum 8565555 og 5177833

## Sólbaðstofa

Óskum eftir starfsfólki í hlutastarf og fullt starf. Upplýsingar á staðnum. Sólbaðstofan Sælan, Bæjarlind 1. S. 544 2424.

Íslenskt hönnunar- og framleiðslufyrirtæki óskar eftir umboðsmönnum til að leiða heimsölu á landsbyggðinni. Fyrirtækið hannar heimilislínu úr bómull sem hentar vel í heimasölu. Miklir tekjumöguleikar. Upplýsingar í síma 899 8152

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

60 ára maður óskast eftir að kynnast konu á aldrinum 50-65 ára. Svar sendist FBL merkt „vinur"

Ford f150 Harley Davidson árg. 2006 sjálfskiptur. Ekinn 23000 km, með loki á palli, 22 tommu felgur, svartur, allur hugsanl. aukabunaður, toppl., rafm. i öllu. Fæst +a yfirtöku. Uppl. i síma 845 4030. Einnig Grand Cherokee srt 8 árg. 2007 sjalfskiptur. Ekinn 3000 km, svartur, allur aukabunaður, 20 tommu felgur, 440 hö. Uppl. i síma 845 4030.

# Þarftu að leigja?

Rentus LEIGUMIÐLUN

Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is

# Kynning á kjarasamningi VM á Akureyri

VM - Félag vélstjóra og málmtæknimanna heldur kynningarfund á kjarasamningi við SA á morgun, miðvikudag kl. 20:00 í Stássinu, Greifanum á Akureyri.

VM - Félag vélstjóra og málmtæknimanna

*VM – Félag vélstjóra og málmtæknimanna*

## Línuhönnun verkfræðistofa

### 3 herbergja íbúð óskast til leigu í Reykjavík

Verkfræðistofan Línuhönnun óskar eftir 3-4 herb. íbúð í Reykjavík. Íbúðin þarf að vera búin nauðsynlegum húsgögnum. Leigutími er mars og apríl 2008.

**Nánari upplýsingar gefur Ásta í síma 660 1505 / asta@lh.is**

*Línuhönnun er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki sem veitir þjónustu á nokkrum tugum þjónustuflokka. Fyrirtækið býr yfir víðtækri fagþekkingu og hefur á að skipa stórum hópi reyndra og framsækinna sérfræðinga.*

*Fyrirtækið og starfsmenn þess hafa hlotið mörg verðlaun og ýmsar viðurkenningar, svo sem umhverfisviðurkenninguna Kuðunginn og Íslensku gæðaverðlaunin, bæði á árinu 2006.*

Línuhönnun hf. | Suðurlandsbraut 4A | 108 Reykjavík | sími: 585 1500 | www.lh.is | lh@lh.is

## FASTEIGNASALAN GIMLI 570 4800

Árni Stefánsson, lögg. fasteignasali

**Grensásvegi 13, 2. hæð - 108 Reykjavík - Sími 570 4800**

**ÆGISGATA 5**
**ÍBÚÐ Á 3. HÆÐ Í LYFTUHÚSI**
**GLÆSILEG NÝLEG ÍBÚÐ**

Frum



Vorum að fá í einkasölu glæsilega nýl. 91 fm 2ja herb. íbúð á 3. hæð í lyftuhúsi í miðbæ Reykjavíkur með sérinngangi, auk stæðis í bílageymslu. Stórt svefnherbergi og stór og björt stofa með glæsilegu útsýni, norðvestursvalir. Glæsilegar innréttingar. Flísalagt baðherbergi. Parket og flísar á gólfi. Íbúðin er fullbúin með öllum tækjum. **Áhv. 25 millj. KB 4,15% vextir. LAUS STRAX.**

**Íbúðin verður til sýnis í dag þriðjudag frá kl. 18 - 19**

## HÚSIÐ FASTEIGNASALA

**Suðurlandsbraut 50**
(Bláu húsin við Faxafen)
**Sími: 513-4300**

Vilhjálmur Bjarnason - Lögg. fast.sali

**Glaðheimar 22 - 104 Rvk**
**OPIÐ HÚS í dag 26. feb. frá kl. 18:00 - 19:00**

Frum



Björt og falleg 5 herb. 191,1 fm íbúð á 3.hæð í þríbýli með bílskúr. Útitröppur eru upp á aðra hæð og er þá gengið inn í sér stigahús. Tvennar góðar svalir. Geymsla er við hliðina á hjónaherbegi og við hliðina á geymslunni er manngengt fataherbergi. Í kjallara er (geymsla) herbergi, útigeymsla og geymsla undir tröppunum sem er í sameign. Bílskúr er 24,5 fm með flísalögðu gólfi og sjálfvirkum bílskúrshurðaopnara. Planið fyrir framan bílskúrinn er hellulagt og hitaaffallið frá húsinu rennur í gegnum planið sem gerir það að verkum að það er alltaf þurrt. **Verð 46,9 millj.**

***Mjög eiguleg fasteign sem vert er að skoða.***
***Sigurður sími 663 2697 tekur á móti gestum***
***Verið velkomin!***

# Hvernig finn ég staðinn?

**Er sama hvernig heimilisföng eru skráð, skilgreind og birt?**

Fundur Fasteignamats ríkisins í samvinnu við LÍSU - samtök um landupplýsingar á Íslandi - í tilefni heimsóknar Morten Lind, sérfræðings Dana um staðfangaskrá

Hvammur, Grand Hótel, 28. febrúar 2008, kl. 10.00 - 12.00

**Skráning og nánari upplýsingar á landupplysingar@fmr.is eða í síma 515 5300 (Katrín/Tryggvi).**

**Frestur til skráningar er til 27. febrúar nk. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.**

515 5300
www.fmr.is FASTEIGNAMAT RÍKISINS FMR

Skipulags stofnun

# Mat á umhverfisáhrifum

## - Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Allt að 6 MW virkjun í Brúará, Bláskógabyggð**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **25. mars 2008.**

**Skipulagsstofnun**

# Auglýsing um skipulag í Kópavogi

## Sunnubraut 30. Deiliskipulag.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga að deiliskipulagi á Sunnubraut 30. Á lóðinni sem er 833 m2 er fyrirhugað að fjarlægja einbýlishús byggt 1939 og í þess stað, byggja parhús á tveimur hæðum. Hámarksstærð húss nr. 30 A er 210 m2 og 30 B er 204 m2. Nýtingarhlutfall án bílakjallara verður ekki hærra en 0.5 og 0.83 með kjallara. Hámarkshæð húsa verði 6,3 metrar frá aðkomuhæð. Gert er ráð fyrir tvöfaldri bílageymslu og þjónusturýmum í kjallara, allt að 140 m2 fyrir hvora íbúð.
Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:500 dags. 28. febrúar 2008.

## Kópavogsbraut 75. Deiliskipulag.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga að deiliskipulagi á Kópavogsbraut 75. Á lóðinni sem er 991 m2 að stærð er fyrirhugað að fjarlægja núverandi einbýlishús en reisa þess í stað fimm íbúða fjölbýlishús á tveimur hæðum og kjallara, með tveimur innbyggðum bílageymslum. Miðhluti hússins er hæstur, en austur- og vesturhlutar þess eru lægri. Svalir eru á þaki lægri byggingarhlutanna. Hjóla- og vagngeymslur eru niðurgrafnar undir stétt. Heildarstærð hússins er áætlaður um 821 m2 og nýtingarhlutfall lóðarinnar 0.823. Hámarkshæð hússins frá inngönguhæð er 6.3 metrar. Miðað er við 2 bílastæði fyrir hverja íbúð; samtals 10 stæði.
Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:500 og 1:200 dags. 21. nóvember 2007.

Tillagan verður til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:00 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00 frá 26. febrúar 2008 til 25. mars 2008. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is . Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega Bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 15:00 þriðjudaginn 15. apríl 2008. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

**Skipulagsstjóri Kópavogs.**

# BÍLABYLTING





## TOYOTA HYBRID

### *Toyota Highlander og Toyota Camry Hybrid til sýnis í Hagkaup Smáralind.*

islandus.com kynnir ***Toyota Highlander*** og ***Toyota Camry*** með nýrri umhverfisvænni ***HYBRID*** tækni sem gefur meiri kraft og minnkar eldsneytisnotkun um nær helming!

**Toyota *Highlander***
**7,5 á hundraðið 280 hestöfl!**

**Toyota *Camry***
**5,8 á hundraðið 187 hestöfl!**



**HYBRID** bílar eru umhverfisvænir og nota mun minna eldsneyti en hefðbundnir bensín og dísel bílar. Toyota hóf þróun **HYBRID** tækninnar fyrir rúmum fimmtán árum og hefur nú selt meira en milljón **HYBRID** bíla til almennings. Áhersla Toyota er nú á þessari nýju umhverfisvænu tækni og stöðugt fjölgar nýjum Toyota **HYBRID** bílum sem leysa af hólmi eldri gerðir bensín og dísel bíla. Á Íslandi hefur Toyota Prius **HYBRID** og Lexus RX400 verið seldir um árabil og reynst einstaklega vel. Toyota Highlander, Toyota Camry, Lexus RX400 og Lexus ES350 eru einstaklega vandaðir og kraftmiklir lúxusbílar sem allir eru byggðir á sama grunni.

**islandus.com**

**www.islandus.com - Sími 552 2000**

TOYOTA AUDI Mercedes-Benz GM DODGE

**Milliliðalaust frá USA:**

***Nýjir og Nýlegir***

**bílar frá öllum helstu framleiðendum**

**allt að**
**30%**
**undir markaðsverði!**



*„Þjónustan til fyrirmyndar í einu og öllu og bíllinn alveg draumur"*
*Sæmundur Pálsson, leigubílstjóri*

# Hvað er að gerast í póstþjónustu landsmanna?

UMRÆÐAN
Póstþjónusta


JÓN BJARNASON

Að undanförnu hafa okkur þingmönnum borist erindi, bréf og fyrirspurnir frá sveitarstjórnum og einstaklingum sem benda á skerta póstþjónustu og áform um enn frekari niðurskurð. Hér er m.a. um að ræða fækkun póstburðardaga á stórum landsvæðum, lokun pósthúsa og skipulagsbreytingar sem hafa í för með sér skerta þjónustu. Starfsfólki í póstþjónustu um áratuga bil hefur verið sagt upp störfum undir yfirskini hagræðingar, en álag á aðra eykst.

**Einkavæðingin og Íslandspóstur hf.**
Ég hafði miklar efasemdir um hlutafélagavæðingu póstþjónustunnar á sínum tíma og stofnun Íslandspósts hf. Þar væri í raun verið að taka ákvörðun um einkavæðingu póstþjónustunnar í áföngum. Miklu nær hefði verið að skipuleggja póstflutninga sem þátt í almenningssamgöngum hvort sem er í lofti, á láði eða legi. Áætlunarferðir sem áður nutu stuðnings póstflutninga hafa víða lagst af eða berjast í bökkum. Því hefðu póstflutningar átt að vera hluti af hinni samræmdu opinberu samgönguáætlun og lögin um póstflutninga hefðu átt að kveða á um að svo skyldi vera. Á þetta benda m.a. sveitarstjórnir sem berjast fyrir bættum almenningssamgöngum svo sem styrkingu flugs til Bíldudals eða með bílum um Ísafjarðardjúp.

**Lögbundin þjónusta**
Þáverandi samgönguráðherra, Sturla Böðvarsson, svaraði gagnrýni minni á lögin þannig að verið væri að bæta þjónustuna. Vísaði hann í markmiðsgrein laganna en þar segir: „Íslenska ríkið skal tryggja öllum landsmönnum á jafnræðisgrundvelli aðgang að ákveðnum þáttum póstþjónustu, alþjónustu, með ákveðnum gæðum og á viðráðanleguverði.“ Orðrétt sagði ráðherrann: „Í þriðja lagi eru tekin inn í [frumvarpið] ákvæði varðandi kröfur um gæði póstþjónustunnar og ákvæði um söfnun pósts og útburð alla virka daga alls staðar á landinu. Lagt er til að fært verði í lög að póstsendingar innan marka alþjónustu skuli bornar út alla virka daga alls staðar á landinu nema kringumstæður eða landfræðilegar aðstæður komi í veg fyrir útburð. Slíkar kringumstæður geta verið ófærð og óveður eða sérstakar landfræðilegar aðstæður.“

Formaður samgöngunefndar, Guðmundur Hallvarðsson, ítrekaði þessa skilgreiningu á alþjónustu og póstútburði alla virka daga um allt land.

**Hugsar fyrst um arðinn?**
Því er þetta rakið hér að nú berast fregnir af áformum Íslandspósts hf. um uppstokkun á allri þessari þjónustu víða um land. Starfsfólki í póstþjónustu hefur verið sagt upp og fregnir berast af víðtækum niðurskurði á póstútburði víða um land og lokun pósthúsa vofir yfir. Ekki kemur á óvart áhugi stjórnenda hlutafélagsins fyrir að skera niður þá þjónustu sem honum finnst minnst arðbær, en það er við hinar dreifðu byggðir. Því er það mjög mikilvægt að samgönguráðherra komi nú þegar í veg fyrir að þjónustan verði skert eða gengið sé á bak laga og yfirlýsinga um gæði og jafnræði póstþjónustunnar.

**Úttekt á póstþjónustunni?**
Grunnpóstþjónusta skiptir máli fyrir samkeppnishæfni atvinnulífs og búsetu um allt land. Lög kveða á um jafnræði allra landsmanna í þeim efnum. Bréf og áskoranir sem við þingmenn höfum fengið að undanförnu benda til umfangsmikilla skerðinga á póstþjónustu landsmanna. Núverandi samgönguráðherra tók undir gagnrýni mína og kröfur um þjónustu Íslandspósts meðan hann var óbreyttur þingmaður. Hann verður nú sem ráðherra póstmála að svara því skýrt hvað er á seyði í þeim efnum.

Vel má vera tímabært að kalla eftir sérstakri úttekt á því, hvernig umfang og gæði póstþjónustunnar hefur þróast bæði í þéttbýli og dreifbýli á undanförnum árum eftir að einkavæðing hennar hófst.

*Höfundur er þingmaður Vinstri grænna.*

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Þegar stórt er spurt

**Matthías Kristinsson, fyrrverandi skólastjóri, skrifar:**

Hvar eru STÓRU ORÐIN sem forsvarsmenn verkalýðshreyfingarinnar létu frá sér fara þegar Davíð Oddsson fékk eina og hálf verkamannalaun í launahækkun?
Hvar eru STÓRU ORÐIN sem sömu menn létu falla um eftirlaunin sem þingmenn og ráðherrar úthlutuðu sér?
Voru STÓRU ORÐIN ekki í þá veru að ekki yrði samið nema eftirlaunahækkun þingmanna og ráðherra gengi til baka og að mið yrði tekið af launahækkun seðlabankastjóra í næstu kjarasamningum?
Voru STÓRU ORÐIN svo þung á baki forustumanna verkalýðshreyfingarinnar að hún gat ekki burðast með þau lengur, eða voru þau sögð í hálfkæringi og eru nú gleymd og grafin? Og hvernig er það með eftirlaunafrumvarpið sem Valgerður Bjarnadóttir lagði fram á Alþingi í haust við góðar undirtektir og lof allra þingmanna? Ætlar þingið að svæfa það vegna eiginhagsmuna og í von um að allir séu búnir að gleyma því gerræði sem þar átti sér stað?
Er ekkert að marka STÓRU ORÐIN og góðar undirtektir í þessu þjóðfélagi?
Mér er spurn!

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn áskilur sér rétt til að birta efni í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.





Forsíðuleikur á visir.is færir þér lukku

Gerðu visir.is að upphafssíðu og taktu þátt í vinningsleik, fjöldi frábærra vinninga – utanlandsferðir, dvd-myndir, áskrift að Stöð 2, bíómiðar o.fl.

ÍSLAND Í DAG
Skýrari sýn á það helsta sem er að gerast á Íslandi

**Þú horfir á Ísland í dag þegar þér hentar á visir.is.** Ísland í dag er fréttatengdur þáttur þar sem lifandi þjóðfélagsumræða fer fram alla virka daga. Svanhildur Hólm, Inga Lind Karlsdóttir, Sölvi Tryggvason og Þorfinnur Ómarsson standa vaktina og varpa nýju og skýrara ljósi á allt það helsta sem gerst hefur á Íslandi í dag.

visir.is
...ég sá það á visir.is

# Um landfyllingu og Bónusverslun á Seltjarnarnesi

**UMRÆÐAN**
Verslunarrekstur


JÓHANNES JÓNSSON

Bæjaryfirvöld á Seltjarnarnesi hafa lengi barist hatrammlega gegn lágvöruverðsverslun Bónuss á Seltjarnarnesi. Í löngu og ítarlegu viðtali við Jónmund Guðmarsson, bæjarstjóra á Seltjarnarnesi, í Morgunblaðinu 17. febrúar sl. var meðal annars rætt um brotthvarf verslunar Bónuss úr bæjarfélaginu. Því miður fór Jónmundur bæjarstjóri ítrekað með rangt mál og sneri raunar ýmsu á hvolf, hvað varðar samskipti Bónus við Seltjarnarnes í gegnum árin.

Í nokkur ár hefur verið vitað að húsnæðið sem hýsti verslun Bónuss á Hrólfsskálamel yrði rifið vegna nýs skipulags á svæðinu. Óhætt er að segja að forsvarsmenn sveitarfélagsins hafi vísvitandi skipulagt Bónus út af Seltjarnarnesi, án þess að skeyta nokkuð um þau lífsgæði sem óneitanlega eru falin í því að búa nærri lágvöruverðsverslun. Þyrping þróunarfélag, sem er tengt Baugi Group, hóf vinnu fyrir Bónus við greiningu á möguleikum til uppbyggingar á verslun og þjónustu á Hrólfsskálamel. Farið var yfir niðurstöðu bindandi íbúakosninga um nýtingu Hrólfsskálamels og Suðurstrandar. Í þeirri tillögu sem varð fyrir valinu er gert ráð fyrir blandaðri byggð og varð niðurstaðan sú að þarna væri ekki svigrúm til uppbyggingar á öflugu verslunarsvæði.

Eina stórverslunin á Seltjarnarnesi í dag er því Hagkaup við Eiðistorg, en eins og bæjarstjórinn veit manna best býr sú verslun við mikil þrengsli í um þrjátíu ára gömlu húsnæði. Vegna þessa getur verslunin ekki boðið viðskiptavinum sínum upp á það vöruúrval og þá þjónustu sem þeir óska eftir og eigendur fyrirtækisins vilja veita. Skiljanlega hafa viðskiptavinir komið fram með kvartanir þar að lútandi.

### Uppbygging á Eiðistorgi

Seinni hluta árs 2006 vann Þyrping, í samvinnu við Seltjarnarnesbæ, tillögur um mögulega uppbyggingu verslunar á Eiðistorgi fyrir Bónus og Hagkaup. Var m.a. kannað hvort verslun Hagkaupa kæmist fyrir í nýju húsnæði á lóð þar sem nú er bensínstöð Orku, og að Bónus færi í núverandi húsnæði Hagkaupa. Í ljós kom að ekki er gerlegt að koma verslunum Hagkaupa og Bónuss fyrir á svæðinu, m.a. vegna takmarkaðs landrýmis, þrengsla og ófullnægjandi aðkomu. Það er miður, þar sem eigendum Bónuss og Hagkaupa er mikið í mun að efla starfsemi fyrirtækjanna með stærri verslunum og bættri þjónustu við íbúa á svæðinu í takt við þróun byggðar á vesturhluta höfuðborgarsvæðisins. Ákvörðun um að engin frekari uppbygging yrði á Eiðistorgi af hálfu Bónuss og Hagkaupa var því tekin þar sem annmarkarnir eru slíkir að ekki var talinn grundvöllur fyrir frekari framkvæmdum.

Undirritaður átti þó nokkra fundi með bæjarstjóranum, til þess að ræða þessi mál og reyna að tryggja að íbúar Seltjarnarness og vesturhluta Reykjavíkur gætu áfram nálgast ódýra og góða dagvöru, án þess að keyra bæjarhlutanna á milli. Skemmst er frá því að segja að Jónmundur gerði lítið til þess að greiða götu viðskiptavina Bónuss.

### Landfylling við Norðurströnd

Nánari rannsóknir Þyrpingar leiddu fljótlega í ljós að vænlegur kostur til uppbyggingar verslunar og þjónustu væri landfylling norðanmegin Norðurstrandar, á bæjarmörkum Seltjarnarness og Reykjavíkur. Þar væri hægt að byggja upp öfluga þjónustu fyrir íbúa Seltjarnarness og Vesturbæjar Reykjavíkur. Hagkaup, Bónus og aðrar verslanir kæmust þarna fyrir og það svæði sem losnaði á Eiðistorgi gæti farið undir aðra byggð.

Þyrping gerði að auki tillögur um að Bónusverslun yrði staðsett á lóð við Austurströnd þar sem nú er bensínstöð og að Hagkaupsverslunin yrði staðsett við Eiðistorg. Fljótlega kom í ljós að forsvarsmenn olíufélagsins höfðu ekki áhuga á að selja lóðina, auk þess sem rannsóknir sýndu að þessi kostur væri ekki eftirsóknarverður þar sem lítið rými er fyrir bílastæði og ljóst væri að Hagkaup og Bónus yrðu áfram hvort á sínum staðnum. Slíkt er óheppilegt fyrir umferð á svæðinu, þar sem samlegðaráhrif af nýtingu bílastæða tapast.

Það var því ákveðið af hálfu Þyrpingar að skoða hugmynd um landfyllingu enn frekar og leggja tillögu fyrir skipulagsyfirvöld á Seltjarnarnesi um 22.000 fermetra landfyllingu norðan við Eiðsgranda. Það ber að taka fram að svæðaskipulag höfuðborgarsvæðisins gerir m.a. ráð fyrir slíkum möguleika. Á landfyllingunni er gert ráð fyrir um 4.000 fermetra Hagkaupsverslun, um 1.200 fermetra Bónusverslun og um 1.200 fermetra rými fyrir aðrar minni verslanir og þjónustu ásamt rúmlega 200 bílastæðum. Fjölmargir aðilar hafa komið að máli við undirritaðan og lýst yfir áhuga á því að leigja verslunarhúsnæði undir litlar verslanir, kæmi til uppbyggingar á landfyllingu við Norðurströnd.

Tillögur Þyrpingar eru mjög metnaðarfullar. Þær taka tillit til mögulegrar útivistar í tengslum við göngu- og hjólreiðastíga sem fyrir eru við ströndina og lögð er mikil áhersla á að byggingarnar falli vel inn í umhverfið, að húsin verði lágreist og að skjólveggir norðanmegin á fyllingunni hylji þá starfsemi sem fram fer baka til við slíkar verslanir, s.s. vörumóttöku og fleira.



**LANDFYLLING** Myndirnar sýna hvernig verslanir Bónuss og Hagkaupa hefðu litið út, hefði verið ráðist í landfyllingu við Norðurströnd Seltjarnarness og uppbyggingu lítillar verslunarmiðstöðvar.

Til að gera langa sögu stutta var tillögum Þyrpingar hafnað af skipulags- og mannvirkjanefnd Seltjarnarnesbæjar. Rökin voru einkum þau að bæjaryfirvöld hefðu nýlega lokið við gerð aðalskipulags sem gerði ekki ráð fyrir landfyllingu og að ekki væri, að mati forsvarsmanna Seltjarnarness, áhugi á meðal bæjarbúa fyrir slíkri landfyllingu.

### Rógsherferð gegn tillögunum

Það skal áréttað að í sömu andrá og Þyrping lagði fram sínar tillögur um landfyllingu við Austurströnd, voru uppi hugmyndir annarra aðila um landfyllingu við Suðurströnd á Seltjarnarnesi sem mættu mikilli andstöðu í bæjarfélaginu. Í júnímánuði árið 2005 var Seltirningum gefinn kostur á að kjósa um skipulagstillögur fyrir Hrólfsskálamel annars vegar og Suðurströnd hins vegar. Alls greiddu 1.727 atkvæði eða 52% atkvæðisbærra á Seltjarnarnesi. Ekki var verið að kjósa um landfyllingu við Norðurströnd.

Sjálfsagt er að draga þá ályktun að hugmyndirnar varðandi Suðurströndina hafi vegið þungt hjá Seltirningum. Þá er ekki loku fyrir það skotið að rógsherferð óvilhallra einstaklinga – sem ráðist var í fyrir umræddar kosningar – hafi skilað árangri. Til þess að rugla fólk í ríminu tók einhver upp á því að dreifa til íbúa bæjarfélagsins myndum með upplýsingum sem skrumskældu tillögur Þyrpingar fyrir Norðurströndina. Þar hafði meðal annars hæð hugsanlegrar verslunarmiðstöðvar verið hækkuð um nærri helming og útlitið var í engu samræmi við tillögur Þyrpingar.

### Andstaða frá upphafi

Eins og áður segir hafa forsvarsmenn Bónuss og Hagkaupa ítrekað átt fundi með Jónmundi bæjarstjóra vegna þá væntanlegs flutnings Bónuss, en ekkert orðið ágengt. Í umræddu viðtali kom fram að það hefði verið einhliða ákvörðun Bónuss að fara. Bæjaryfirvöld sögðu upp leigusamningi við Bónus án þess að bjóða nokkrar lausnir. Bónus hafði ekkert val. Forsvarsmenn fyrirtækisins óskuðu eftir tillögum að lausnum og funduðu með bæjarstjóra án nokkurra viðbragða. Bæjaryfirvöld buðu Högum á sínum tíma að kaupa á markaðsverði land undir verslun fyrir Bónus á Hrólfsskálamel. Eins og Íslendingar vita eru verslanir Bónuss þannig reknar að álagningu og allri umgjörð er haldið í algjöru lágmarki og augljóst að verslunin myndi aldrei standa undir slíkri fjárfestingu á þeim eftirsótta og dýra stað.

Nú kynni einhver að spyrja hvort kostnaður við landfyllingu sé ekki mikill og mun meiri en lóð við Hrólfsskálamel. Það væri vissulega rétt athugasemd en er þó fljótsvarað: Með því að hafa bæði verslun Hagkaupa og Bónuss á henni og rými fyrir minni verslanir og þjónustu jafnast kostnaður út á fleiri aðila og myndi ekki vera byrði fyrir verslunareigendur og enn síður viðskiptavini fyrirtækjanna.

Það er umhugsunarvert að strax þegar forráðamenn Bónuss lögðu fram óskir um verslunarrekstur á Seltjarnarnesi árið 1992, urðu þeir varir við að slíkar hugmyndir nutu ekki hylli allra forvígismanna í bæjarfélaginu. Hvers vegna er ekki gott að átta sig á. Það er í raun óskiljanlegt að Jónmundur og vinir hans skuli gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að koma í veg fyrir að íbúar Seltjarnarness njóti þeirra kjarabóta sem verslanir Bónuss óneitanlega eru. Hvað vakir fyrir slíku fólki? Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga nýlega könnun sem framkvæmd var af Capacent. Þar kom fram að af þeim sem tóku afstöðu töldu 77,47% íbúa á Seltjarnarnesi mikilvægt eða mjög mikilvægt að Bónus væri með verslun á Seltjarnarnesi. Sem íbúi á Seltjarnarnesi til langs tíma trúi ég því ekki að Seltirningar líði það til lengdar að sveitarfélaginu sé stjórnað af manni sem berst hatrammlega gegn hagsmunum íbúanna.

*Höfundur er kaupmaður.*



## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
5.049 **-0,17%**

**Fjöldi viðskipta:** 373
**Velta:** 2.829 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **GLITNIR** | +0,85% | **ÖSSUR** | -0,85% |
| **LANDSBANKINN** | +0,71% | **EIMSKIPAFÉLAGIÐ** | -0,69% |
| **FL GROUP** | +0,71% | **EIK BANKI** | -0,68% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 8,00 +0,00% ... Bakkavör 44,00 +0,00% ... Eimskipafélagið 28,95 -0,69% ... Exista 12,30 +0,66% ... FL Group 9,97 +0,71% ... Glitnir 17,90 +0,85% ... Icelandair 25,20 -0,40% ... Kaupþing 739,00 +0,54% ... Landsbankinn 28,20 +0,71% ... Marel 92,60 -0,43% ... SPRON 5,80 +0,69% ... Straumur-Burðarás 12,28 +0,25% ... Teymi 5,31 -0,38% ... Össur 93,10 -0,85%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Laun forstjóra lækka um helming

Lárus Welding, forstjóri Glitnis, hefur ákveðið að taka á sig helmingslækkun launa. Laun Lárusar voru í fyrra 5,5 milljónir króna á mánuði en verða nú rúmlega 2,7 milljónir, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Eftir því sem næst verður komist vill Lárus ganga á undan með góðu fordæmi í því erfiða umhverfi sem nú ríkir meðal fjármálafyrirtækja. Þegar hafa verið boðaðar aðhaldsaðgerðir og aukin ráðdeild í rekstrinum. Þannig var síðasta fimmtudag samþykkt með lófataki á aðalfundi Glitnis tillaga um stórfellda lækkun þóknunar til stjórnar- og varastjórnarmanna í bankanum. Tillöguna lagði fram Þorsteinn Már Baldvinsson, nýr stjórnarformaður bankans.

Laun formanns stjórnar lækkuðu úr rúmri milljón í 550 þúsund krónur á mánuði og laun almennra stjórnarmanna lækkuðu um 100 þúsund og eru nú 250 þúsund krónur á mánuði.

Lárus Welding er nú staddur í Finnlandi en Þorsteinn Már fagnar ákvörðun Lárusar og segir hana alfarið hans eigin. Á aðalfundi bankans á fimmtudag kom fram í máli Þorsteins Más að fram undan hjá bankanum væri tími hagræðingar, ráðdeildar og sparnaðar og að Glitnir ætti að vera leiðandi í að skera niður kostnað svo hluthafar og viðskiptavinir gætu vel við unað. **- óká**



**LÁRUS WELDING, FORSTJÓRI GLITNIS** Á aðalfundi Glitnis undir lok síðustu viku kom fram í máli forsvarsmanna bankans að aukin áhersla yrði nú lögð á ráðdeild í rekstri bankans. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

## Baugur býður í Moss Bros

„Við þekkjum mjög vel til Moss Bros og höfum skoðað það lengi," segir Gunnar Sigurðsson, forstjóri Baugs Group, en félagið lagði í gær fram óformlegt tilboð í bresku herrafataverslunina upp á 42 pens á hlut í nafni Newco, fjárfestahópi sem Baugur stofnaði um kaupin. Þetta jafngildir 40 milljónum punda, jafnvirði rúmra 5,2 milljarða íslenskra króna.



**GUNNAR SIGURÐSSON**

Baugur er stærsti hluthafinn í Moss Bros með 29 prósenta hlut í gegnum fjárfestingarfélagið Unity Investments, sem það á ásamt FL Group og breska fjárfestinum Kevin Stanford.

Niðurstöðu er ekki að vænta fyrr en eftir nokkra mánuði, eða í kjölfar áreiðanleikakönnunar. Breska dagblaðið Telegraph sagði í gær ekki einhug um tilboðið og vísaði til þess að ólíklegt væri að Moss-fjölskyldan seldi hlut sinn. **- jab**

## Breytingar í stjórn SPRON

Hildur Pedersen gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn SPRON, en þar hefur hún gegnt stjórnarformennsku. Framboðsfrestur til setu í stjórn rann út síðasta föstudag.

Þeir sem gefa kost á sér sem aðalmenn í stjórn eru Ari Bergmann Einarsson, Ásgeir Baldurs, Erlendur Hjaltason, Margrét Guðmundsdóttir, og Rannveig Rist. Í framboði sem varamenn eru svo Birkir Baldvinsson, Esther Guðmundsdóttir, Guðmundur Arnaldsson, Rögnvald Othar Erlingsson og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson. **- óká**



**KORTIÐ STRAUJAÐ** Greiðslukortaveltan var töluvert meiri í janúar en á sama tíma í fyrra.

## Aukning um jólin

Kreditkortavelta var tæpir 29 milljarðar króna í janúar. Þetta er næstum fimmtungs aukning miðað við sama mánuð í fyrra, að því er fram kemur í tölum Seðlabankans. Bankinn bendir á að þessar tölur tilheyri úttektartímabilinu sem lauk í mánuðinum, en það hófst 18. desember.

Debetkortavelta í janúar dróst saman um næstum fjórðung frá mánuðinum á undan. Hún nam 31,5 milljörðum króna og var næstum óbreytt frá sama mánuði í fyrra. **- ikh**






*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, bróðir og afi,*

**Ellert Eggertsson**
Hraunbæ 90,

lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 22. febrúar. Jarðarför auglýst síðar.

**Elín Halla Þórhallsdóttir**
**Rebekka Rós Ellertsdóttir** **Páll Jónsson**
**Eggert Ellertsson**
**Andri Þór Ellertsson** **Anna Lilja Marteinsdóttir**
**Sigríður Elísabet Sæmundsdóttir**
**Sæmundur Eggertsson**
**Eyþór Eggertsson** **Ingveldur Ólöf Björgvinsdóttir**
**og afabörn.**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, systir og mágkona,*

**Jónína Rannveig Snorradóttir**
Fögrusíðu 11c, Akureyri,

sem lést á heimili sínu miðvikudaginn 20. febrúar, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju 28. febrúar kl. 10.30.

**Arngrímur Ævar Ármannsson**
**Daníel Snorri Jónsson** **Hulda Dagmar Reynisdóttir**
**Sigurbjörg Jónsdóttir** **Stefán Steinarsson**
**Ármann Pétur Ævarsson** **Rakel Hinriksdóttir**
**Sandra Björk Ævarsdóttir**
**Þórir Snorrason** **Guðrún Ingimundardóttir**
**Lovísa Snorradóttir** **Hilmir Helgason**
**Unnur Björk Snorradóttir** **Jónas Marinósson**



*Útför*

**Jóns Hilmars Sigurðssonar**
frá Úthlíð

fer fram frá Hallgrímskirkju miðvikudaginn 27. febrúar kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á SEM samtökin. Reikningur 323-26-1323, kt. 510182-0739.

**Systkini og aðrir aðstandendur.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Elías Guðbjartsson**
sjómaður, Hrafnistu Reykjavík, áður til heimilis að Klapparstíg 11 Reykjavík,

lést á Hrafnistu í Reykjavík laugardaginn 23. febrúar sl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Viðar Elíasson** **Guðrún Halldórsdóttir**
**Hilmar Elíasson** **Linda B. Gunnarsdóttir**
**Svanur Elí Elíasson**
**Selma Björk Elíasdóttir**
**Halldór Guðbjartur Elíasson** **Sesselja Guðbjörg Ragnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Þakkir til þeirra sem sýndu okkur hlýhug við andlát og útför*

**Sigríðar Garðarsdóttur**
Aðalstræti 74, Akureyri.

**Gylfi Garðarsson**
**Hafdís Pálsdóttir**
**Sigurpáll Pálsson**

# tímamót

timamot@frettabladid.is



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát okkar ástkæra föður, tengdaföður, bróður, afa og langafa,*

**Eggerts Ólafssonar**
Skarðshlíð 23e, Akureyri.

Guð blessi ykkur öll,

**Sigurlaug Anna Eggertsdóttir** **Bergvin Jóhannsson**
**Steinunn Pálína Eggertsdóttir** **Jóhann Jóhannsson**
**Stefán Eggertsson**
**Elín Valgerður Eggertsdóttir** **Hilmar Stefánsson**
**Sigurður Grétar Eggertsson** **Rósa Helgadóttir**
**Kristín J. Swan**
**afa- og langafabörnin.**



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jónas Reynir Jónsson**
frá Melum, Sólheimum 23, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans, Landakoti föstudaginn 22. febrúar.

**Elín Þórdís Þórhallsdóttir**
**Elsa Jónasdóttir** **Gunnar Guðjónsson**
**Ína H. Jónasdóttir** **Eggert Sv. Jónsson**
**Þóra Jónasdóttir**
**Birna Jónasdóttir** **Gunnar Vignisson**
**barnabörn og fjölskyldur.**



*Elskulegur eiginmaðurinn minn, bróðir okkar og mágur,*

**Friðþjófur Þorkelsson**
Bugðutanga 40,

lést á Líknardeild Landspítalans að Landakoti miðvikudaginn 20. febrúar. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju fimmtudaginn 28. febrúar n.k. kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

**Louise Anna Schilt (Loekie)**
**Sigurlaug Þorkelsdóttir**
**Einar Þorkelsson** **Kristín G. Jóhannsdóttir**
**Svanhildur Þorkelsdóttir**
**Brynhildur Þorkelsdóttir** **Valdimar Kristinsson**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Margrét Sigurðardóttir**
Hjallaseli 21 (áður Réttarholtsvegi 57)

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut, laugardaginn 23. febrúar. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Ásmundur Sigurðsson** **Ruth Woodward**
**Sonja Sigurðardóttir**
**Svanhvít Sigurðardóttir**
**Gunnar Kr. Sigurðsson** **Guðríður Jónsdóttir**
**Erla Hafdís Sigurðardóttir** **Sigurður V. Magnússon**
**Jenný Sigurðardóttir** **Ragnar Geirdal**
**Þorsteinn Sigurðsson** **Laufey V. Hjaltalín**
**Stefnir Páll Sigurðsson** **Ásdís Sigurðardóttir**
**Matthías Sigurðsson** **Ragnheiður Guðmundsdóttir**
**Sigurður G. Sigurðsson** **Sigurveig Björgvinsdóttir**
**Kristín Ármannsdóttir** **Birgir Ómarsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

**ÞETTA GERÐIST** 26. FEBRÚAR 1794

## *Kristjánsborg brennur*



**KRISTJÁNSBORGARHÖLL**

Kristjánsborgarhöll í Kaupmannahöfn brann, í fyrra skiptið, þennan dag árið 1794. Hún var síðan endurreist en brann aftur árið 1884.

Kristjánsborg hýsti áður danska kóngafólkið en eftir brunann 1794 flutti það yfir í Amalíuborg. Nú hýsir Kristjánsborg framkvæmdar-, löggjafar- og dómsvaldið í Danmörku. Þingið á þó flest sætin í höllinni. Hvergi annars staðar í heiminum þekkist það að meginstoðir stjórnkerfisins séu hýstar í einu og sömu byggingunni.

Höllin státar af þremur ólíkum stefnum í arkitektúr sem rekja má til brunanna tveggja árin 1794 og 1884. Aðalbygging hallarinnar er þó mun yngri, eða frá árinu 1928, og er hún byggð í síðbúnum barokkstíl.



**ÖSKJUHLÍÐARSKÓLI** Dagný Annasdóttir, skólastjóri Öskjuhlíðarskóla, ásamt Ernu Líndal Kjartansdóttur sem mun halda utan um aðstöðuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÖSKJUHLÍÐARSKÓLI: NÝ AÐSTAÐA

# Örvar skynvitund nemenda

Öskjuhlíðarskóli tók formlega í notkun skynörvunaraðstöðu í lok síðustu viku. Aðstöðunni, sem meðal annars samanstendur af vatnsrúmi og boltabaði, er ætlað að koma til móts við þá nemendur sem eiga við skyntruflanir að stríða, eru með skerta líkamsstarfsemi eða skerta líkamsvitund.



**EYKUR SKYNJUN** Börnin skynja bylgjur í gegnum vatnsrúmið.

„Við teljum að þessi aðstaða muni auka skynvitund nemenda og þar með gæði skólastarfsins," segir Dagný Annasdóttir, skólastjóri Öskjuhlíðarskóla. „Hugmyndin að henni kviknaði fyrir tveimur árum þegar við gerðum þarfagreiningu fyrir nemendur skólans. Þá voru þeir um hundrað talsins og kom í ljós að um helmingur var á einhverfurófi auk þroskahömlunar eða fjölfötlunar. Þetta háa hlutfall kom okkur á óvart," segir Dagný. Í kjölfarið var farið að kanna hvað væri hægt að gera til að bæta aðbúnað barnanna þannig að skilyrði til skólastarfsins yrðu betri.

„Við vissum að skynörvunaraðstaða hentaði einhverfum nemendum sérstaklega vel og kynntum okkur slíka aðstöðu hjá frændum okkar í Danmörku. Við völdum það besta sem þeir höfðu upp á að bjóða og fengum styrk frá Barnaspítalasjóði Hringsins til að kaupa tæki og annan búnað."

Skólinn fékk síðan tvær lausar skólastofur til að hægt væri að losa rými í skólahúsnæðinu sjálfu. Reykjavíkurborg veitti svo viðbótarframlag ásamt því að bæta við stöðugildi til að sérstakur starfsmaður gæti haldið utan um aðstöðuna.

Dagný segir mikla ánægju vera með aðstöðuna hjá starfsfólki, foreldrum og sérstaklega börnunum. „Fyrir okkur sem teljumst eðlileg er sjálfsagt að heyra, finna lykt og bragð og að geta áttað sig á hlutum með snertingu. Þetta er ekki eins sjálfsagt fyrir okkar nemendur en þeir eru margir með skerðingu á þessum sviðum. Eins getur stöðu- og jafnvægisskyn þeirra verið takmarkað."

Dagný segir börnin þurfa miklu meiri örvun til að koma jafnvægi á þessa þætti. Boltabaðið ýtir undir margs konar skynjun og í gegnum vatnsrúmið koma bylgjur og tónlist sem líkaminn skynjar.

vera@frettabladid.is

**FEBRÚARTILBOÐ**
á legsteinum og fylgihlutum
**10-50%** afsláttur

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is




*Citroën C4 Picasso Comfort. Verð 2.980.000 kr. 2,0i 143 hö 200 Nm, 6 þrepa sjálfskipting 5 dyra. Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd eru álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.







# Vantar þig aukapening?

Pósthúsið leitar að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana. Um er að ræða holla og hressandi útiveru, annars vegar á virkum dögum og hins vegar um helgar.

Njóttu þess að taka daginn snemma, hreyfðu þig og fáðu borgað fyrir það.

Allar nánari upplýsingar veitir dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að sækja um á www.posthusid.is

Pósthúsið er ungt og öflugt dreifingarfyrirtæki á sviði blaða- og vörudreifingar. Hjá Pósthúsinu starfa um sjöhundruð manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.

póst húsið – ódýrari valkostur

Himinn og haf / SÍA

Pósthúsið ehf | Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 585 8300 | posthusid.is







# STUÐ MILLI STRÍÐA: Farsíma-fárið

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** GREIÐIR ATKVÆÐI SITT MEÐ SÍMA



Söngva- og hæfileikakeppnir eru æði merkilegar. Þær hafa eitthvert einstakt aðdráttarafl og Íslendingum þykir fátt jafn skemmtilegt og að sitja límdir fyrir framan skjáinn, horfa á misgáfuleg tónlistaratriði og kveða upp sinn dóm í gegnum farsímann. Að öllum líkindum er þetta Ameríkaninn sem lifnar þarna við innra með okkur á köldum og dimmum vetrarnóttum. Enda þykir risanum í vestri fátt jafn skemmtilegt og að búa til einhverja stjörnu sem hann getur dáð og dýrkað næstu tvo mánuðina.

Hin svokölluðu 900-númer hafa halað inn ógrynni af krónum en fastlega má gera ráð fyrir því að íslenska þjóðin hafi eytt hátt í 100 milljónum í símakosningar undanfarin sex ár. Hvorki meira né minna en 20 milljónir á ári hverju.

Árangurinn hefur ekki látið á sér standa; sigurvegararnir úr hæfileikakeppnunum eru annaðhvort á bakvið lás og slá, heimavinnandi húsmæður í Vesturbænum eða lifa á fornu gælunafni sem kennt var við rauðan peningaseðil. Hvað lagakeppnina varðar þá þarf ekki annað en að horfa til þess að íslenska framlagið hefur mátt sín lítils gagnvart hinni „gjörspilltu“, „siðlausu“ og fullkomlega „smekklausu“ austur-evrópsku Eurovision-mafíu. Sem er víst jafn hættuleg og olíufurstarnir frá Rússlandi og harmónikkuleikarar frá Rúmeníu.

Þetta GSM-æði þjóðarinnar væri náttúrlega hægt að yfirfæra yfir á aðra þætti þjóðlífsins. Í staðinn fyrir prófkjör stjórnmálaflokkanna, sem eru yfirleitt það kostnaðarsöm fyrir frambjóðendurna að þeir fara langleiðina á hausinn, væri nú hæfileikaleit fyrir til að mynda Sjálfstæðisflokkinn. Og það þarf ekki einu sinni að leggjast yfir nafnið á slíkum þætti því í staðinn fyrir X-Factor stæði bara X-D.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Overli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



## NÝJAR BÆKUR

Heilagra karla sögur frá miðöldum eru komnar út á vegum Bókmenntastofnunar Háskóla Íslands. Þetta eru sögur tólf dýrðlinga frá



miðöldum, flestar þýddar eða endursagðar úr latínu eða lágþýsku. Sögurnar eru gefnar út eftir handritum frá 14., 15. og 16. öld og prentaðar með nútíma stafsetningu. Sverrir Tómasson, Bragi Halldórsson og Einar Sigurbjörnsson sáu um útgáfuna en formála rita þeir Einar og Sverrir.

Bókaforlagið Veröld hefur gefið út bókina Frjáls – Stórbrotin hetjusaga eftir Ayaan Hirsi Ali. Ali flúði kúgun og harðræði í Sómalíu



og víðar en tókst að breyta veröldinni með hugrekki sínu. Hún varð þingmaður í Hollandi en leitaði skjóls í Bandaríkjunum undan ofsóknum múslima og er hennar gætt þar allan sólarhringinn. Í bókinni Frjáls segir Ali frá lífi sínu, sem er ævintýri líkast. Árni Snævarr þýddi sögu Ayaan Hirsi Ali.

Þúsund bjartar sólir eftir Khaled Hosseini, höfund metsölubókarinnar Flugdrekahlauparinn, er nú komin út í kilju hjá JPV útgáfu. Anna



María Hilmarsdóttir þýddi bókina. Í Flugdrekahlauparanum segir Hosseini einstaklega grípandi sögu af tveimur afgönskum konum, Mariam og Lailu, ólíku lífi þeirra og ævi í Kabúl um meira en þrjátíu ára skeið. Baksviðið er harmsaga Afganistan, allt frá innrás Sovétmanna gegnum ógnarstjórn talibana og átakaárin sem fylgt hafa í kjölfarið. Örlögin leiða konurnar tvær saman og vináttuböndin sem þær bindast hafa afdrifaríkar afleiðingar á líf þeirra beggja.

Skyggður máni eftir metsöluhöfundinn Alice Sebold er nú komin í kilju en áður hafa komið út sögurnar Svo fögur bein og Heppin



eftir hana á íslensku. Magnea J. Matthíasdóttir þýddi söguna. Helen Knightley hefur af einskærri skyldurækni og hollustu eytt ævinni í aðra, fórnað sér fyrir foreldra sína, eiginmann og uppkomnar dætur. En svo fremur hún voðaverk og hleypir þar með af stað ófyrirséðri atburðarás sem leiðir til allsherjaruppgjörs. Í þessari áhrifamiklu sögu, sem gerist á einum sólarhring, fjallar Alice Sebold á eftirminnilegan hátt um þá snúnu þræði sem tengja mæður og dætur og eiginkonur og eiginmenn – og ekki síst hversu stutt er á milli ástar og haturs í lífi okkar allra. JPV útgáfa gefur út.

# Pétur Gautur gerir víðreist

Sýning Þjóðleikhússins á Pétri Gaut eftir Henrik Ibsen, í leikstjórn og leikgerð Baltasars



**HENRIK IBSEN**

Kormáks, verður einn af hápunktum menningarhátíðarinnar Iceland on the Edge í Brussel nú í lok febrúar.

Hátíðin kynnir íslenska menningu fyrir Belgum. Hún er mikil að umfangi, stendur í um fjóra mánuði og hefur undirbúningur hennar staðið í um tvö ár.

Sýning Baltasars Kormáks á Pétri Gaut, sem frumsýnd var í Kassanum í Þjóðleikhúsinu vorið 2005, hlaut Grímuverðlaunin sem besta sýning ársins árið 2006. Sýningin hefur vakið mikla athygli erlendra gesta ekki síður en íslenskra, og hefur þegar ferðast víða út fyrir landsteinana, fyrst á Ibsen-hátíðina í Osló og svo tvívegis til Bretlandseyja þar sem verkið var fært upp í Barbican-listamiðstöðinni í Lundúnum.

# Arndís syngur glæsiaríur

Undanfarna mánuði hefur hópur listafólks og hestamanna farið um Evrópu þvera og endilanga með gríðarlega skrautsýningu sem heitir Apassionata. Stjarna þeirrar sýningar er íslenska sópransöngkonan Arndís Halla Ásgeirsdóttir. Sýnt er í stórum húsum og skipta áheyrendur nú þegar hundruðum þúsunda. Arndís Halla syngur þar ýmislegt, sumt frumsamið, en einnig stórar aríur úr þekktum óperum, svo sem aríu næturdrottningarinnar úr Töfraflautunni og fleira.

Annað kvöld kl. 20 gefst okkur kostur á að hlýða á söng Arndísar Höllu á Tíbrár-tónleikum í Salnum í Kópavogi. Með henni leikur enginn annar en tónlistarstjóri Íslensku óperunnar, Kurt Kopecky, á píanó. Þetta er í fyrsta sinn sem Kopecky kemur fram í Tíbrár-tónleikaröðinni en um þessar mundir stjórnar hann óperu Verdis, La Traviata, við miklar vinsældir í Íslensku óperunni. Arndís Halla lauk námi hér heima og að því loknu hélt hún til Berlínar í framhaldsnám, ílentist þar og starfar að list sinni. Hún hefur tekið þátt í fjölda óperusýninga af ólíku tagi og hlutverkin eru orðin mörg. Þótt starfsvettvangur hennar á óperusviðinu hafi verið mest í Þýskalandi þá hefur hún tekið þátt í óperuuppfærslum víðar, á Íslandi, í Frakklandi, Tékklandi og Kóreu svo eitthvað sé nefnt.

Á tónleikunum annað kvöld flytja þau Arndís Halla og Kurt Kopecky efnisskrá eftir Purcell og Schubert og fjölmargar sívinsælar glæsiaríur eftir sum af helstu tónskáldum óperusögunnar.

Miða á tónleikana má nálgast í miðasölu Salarins. Miðaverð er 2.000 kr. en 1.600 kr. fyrir nema, eldri borgara og öryrkja. - vþ



**TÓNLISTARFÓLKIÐ** Arndís og Kurt flytja glæsiaríur í Salnum annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




SKRIFSTOFUHÚSGÖGN
SEM AUÐVELDA VINNUNA

Falleg og stílhrein hönnun

Kinnarps skrifstofuhúsgögnin eru falleg og stílhrein. Margar útfærslur, sérsniðnar að þörfum hvers og eins. Hafðu það gott í vinnunni - kynntu þér úrvalið hjá Pennanum.

H:N markaðssamskipti / SÍA

Reykjavík - Hallarmúli 4 - sími 540 2000
Akureyri - Hafnarstræti 91 - 93 - sími 540 2180
penninn@penninn.is

Kinnarps
Penninn - auðveldar vinnuna

## Fólk

folk@frettabladid.is

### > JULIA BAR AF



Julia Roberts var valin best klæddi Óskarsverðlaunahafinn í gegnum tíðina af lesendum síðunnar Parade.com. Það var fyrir kjólinn sem hún klæddist árið 2001 þegar hún tók á móti verðlaunum fyrir Erin Brockovich. Halle Berry fylgdi fast á hæla hennar, fyrir kjólinn sem hún var í þegar hún tók á móti styttunni ári síðar, fyrir Monster's Ball.

# Britney hitti syni sína aftur

Britney Spears fékk að hitta syni sína tvo á laugardag, í fyrsta sinn eftir að hún var svipt öllum umgengnisrétti í síðasta mánuði. Það var þó ekki fyrir þær sakir að dómari hefði úrskurðað í málinu, heldur náðu lögmenn söngkonunnar og lögmenn fyrrverandi eiginmanns hennar og barnsföður, Kevin Federline, samkomulagi í málinu upp á eigin spýtur. Spears hafði sótt um að fá aftur umgengnisrétt í síðustu viku, en var neitað. Í kjölfarið sagði Federline, eins og hann hefur reyndar ítrekað gert, að hann vildi ekkert frekar en að synir þeirra ættu gott samband við móður sína.

Mark Vincent Kaplan, lögfræðingur Federlines, sagði í kjölfar samkomulagsins að það væri fyrsta skrefið að því takmarki að gera móður barnanna aftur að þátttakanda í lífi þeirra.

Spears sótti drengina heim til Federlines í fylgd með föður sínum, James Spears, sem hefur fylgt henni eins og skugginn síðustu vikur, og sálfræðingi, samkvæmt People.com. Þau keyrðu á brott eftir að Federline hafði gengið úr skugga um að börnin væru vel spennt í bílstóla sína, og vörðu í heildina þremur klukkutímum saman.



**HITTI BÖRNIN** Britney Spears fékk að hitta syni sína tvo, Jayden James og Sean Preston, á laugardag, í fyrsta sinn frá því hún var svipt umgengnisrétti.

# *Friðrik Ómar of lítill*



**AÐEINS OF YFIRDRIFIÐ** Friðrik Ómar og Regína Ósk.

„Minnst vonda lagið sigraði í hópi vondra laga," skrifar ritstjóri Eurovision-síðunnar Oikotimes um sigurlag okkar í ár, This Is My Life. Ritstjórinn hefur nokkrar áhyggjur af sviðsframkomu Friðriks og Regínu. „Það þarf að vinna mikið í sviðsframsetningunni ef lagið á að eiga séns á að komast upp úr undankeppninni. Það lítur ekki vel út í blönduðum dúett að söngkonan sé hærri en karlsöngvarinn." Það er víst lítið hægt að gera í því nema Friðrik fái klossana hans Óttars Proppé í Dr. Spock lánaða.

Ritstjóri hinnar aðal Eurovision-nördasíðunnar, Esctoday, er jákvæðari. „Sviðsframkoman hjá þeim var mjög fagmannleg og búningarnir og dansinn er betri en á undanúrslitakvöldinu," segir hann um sjóið á laugardaginn, en bætir við: „Lagið missir aðeins „húkkinn" á ensku, en nýja útsetningin gerir lagið samt áhugaverðara en það var. Samt sem áður er lagið í heild aðeins of yfirdrifið."

EUROVISION **88 DAGAR TIL STEFNU**

# Berar axlir á Óskarnum

**Rauðir og svartir kjólar voru mest áberandi hjá stjörnunum á Óskarnum, en þar fyrir utan voru axlir í aðalhlutverki.**





NORDICPHOTOS/GETTY

**AXLIRNAR Í AÐALHLUTVERKI Í KJÓLAVALI**

Á rauða dreglinum í ár var leitun að kjól sem huldi axlir stjörnunnar sem honum klæddist. Bæði hlýralausir kjólar og kjólar með aðeins einum hlýra virtust gríðarlega vinsælir hjá stjörnufansinum. Hvað litina varðaði virtust flestir hafa heillast af rauðum og svörtum kjólum, þó að inni á milli glitti í hvítt, grátt og fölbleikt, eins og hjá Cameron Diaz.


VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

# Magimix

## - réttu tækin fyrir eldhúsið





magimix

MATVINNSLUVÉLAR TÖFRATÆKI Í ELDHÚSIÐ

**MAGIMIX matvinnsluvél**

Magimix matvinnsluvélin er kraftmikil og endingargóð vél fyrir alla þá sem kunna að meta gæði og góðan mat. Vélin er auðveld í notkun og hárbeittir stálhnífar tryggja fullkominn skurð.

**Verð frá kr.: 42.200 stgr.**

SAFAPRESSUR FYRIR HEILSUNA





**MAGIMIX safapressa**

Með Magimix safapressunni má útbúa girnilega og heilsusamlega drykki með lágmarks fyrirhöfn.

**Verð frá kr.: 23.500**

**Aðrir söluaðilar: Kokka**, Laugavegi, **Egg**, Smáratorgi, **Villeroy & Boch**, Kringlunni, **Líf og list**, Smáralind, **Maður lifandi**, Borgartúni og Hæðarsmára

**EIRVÍK** *-hágæðaheimilistæki*

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri Sími 588 0200 | www.eirvik.is

vilborg@centrum.is


# Sigur Coen-bræðra

**Kvikmynd Coen-bræðra, No Country for Old Men, kom, sá og sigraði þegar Óskarsverðlaunin voru afhent í Hollywood í fyrrinótt. Bestu leikararnir í aðal- og aukahlutverkum voru allir evrópskir.**

Mynd Coen-bræðra fékk fern verðlaun. Fögnuðu þeir sigri fyrir bestu myndina og sem bestu leikstjórarnir, auk þess sem þeir unnu fyrir besta handrit byggt á áður birtu efni. Áður höfðu bræðurnir unnið Óskarinn fyrir handrit sitt að Fargo frá árinu 1996.

Spánverjinn Javier Bardem hlaut jafnframt gylltu styttuna fyrir aukahlutverk sitt í myndinni, þar sem hann fór eftirminnilega með hlutverk morðóðs brjálæðings. Var það í fyrsta sinn í áttatíu ára sögu Óskarsins sem Spánverji hlýtur styttuna eftirsóttu.

**Bræður í sandkassaleik**

Joel Coen sagði í ræðu sinni að þeir bræður hefðu búið til kvikmyndir síðan í æsku og þetta væri því í blóði þeirra. „Það sem við erum að gera í dag finnst okkur ekkert vera mjög frábrugðið því sem við gerðum þá," sagði hann. „Við erum þakklátir ykkur öllum fyrir að leyfa okkur að leika okkur úti í horni í sandkassanum."

**Evrópskir sigurvegarar**

Þrír Evrópubúar til viðbótar fengu Óskarinn fyrir aðal- og aukahlutverk og er þetta aðeins í annað sinn í sögu hátíðarinnar sem það gerist. Síðast gerðist það árið 1964. Eins og margir höfðu spáð fyrir hlaut Írinn Daniel Day-Lewis Óskarinn fyrir frammistöðu sína í There Will Be Blood. Var þetta annar Óskarinn hans á ferlinum en síðast vann hann fyrir My Left Foot árið 1990. Sagði hann verðlaunin vera eins nálægt því og hann gæti mögulega komist að verða sleginn til riddara.



**FJÓRAR STYTTUR** Coen-bræður komu, sáu og sigruðu á Óskarshátíðinni í Hollywood. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

**MYNDIR COEN-BRÆÐRA**

**No Country For Old Men (2007)**
The Ladykillers (2004)
Intolerable Cruelty (2003)
The Man Who Wasn't There (2001)
O Brother, Where Art Thou? (2000)
The Big Lebowski (1998)
Fargo (1996)
The Hudsucker Proxy (1994)
Barton Fink (1991)
Miller's Crossing (1990)
Raising Arizona (1987)
Blood Simple (1984)

Hin franska Marion Cotillard var valin besta aðalleikkonan fyrir hlutverk sitt í La Vie en Rose. Kom það nokkuð á óvart því flestir bjuggust við því að Julie Christie ynni fyrir góðan leik sinn í Away From Her.

Tilda Swinton frá Bretlandi var síðan kjörin besta aukaleikkonan fyrir frammistöðu sína í Michael Clayton.

**Juno hlaut verðlaun**

Dansarinn fyrrverandi Diablo Cody hlaut Óskarinn fyrir frumsamið handrit sitt að gamanmyndinni Juno, sem var hræódýr í framleiðslu á mælikvarða Hollywood. „Ég á ekki orð yfir vinsældir myndarinnar," sagði hún.

Þá var austurríska myndin Falsararnir kjörin besta erlenda myndin og Ratatouille besta teiknimyndin.

**ROBERT GODDARD** MEISTARI HINNAR ÚTHUGSUÐU FLÉTTU

# HORFINN

Alþjóðleg metsölubók eftir konung breskra spennusagna.

**„HÉLT MÉR FANGINNI FRÁ UPPHAFI TIL ENDA.“**

– GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR, VIKUNNI

**„HEILLANDI GLÆPASAGA SEM ÓMÖGULEGT ER AÐ LEGGJA FRÁ SÉR.“**

– DAILY MAIL

DYNAMO REYKJAVIK




**2. SÆTI** Á METSÖLULISTA EYMUNDSSON

**TILBOÐSVERÐ**

**kr. 1.580**

TIL 3. MARS Í EYMUNDSSON

Eymundsson
Bóksali frá 1872

BJARTUR

Nýtt í bíó
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus






LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| 27 DRESSES | kl. 8 og 10.10 | L |
| RAMBO | kl. 6, 8 og 10-P | 16 |
| JUMPER | kl. 8 og 10 | 12 |
| LOVEWRECKED | kl. 6 | L |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 5.30 ÍSL TAL | L |

NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!







SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 27 DRESSES | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | | 27 DRESSES | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | |
| 27 DRESSES LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | | JUMPER | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| JUMPER | kl. 6 - 8 - 10.10 | 12 | BEFORE THE DEVIL KNOWS | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 16 |
| MEET THE SPARTANS | kl. 4 - 6 - 8 | | MEET THE SPARTANS | kl. 6 - 8 -10 | |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 3.40 ÍSLENSKT TAL | | | | |
| CLOVERFIELD | kl. 10 | 14 | | | |
| BRÚÐGUMINN | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 7 | | | |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — AUKAKRÓNUR 5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 5.50 - 9 | 16 | 27 DRESSES | kl. 8 - 10 | |
| INTO THE WILD | kl. 6 - 9 | 7 | RAMBO | kl. 5.50 | 16 |
| ATONEMENT | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 | ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 5.50 ÍSLENSKT TAL | |
| BRÚÐGUMINN | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 | BRÚÐGUMINN | kl. 8 | 7 |
| | | | JUMPER | kl. 10 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR

SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| STEP UP 2 | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 7 |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 5:15 - 8:30 - 10:10 | 16 |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 5:15 - 8:30 | VIP |
| NO COUNTRY FOR OLD MEN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| MR. MAGORIUMS.. | kl. 5:50 | L |
| SWEENEY TODD | kl. 10:10 | 16 |
| UNTRACEABLE | kl. 8 | 16 |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 6 - 8 | 7 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| STEP UP 2 | kl. 6:10 - 8:20 - 10:30 | 7 |
| P.S. I LOVE YOU | kl. 5:30 - 8 - 10 | L |
| JUMPER | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| MR. MAGORIUMS... | kl. 6 | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| STEP UP 2 | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| NO COUNTRY FOR OLD... | kl. 10:10 | L |
| JUMPER | kl. 8 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | sýnd lau og sun. | 7 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| STEP UP 2 | kl. 8 - 10 | 7 |
| P.S. I LOVE YOU | kl. 8 | L |
| UNTRACEBLE | kl. 10:30 | 16 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| STEP UP 2: THE STREETS | kl. 8 | 7 |
| CHARLIE WILSONS WAR | kl. 10:10 | 12 |
| RAMBO | kl. 8 | 16 |
| NO COUNTRY FOR... | kl. 10 | 16 |


# Sigurlag Eurovision of langt

This Is My Life, sigurlagið í forkeppni Eurovision, er þremur sekúndum of langt. Samkvæmt reglum EBU mega lögin í keppninni aðeins vera þrjár mínútur en lausleg mæling á lengd leiðir þetta í ljós. Örlygur Smári, höfundur lagsins, staðfestir þetta í samtali við Fréttablaðið. „Ég ætla að hvíla mig aðeins á laginu og skoða það aftur,“ segir Örlygur í samtali við Fréttablaðið. „Ég tek lagið síðan aftur til skoðunar eftir nokkra daga og fikta eitthvað í því,“ bætir hann við og er ekki smeykur við að annað hvort stytta eða hraða sigurlaginu.

This Is My Life tók stakkaskiptum í þá fimm mánuði sem Eurovisionkeppnin stóð yfir. Og Örlygur Smári útilokar ekki að það eigi eftir að breytast enn meira. „Það verður örugglega ekki alveg eins en mjög svipað í grunninn,“ segir Örlygur.

Og að venju eru margar kjaftasögur komnar á kreik í kringum sigurlagið og sú heitasta er eflaust sú að höfundurinn og RÚV hafi leyfi til að skipta út söngvurum. Örlygur vissi vel af þessari reglu en sagðist ekki ætla að gera neitt upp á sitt einsdæmi. Lýsti yfir fullum stuðningi við bæði Regínu og Friðrik Ómar. „Ég held að þjóðin vilji sjá þau þarna, bæði Regína og Friðrik Ómar eru góðar fyrirmyndir og það er því engin ástæða til að vera að breyta því eitthvað enda eiga þau sinn þátt í sigrinum,“ segir Örlygur. Spurður um hvort samstarfið við Pál Óskar héldi áfram sagði Örlygur það liggja alveg fyrir en poppstjarnan samdi enskan texta við lagið.

- fgg



**ÖRLYGUR ÞARF AÐ STYTTA** This Is My Life er þremur sekúndum of langt.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Dáleiddi Friðrik til sigurs

**Friðrik Ómar fékk hjálp frá dávaldi til að sigra í Eurovision. Hjálparhellan fer með til Serbíu.**

„Þetta var mjög sérstakt. Hún tók mig afsíðis, við fundum rólegan stað hjá Smárabíói og svo dáleiddi hún mig,“ segir Friðrik Ómar, en hann lét Ingibjörgu Gunnarsdóttur dáleiða sig til sigurs í Eurovision á laugardaginn. „Ég hafði nú takmarkaða trú á einhverju svona, en allt í einu hurfu öll hljóð í umhverfinu og ég heyrði bara röddina hennar. Hún hjálpaði mér að búa til orkubolta í brjóstkassanum á mér og slá í hann í hvert skipti sem mig vantaði orku á sviðinu. Ég er allur blár og marinn í dag.“

„Fólk viðurkennir oft ekki að það sé stressað, en ég sá það á honum að hann var dauðstressaður,“ segir Ingibjörg. „Það sem hann þurfti var góð slökun og það er þekkt aðferð að búa til orkusvæði í líkamanum til að leita í. Þetta er ekkert vúdú!“

Ingibjörg er eiginkona Grétars Örvarssonar og samdi textann við lagið Eldur sem Friðrik Ómar söng í Eurovision í fyrra. Hún er NLP-ráðgjafi og byggir á sömu kenningum og Anthony Robbins notar, en hann er einn þekktasti hvatningarfyrirlesari heims. Henni var sjálfri illa við að fljúga og hefur komið sér upp aðferð sem felst í því að þrýsta á þumalputtann til að losna við flughræðsluna. „Ég starfaði meira við þetta fyrir nokkrum árum en nú nota ég þetta aðallega til að hjálpa vinum og kunningjum,“ segir Ingibjörg. „Dáleiðsla virkar ef fólk er móttækilegt og það getur hjálpað að nota hana, til dæmis til að losa sig við alls konar fóbíur. Ég var alveg fullkomlega örugg um að lagið þeirra myndi vinna og sat bara úti í sal og fylgdist með því gerast.“

„Ég reikna fastlega með því að taka Ingibjörgu út til Serbíu með mér,“ segir Friðrik og Ingibjörg er til í tuskið: „Auðvitað fer ég með! Ég hleypi honum ekki einum til Serbíu. Það er stríðsástand þarna!“



**LÉT FRIÐRIK ÓMAR BERJA Á SÉR ORKUBOLTANN** Ingibjörg Gunnarsdóttir fer með til Belgrad.



**VAR DAUÐSTRESSAÐUR** En Friðrik Ómar losnaði við stressið með hjálp dáleiðslu.

Friðrik býst við að atriðið þeirra Regínu verði svipað í Belgrad og það var hér og telur afar ólíklegt að strákarnir í Eurobandinu fái að vera með þeim á sviðinu. „Það gerir ekkert fyrir þetta lag að hafa gítar, bassa og trommur með á sviðinu, en strákarnir koma samt örugglega með okkur út þótt þeir fari ekki á svið.“

Um „stóra tunnu-málið“ hefur Friðrik þetta að segja: „Ég stend alveg við það sem ég sagði, en ég myndi samt sleppa því að segja þetta í dag. Nú vona ég bara að stuðningsmenn hinna laganna komi og styðji okkur. Það er í sjálfu sér ekkert annað í boði.“

gunnarh@frettabladid.is

# Valli sport fékk koss frá Friðriki

„Hann hljóp yfir allan salinn til að reka mér rembingskoss áður en hann fór á sviðið og kom með þessa frægu yfirlýsingu: „Glymur hæst í tómri tunnu!“ Þetta snýst ekki um einhverja áhorfendur. Setningin beindist gegn mér. Enda sagði hann það á Nasa síðar um kvöldið,“ segir Valgeir Magnússon, betur þekktur sem Valli sport.

Valli sá um kynningu á Merzedes Club, sem varð í öðru sæti í forkeppni Eurovision-söngvakeppninnar. Vakti athygli hversu rösklega hann gekk fram og sýndi ótrúlega hugkvæmni við að koma sínu fólki á framfæri í fjölmiðlum. Drógu þar af leiðandi margir þá ályktun að meinleg yfirlýsing Friðriks beindist gegn Valla og Merzedes Club en Friðrik sagði í Fréttablaðinu í gær að orð hans beindust ekki gegn Merzedes Club. Valli tekur mátulega mikið mark á þeim orðum. „Hann afhjúpaði sig. Og athyglisvert að vita að Friðrik gat varla sofið á nóttunni af áhyggjum því hann hélt að hann væri að fara að lenda í öðru sæti enn og aftur. Friðrik ætti bara að hætta þessu væli. Annars hef ég engan áhuga á að skíta Friðrik út. Atriði Eurobandsins var stórkostlega vel úr garði gjört.“



**VALLI SPORT** Sigurvegari í Eurovision-plöggi segir fyrir liggja að honum hafi sneið sigurvegarans verið ætluð.

Valli segist aldrei hafa upplifað eins rafmagnað andrúmsloft og var í Smáralind. Það hafi greinilega pirrað atvinnumennina að nýliðar, óreyndir flytjendur á borð við Merzedes Club, væru að velgja þeim svo mjög undir uggum.

„Ég hef verið að hlæja mig máttlausan af allri vitleysunni sem var í gangi í tengslum við keppnina. Eins og að vera staddur í miðju handriti myndarinnar „Blade of Glory“. Plöggsigurvegari? Jájá, ég skilaði í það minnsta mínu. Ég held að fáar hljómsveitir hafi fengið eins mikla athygli,“ segir Valli.

Valli ber sig vel fyrir hönd hópsins, telur þátttökuna heldur betur hafa orðið honum til framdráttar en nú er verið að vinna nýja plötu með hópnum. „Eftir á að hyggja var þetta kannski besta niðurstaðan. Silvía Nótt bara dó eftir að hafa farið í forkeppnina úti. Merzedes Club er bara rétt að byrja.“

- jbg


NORÐURLJÓSABLÚS
2008
HORNAFIRÐI 28/2-2/3
Norðurljósablús verður haldinn í þriðja sinn á Höfn í Hornafirði dagana 28. febrúar til 2. mars. Á blúshátíðinni koma fram tæplega fjörutíu listamenn í ellefu hljómsveitum. Þar af koma þrjár erlendis frá til að leika á hátíðinni.
ØERNES BLUES BAND
EMIL & THE ECSTATICS
STREET COWBOYS
ADHD 800
JOHNNY AND THE REST
VAX
GRASRÆTUR
PITCHFORK REBELLION
MÆÐUSVEITIN SIGURBJÖRN
BLÚSDJAMM
BLÚSBROT
HULDA RÓS OG RÖKKURTRÍÓIÐ
Hönnun: Galdur ehf - www.galdur.is
Guðmundur Tyrfingsson ehf.
Í RÍKI VATNAJÖKULS
WOW!
Hornfirska skemmtifélagið
HÓTEL HÖFN
HORNAFJÖRÐUR
EAGLE AIR ICELAND
Fernir glæsilegir tónleikar og blúsað á öllum veitingahúsum á Höfn.
Forsala aðgöngumiða í síma 478-2052 frá kl. 9-16.
Dagskrá og nánari upplýsingar á
www.skemmtifelag.is

## > Margir vænlegir kostir í stöðunni

Það er ekki ljóst hver verður aðstoðarmaður Guðmundar Guðmundssonar, nýráðins landsliðsþjálfara í handbolta. Guðmundur var sem kunnugt er áður með landsliðið og þá var núverandi framkvæmdastjóri HSÍ, Einar Þorvarðarson, aðstoðarmaður hans. Einar kvað í samtali við Fréttablaðið ekkert vera ákveðið með hugsanlegan aðstoðarmann nema þá að hann sjálfur myndi ekki taka það hlutverk að sér. „Það er engin hætta á því að ég taki starfið að mér, svo mikið er víst. Það eru hins vegar margir vænlegir kostir í stöðunni og við komum til með að skoða þá vandlega, en ekki á þeim hraða sem fjölmiðlarnir vilja að við gerum," sagði Einar á léttum nótum.



**sport**

sport@frettabladid.is

SPRETTHLAUPARINN ÓLI TÓMAS FREYSSON: BÆTTI ÍSLANDSMETIÐ Í 200 METRA HLAUPI INNANHÚSS UM HELGINA

# *Stefnan sett á metið í 100 metra hlaupi utanhúss*

Hinn 22 ára gamli Óli Tómas Freysson úr FH gerði sér lítið fyrir og bætti Íslandsmet karla í 200 metra hlaupi innanhúss um 16/100 úr sekúndu þegar hann hljóp á 21,65 sekúndum á Bikarkeppnismóti Frjálsíþróttasambands Íslands um síðustu helgi. Fyrri methafinn, Sveinn Elías Elíasson, hljóp einnig undir gamla Íslandsmetinu en varð að sætta sig við annað sætið á tímanum 21,73 sekúndum. Óli Tómas Freysson var afar sáttur með árangurinn þegar Fréttablaðið tók hann tali í gær. „Þetta var mjög ánægjulegt. Ég setti stefnuna á að ná metinu og það var svo sem líklegt að bæði ég og Sveinn Elías myndum hlaupa undir metinu og bara spurning hvor færi lengra undir það," sagði Óli Tómas sem hefur jafnan lagt megináherslu á 100 metra hlaup. „200 metra hlaupið hefur verið að koma inn hjá mér síðasta árið eða svo en ég hef jafnan einbeitt mér mest að 100 metra hlaupi og 60 metra hlaupi. Munurinn er talsvert mikill að hlaupa þær vegalengdir samanborið við



200 metra hlaupin þar sem hraðaúthaldið í lok hlaupsins skiptir mestu máli og ég hef hingað til ekki verið nógu góður í að klára 200 metra hlaupin. Ég hef hins vegar lagt meiri áherslu á lengri spretti upp á síðkastið og ég finn að þetta er að koma betur hjá mér," sagði Óli Tómas sem telur sig eiga mikið inni og hefur sett sér skýr markmið fyrir næsta sumar. „Undirbúningstímabilið miðast náttúrlega fyrst og fremst við keppnina utanhúss næsta sumar þó svo að vissulega sé aðeins hliðrað til í æfingarprógramminu fyrir innanhússmótin. Fram undan eru tvö innanhússmót þar sem ég ætla mér að reyna að bæta Íslandsmetið í 60 metra hlaupi en þjálfarinn minn, Einar Þór Einarsson, sem er búinn að reynast mér mjög vel, á einmitt það met. Fyrir næsta sumar horfi ég mikið til Íslandsmetsins í 100 metra hlaupi sem er 10,56 sekúndur en ég á best 10,83 sekúndur. Það ber svolítið á milli en ég tel mig eiga talsvert inni og set stefnuna á að bæta metið," sagði Óli Tómas ákveðinn.

Kvennalandsliðið í fótbolta:

## Tveir nýliðar

**FÓTBOLTI** Sigurður Ragnar Eyjólfsson, landsliðsþjálfari kvenna í fótbolta, tilkynnti í gær 20 manna hóp sem fer á Algarve Cup. Tveir nýliðar eru í hópnum, Hallbera Gísladóttir úr Val og Rakel Hönnudóttir úr Þór. **- óój**

**LANDSLIÐSHÓPURINN**

**Markverðir:** Guðbjörg Gunnarsdóttir, Val og Sandra Sigurðardóttir, Stjörnunni. **Aðrir leikmenn:** Katrín Jónsdóttir, Margrét Lára Viðarsdóttir Dóra María Lárusdóttir, Ásta Árnadóttir, Guðný Björk Óðinsdóttir, Sif Atladóttir, Pála Marie Einarsdóttir og Hallbera Guðný Gísladóttir, allar úr Val, Edda Garðarsdóttir, Guðrún Sóley Gunnarsdóttir, Ólína G. Viðarsdóttir og Katrín Ómarsdóttir, allar úr KR, Greta Mjöll Samúelsdóttir og Harpa Þorsteinsdóttir, báðar úr Breiðabliki, Dóra Stefánsdóttir, Malmö, Erla Steina Arnardóttir, Kristianstad, Sara Björk Gunnarsdóttir, Haukum og Rakel Hönnudóttir, Þór.

Everton vann City í ensku úrvalsdeildinni í gær:

# Everton í 4. sætið

**FÓTBOLTI** Everton sigraði Manchester City 0-2 á Borgarleikvanginum í Manchester í gærkvöld.

Heimamenn í City voru meira með boltann framan af leik en vel skipulögð vörn Everton gaf engin færi á sér.

Everton komst svo yfir stuttu síðar þegar hinn eitraði Yakubu fékk góða sendingu frá Cahill og afgreiddi boltann í netið framhjá Joe Hart í markinu.

Varnarmaðurinn Joleon Lescott bætti svo öðru marki við fyrir Everton með hnitmiðuðum skalla eftir sendingu Lee Carsley utan af vinstri kantinum og þar við sat í hálfleik.

Everton hélt uppteknum hætti í byrjun seinni hálfleiks og Richard Dunne þurfti að bjarga á línu en eftir það náði City að komast betur inn í leikinn og auka pressuna á Everton en sem fyrr gekk liðinu illa að skapa sér marktækifæri.

City-maðurinn Martin Petrov fékk svo að líta rauða spjaldið í uppbótartíma en sigur Everton var þá vitanlega í höfn. **- óþ**



**EITRAÐUR** Varnarmenn City réðu illa við Yakubu í gærkvöld. NORDIC PHOTOS/GETTY



**GUÐMUNDARNIR TVEIR** Guðmundur Guðmundsson, nýráðinn landsliðsþjálfari og fjær er Guðmundur Ingvarsson formaður HSÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Sá fyrsti í 28 ár

**Guðmundur Guðmundsson er aftur tekinn við handboltalandsliðinu en það gerðist síðast 1980 að þjálfari sneri aftur í landsliðsþjálfarastólinn.**

**HANDBOLTI** Guðmundur Guðmundsson og HSÍ tilkynntu í gær skammtímasamning sín í milli um það að hann þjálfi íslenska landsliðið fram yfir komandi Ólympíuleika takist Íslandi að tryggja sér sæti á leikunum í Peking. Guðmundur þjálfaði landsliðið áður á árunum 2001-2004 og náði meðal annars 4. sætinu á EM 2002 í Svíþjóð og 7. sætinu á HM 2003 í Portúgal.

„Ég hef ennþá brennandi áhuga á handbolta og er búinn að vera viðloðin þjálfun í átján ár. Það er mikill heiður að fá að taka við landsliðinu en ég var samt ekki að stefna á þetta á neinn hátt. Þetta þróaðist bara þannig að þetta kom upp og þá var bara að hrökkva eða stökkva og ég ákvað að stökkva," segir Guðmundur, sem fékk ekki langan umhugsunarfrest. „Ég íhugaði þetta yfir helgina og það skipti mig öllu máli að hafa stuðning minna æðstu stjórnenda hjá Kaupþingi til þess að taka þetta að mér. Ef að það hefði ekki verið þá hefði ég ekki gefið kost á mér í þetta. Það er nú þannig með mig að ég hef oft verið ginkeyptur fyrir ögrandi verkefnum," segir Guðmundur.

Formaður HSÍ þakkar einum helsta styrktaraðila sambandsins sinn þátt í að samninganefnd HSÍ fann loksins nýjan þjálfara. „Kaupþing er að sýna okkur mikið traust og styðja vel við íslenskan handbolta með því að gefa Guðmund lausan í þessi verkefni. Það var mikið atriði að nýr þjálfari þekkti vel til liðsins og þekkti til boltans og það vó þungt," sagði formaðurinn um af hverju leitað var til Guðmundar. Hann kannast vel við leikmenn og umhverfi landsliðsins.

„Ég fylgst gríðarlega vel með liðinu, var að aðstoða Alfreð og var síðan með liðið í þrjú og hálft ár. Ég þekki hvað þarf til í þetta starf," sagði Guðmundur, sem játaði það á blaðamannafundinum að fjölmiðlafárið í kringum landsliðsþjálfarastöðuna hafi ekki truflað sig í að taka þessa ákvörðun.

„Það er bara eðlilegt að menn hafi skoðanir og skoðanaskipti í kringum landsliðið. Þetta er landslið þjóðarinnar og það er engum sama um það og þess vegna er öll umræða í kringum það eðlileg. Aðalatriðið er að það er búið að taka ákveðna ákvörðun núna og nú mun ég leggja allt kapp á það að undirbúa liðið sem best fyrir þessa leiki sem fram undan er," sagði Guðmundur en hann er ekki enn búinn að finna sér aðstoðarmann.

„Ég fæ hjálp frá HSÍ í því en ég hef mínar skoðanir á því hver það muni verða," sagði Guðmundur, sem vildi ekki gefa upp hvert hann myndi horfa í leit sinni að aðstoðarmanni.

Þetta verður í fyrsta sinn í 28 ár sem HSÍ leitar til þjálfara sem hefur verið með íslenska landsliðið áður en síðastur til að koma aftur að landsliðinu var Hilmar Björnsson árið 1980, sem áður hafði hann þjálfað liðið frá 1968-1972. Hilmar þjálfaði liðið síðan til 1983 þegar Bogdan Kowalczyk tók við því. **ooj@frettabladid.is**




SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
Bíldshöfða 12 · 110 RVK · 577 1515 · skorri.is
TUDOR
opið virka daga frá 8:15 - 17:30
bifhjól · fjórhjól · vélsleðar · dráttarvélar · húsbílar · fellihýsi

# TOP REITER

*Heldur ykkur heitum!*



Motoro



Winterzauber

Í HEITUSTU hestavöruverslun landsins færðu WELLENSTEYN úlpur

30% kynningarafsláttur

WELLENSTEYN úlpurnar eru fáanlegar í stærðum XS til 4XL



Erum með mikið úrval af úlpum fyrir börn og fullorðna, verð frá kr. 5.490



Komdu og kíktu
- erum með allt sem til þarf í
hestamennskuna

WELLENSTEYN Clothing Company

TOP REITER
Ögurhvarfi 2 • s. 565 5151
topreiter@topreiter.is

## > Colin Firth

Colin Firth hefur oft látið eftir sér að honum líki ekki við fyrra nafnið sitt. Hann sagði eitt sinn í blaða viðtali að Colin væri nafn sem fólk ætti frekar að nefna gullfiskinn sinn. Colin Firth leikur í kvikmyndinni Trauma sem er sýnd á Stöð 2 Bíó í kvöld kl. 22.



# dagskrá

VIÐ TÆKIÐ VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR GÆTIR SÍN Á EITURNÖÐRUM

# Lífsbarátta óvarkárs skriðdýrafræðings

Sumarið 1993 var bandarískur skriðdýrafræðingur önnum kafinn við að skrá niður upplýsingar um snáka í skógi á Flórídaskaga. Vísindamaðurinn taldi sig aldeilis kominn í feitt þegar hann rambaði fram á myndarlegan skröltorm sem sólaði sig kæruleysislega uppi á steini. Ormurinn var mældur í bak og fyrir eftir öllum kúnstarinnar reglum og notaði vísindamaðurinn til verksins ýmis tæki og tól sem gerðu honum kleift að meðhöndla dýrið án þess þó að þurfa að snerta það með berum höndum, enda eitrað mjög.

Vísindamaðurinn var þó svo yfir sig hrifinn af þessum fallega skröltormi að skyndilega greip hann óstjórnleg löngun til þess að taka orminn upp og handfjatla hann. Snákurinn var orðinn, eins og við var að búast, býsna argur eftir allar mælingarnar og lét það því verða sitt fyrsta verk þegar vísindamaðurinn losaði takið lítið eitt að bíta karlinn og dæla hann fullan af eitri.



EITURNAÐRA

Nú voru sannarlega góð ráð dýr. Skriðdýrafræðingurinn var aleinn úti í skógi uppfullur af skröltormaeitri og það fyrir tíma GSM-símans. Líf hans valt á því að komast í bílinn og keyra á næsta spítala, en þetta ferðalag var langt frá því einfalt þar sem hálftíma ganga var í bílinn og hálftíma akstur á næsta sjúkrahús. Skröltormaeitur drepur fórnarlamb sitt hraðar ef það kemst í uppnám, enda flæðir blóðið þá hraðar um æðarnar. Til að lifa af þetta klukkustundar ferðalag á sjúkrahús þurfti vísindamaðurinn því að halda ró sinni, þó svo að hann fyndi líffærin og taugakerfið gefa sig eitt af öðru. Hann staulaðist loks nær dauða en lífi inn á bráðamóttöku sjúkrahússins og þurfti á hvorki meira né minna en 26 skömmtum af móteitri að halda til að lifa bitið af.

Erfitt er að heimfæra þessa reynslusögu skriðdýrafræðings sem sjónvarpsstöðin National Geographic Wild færði áhorfendum sínum um helgina upp á íslenskan veruleika, nema hugsanlega á eftirfarandi almenna hátt: varhugavert er að meðhöndla eiturnöðrur, sama hversu ómótstæðilega aðlaðandi þær eru.

## EKKI MISSA AF



▶ 19.00 Hollyoaks SIRKUS



▶ 20.10 Veronica Mars SJÓNVARPIÐ



▶ 20.15 Óskarsverðlaunin 2008 STÖÐ2



▶ 21.00 Innlit / Útlit SKJÁREINN



▶ 22.00 Trauma STÖÐ2BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Sportið**
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin**
**17.51 Hrúturinn Hreinn**
**18.00 Geirharður bojng bojng**
**18.25 Kokkar á ferð og flugi** e.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**

▶**20.10 Veronica Mars** Bandarísk spennuþáttaröð um unga konu sem er slyngur spæjari. Aðalhlutverk leikur Kristen Bell.

**20.55 Drottningarskrúði** Sylvia Svíadrottning segir frá og leyfir áhorfendum að skoða kvöldkjólasafn sitt.

**21.25 Viðtalið** Að þessu sinni ræðir Bogi við Alyson Bailes, sem er fyrrverandi sendiherra Breta í Finnlandi og forstöðumaður Sænsku friðarrannsóknarstofnunarinnar SIPRI, og núverandi gestaprófessor við Háskóla Íslands.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Víkingasveitin** (4:6) Breskur spennumyndaflokkur um sérsveit innan hersins sem fæst við erfið mál.

**23.20 Glæpurinn** (19:20) (Forbrydelsen: Historien om et mord) e.

**00.20 Kastljós**
**00.55 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Emile**
**08.00 Kinky Boots**
**10.00 Not Without My Daughter** (e)
**12.00 The Perez Family** (e)
**14.00 Kinky Boots**
**16.00 Not Without My Daughter** (e)
**18.00 The Perez Family** (e)
**20.00 Emile**
▶ **22.00 Trauma** Yfirnáttúrulegur spennutryllir með Colin Firth.
**00.00 Extreme Ops**
**02.00 Trauma**
**04.00 Dream Lover** (e)

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 The Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella**
**10.15 Joey**
**10.50 Til Death**
**11.15 Studio 60**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours**
**13.10 Eldsnöggt með Jóa Fel**
**13.35 Lost in Translation**
**15.20 Sjáðu**
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.28 The Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.50 Ísland í dag og íþróttir**
**19.25 The Simpsons**
**19.50 Friends**

▶**20.15 Óskarsverðlaunin 2008 – Samantekt** Samantekt með því helsta sem gerðist á Óskarsverðlaunahátíðinni 2008, sem fram fór aðfararnótt mánudagsins og var sýnd í beinni útsendingu.

**21.50 Kompás** Skemmtilegur og fræðandi fréttaskýringaþáttur sem markaði tímamót í íslensku sjónvarpi.

**22.25 60 mínútur** Glænýr þáttur virtasta og vinsælasta fréttaskýringaþáttar í heimi þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar og taka einstök viðtöl við heimsþekkt fólk.

**23.10 Nip/Tuck** Fimmta serían af þessum vinsæla framhaldsþætti sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Sean McNamara og Christian Troy. Eftir að hafa brennt allar brýr að baki sér í Miami ákveða þeir að söðla um og opna nýja stofu í Mekka lýtalækninganna, Los Angeles, þar sem bíða þeirra ný andlit og ný vandamál.

**00.00 Prison Break**
**00.45 The Closer**
**01.30 Edge of Madness**
**03.05 Lost in Translation**
**04.45 Cold Case**
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**
**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**17.10 Spænsku mörkin** Öll mörkin frá síðustu umferð í spænska boltanum. Íþróttafréttamenn Sýnar kryfja öll umdeildustu atvikin ásamt Heimi Guðjónssyni.

**17.55 Inside Sport** (Inside Sport) Frábær þáttur frá BBC þar sem rætt er við heimsfræga íþróttamenn úr öllum áttum og aðra þá sem tengjast íþróttum á einn eða annan hátt.

**18.25 World Supercross GP** Öll flottustu tilþrifin í World Supercross GP og að þessu sinni var keppt á Reliant Stadium í Texas.

**19.20 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Vandaður fréttaþáttur úr Meistaradeild Evrópu þar sem síðustu umferðir eru skoðaðar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

**19.50 Man. Utd - Arsenal FA Cup 2008** Útsending frá leik Man. Utd og Arsenal í ensku bikarkeppninni.

**21.30 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.

**22.25 Ultimate Blackjack Tour 1** Sýnt frá Ultimate Blackjack Tour þar sem margir af slyngustu spilurum heims mæta til leiks.

**23.10 FA Cup 2008** (Man. Utd - Arsenal) Útsending frá leik Man. Utd og Arsenal í ensku bikarkeppninni.

## SÝN2

**07.00 Man. City - Everton** Útsending frá leik Man. City og Everton í ensku úrvalsdeildinni.

**14.40 Wigan - Derby** Útsending frá leik Wigan og Derby í ensku úrvalsdeildinni.

**16.20 Birmingham - Arsenal** Útsending frá leik Birmingham og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.

**18.00 Premier League World**

**18.30 Coca Cola mörkin**

**19.00 Blackburn - Bolton** Útsending frá leik Blackburn og Bolton í ensku úrvalsdeildinni.

**20.40 Liverpool - Middlesbrough** Útsending frá leik Liverpool og Middlesbrough í ensku úrvalsdeildinni.

**22.20 English Premier League** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum.

**23.15 Reading - Aston Villa** Útsending frá leik Reading og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Fyrstu skrefin** (e)
**09.15 Vörutorg**
**10.15 Óstöðvandi tónlist**
**16.45 Vörutorg**
**16.55 Bullrun** (e)

**17.45 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Racheal Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.30 The Drew Carey Show** (e)
**18.50 Less Than Perfect** (e)
**19.10 Psych** (e)

**20.00 Skólahreysti** Núna fer keppnin fram á Eglisstöðum þar sem skólar af Austurlandi eigast við.

▶**21.00 Innlit / útlit** Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Nadia og Arnar Gauti koma víða við. Meðal efnis í þættinum í kvöld er heimsókn á Skt. Petri hótelið í Kaupmannahöfn sem hlotið hefur verðlaun fyrir frábæra hönnun, Nadia gerir skemmtilegar breytingar á svefnherbergi og farið verður í innlit til ungra hjóna sem gerðu miklar breytingar á húsi sínu í Garðabæ.

**22.00 High School Reunion - Lokaþáttur** Bandarísk raunveruleikasería þar sem 17 fyrrum skólafélagar koma aftur saman tíu árum eftir útskrift og gera upp gömul mál. Það gengur á ýmsu þegar þessi skrautlegi hópur hittist á ný. Framleiðandi þáttanna er Mike Fliess, sá sami og stendur á bak við The Bachelor.

**22.50 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.35 The Drew Carey Show**
**00.00 C.S.I. New York** (e)
**00.50 Bionic Woman** (e)
**01.40 NÁTTHRAFNAR**
**01.40 C.S.I. Miami**
**02.25 Less Than Perfect**
**02.50 Vörutorg**
**03.50 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




Knorr



Úrvalið af Knorr súpum er frábært. Veldu þína uppáhalds eða prófaðu bara alveg nýja.
**Bragðgóð máltíð á mettíma.**




# Hlýtt í vetur

Á köldum og dimmum vetri er nauðsynlegt að fá bæði fallegan lit í tilveruna og yl í kroppinn og hjúfra sig inni í hlýjunni yfir heitri súpu eða pottrétti frá Knorr. **Alltaf einfalt, litríkt og gott með Knorr!**

## Í KVÖLD

### STÖÐ2 KL.21.50
### Kompás




Hér er á ferðinni alvörufréttaskýringaþáttur þar sem hispurslaus og vönduð rannsóknarblaðamennska er í hávegum höfð. Í hverjum þætti eru krufin til mergjar helstu mál líðandi stundar. Áður ókunn sjónarmið á málum sem þegar hafa komist í fréttirnar koma fram sem og nýjar uppgötvanir. Þátturinn hefur verið valinn fréttaþáttur ársins síðustu tvö ár á Edduverðlaunahátíðinni.

### ▶ Við mælum með DROTTNINGARSKRÚÐI
### Sjónvarpið kl. 20.55

Sylvía Svíadrottning er þekkt fyrir glæsileik og góðan smekk. Sumarið 2006 var haldin sýning á brúðarklæðum hennar, sem voru frá Dior-tískuhúsinu, og kjólunum sem hún hefur borið í Nóbelsverðlaunaveislunum í konungshöllinni í Stokkhólmi. Í myndinni Drottningarskrúði (Festens drottning) segir drottningin frá klæðum sínum og ýmsu sem tengist fatasmekk og leyfir áhorfendum að skoða kvöldkjólasafn sitt.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stef
**15.03** Útvarpssagan: Dauðinn og mörgæsin
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Hundur í útvarpssal
**21.00** Í heyranda hljóði
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.20** Fimm fjórðu
**00.07** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

### SIRKUS

**16.00 Hollyoaks** (131:260)
**16.30 Hollyoaks** (132:260)
**17.00 The George Lopez Show**
**17.30 Extreme: Life Through a Lens**
**18.15 Lovespring International**
**18.35 Big Day**
▶**19.00 Hollyoaks** (131:260) Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Serían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995.
**19.30 Hollyoaks** (132:260)
**20.00 The George Lopez Show**
**20.30 Extreme: Life Through a Lens** (Öfgar: Lífið í linsunni) Hér eru sagðar sögur stjarnanna í Hollywood í gegnum myndir sem hafa birst í stærstu fjölmiðlum og hafa haft áhrif á líf þeirra og feril.
**21.15 Lovespring International** (Stefnumótaþjónustan) Nýr léttgeggjaður gamanþáttur sem gerist hjá stefnumótaþjónustu.
**21.35 Big Day** (Stóri dagurinn) Ný gamanþáttaröð sem fjallar á stórskemmtilegn hátt um hinar mörgu spaugilegur hliðar á undirbúningnum fyrir stóra brúðkaupsdaginn.
**22.00 American Idol**
**23.25 American Idol**
**01.00 Comedy Inc.**
**01.25 American Dad 3**
**01.50 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

### INN

**20.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn tjáir sig um viðhorf sín til stjórnmála líðandi stundar.
**21.00 Á mínu borði** Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra talar um starf sitt og viðhorf sín til heilbrigðismála.

### DR 1

**12.30** Grøn glæd **12.50** Den lille forskel **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** SPAM **15.30** Minisekterne **15.35** Ninja Turtles: Tidsrejsen! **16.00** Store Nørd **16.30** Lille Nørd **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Ha' det godt **19.00** Sporløs **19.30** Guld og grønne skove **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **20.55** Mistænkt **22.40** Seinfeld **23.05** Sommer **5.00** Konstanse **5.10** Buh! **5.35** Lisa **5.40** Kære Sebastian **6.00** Boblin

### NRK 1

**12.40** Faktor **13.10** Jessica Fletcher **14.00** Supermusikk **14.30** Ghost Trackers **15.05** Hannah Montana **15.30** Hemmelig agent på moped **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Kjære dagbok 1972 **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Kuraffens TV-show **17.15** Dyrlege Due **17.25** Pablo, den lille rødreven **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen **18.55** Berulfsens pengebinge **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Brennpunkt **21.20** Extra-trekning **21.30** Bokprogrammet: I Ungarn **22.00** Kveldsnytt **22.15** Heroes **22.55** 4•4•2: Bakrommet: Fotballmagasin **23.25** Barn i ingenmannsland **0.20** Kulturnytt

### SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Debatt **12.05** Robins **12.55** Rännstensungar **14.30** Andra Avenyn **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Anaconda **16.30** Krokomax **17.00** Bolibompa **17.10** Minimyror i Kenya **17.20** Byggare Bob - Projekt: Bygg framtiden **17.30** Folkoteket **17.45** Philofix **18.00** Bobster **18.05** Hasses brorsas låtsassyrras kompis **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Andra Avenyn **19.30** Packat & klart **20.00** Plus **20.30** Klass 9A **21.00** Black and White **22.40** Rapport **22.50** Kulturnyheterna **23.05** Brottet **0.05** Sändningar från SVT24




TIL HAMINGJU MEÐ BIKARINN!

Bikarmeistarar kvenna 2008

Bikarmeistarar karla 2008

Lýsing óskar liðsmönnum kvennaliðs Grindavíkur og karlaliðs Snæfells til hamingju með stórglæsilega sigra í úrslitaleikjum Lýsingarbikarsins, bikarkeppni KKÍ. Þar skipti sterk liðsheild og óbilandi sigurvilji sköpum.

**Til hamingju!**

LÝSINGAR BIKARINN

LÝSING

**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Þar sem ég er að vinna í miðbænum og hef oft lítinn tíma finnst mér æðislegt að geta stokkið inn á Sushi-hraðlestina í Iðuhúsinu. Þar er hægt að setjast niður og fá sér æðislega gott sushi á færibandi.“*

Hrönn Marinósdóttir, framkvæmdastjóri Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík.

# Yesmine hélt á heimaslóðir í fyrsta sinn

Yesmine Olsson sneri í síðustu viku heim úr ferðalagi um Dubai og Indland, þar sem hún leitaði sér innblásturs fyrir nýja matreiðslubók sem hún hefur nú í smíðum. Ferðin hafði þó enn meira að segja fyrir Yesmine, sem heimsótti nú í fyrsta sinn þær slóðir sem hún á ættir sínar að rekja til.

„Ég er reyndar ættuð frá Srí Lanka, en við vorum í Suður-Indlandi, svo það er bara nokkurra klukkutíma ferðalag þarna á milli. Ég var ættleidd þaðan þegar ég var mjög ung,“ útskýrir Yesmine, sem eins og margir vita er alin upp í Svíþjóð. Yesmine segist ekki hafa freistast til að fara yfir til Srí Lanka í þetta skiptið, enda ástandið þar síst stöðugt þessa dagana.

„Ég ákvað að hita aðeins upp með Indlandi, áður en ég tek næsta skref. En það er á dagskrá hjá mér, algjörlega. Þegar ég fer þangað hugsa ég að ég undirbúi mig betur,“ segir Yesmine, sem segist þó hafa fengið mikið út úr ferðinni. „Það var auðvitað ákveðið menningarsjokk að koma í þetta umhverfi, sem ég held að allir sem fara frá Íslandi til Indlands upplifi. En það var mjög gaman að sjá fullt af fólki sem lítur út eins og ég,“ segir hún og hlær við.

Yesmine segir matreiðslubók undir þessum formerkjum vera gamlan draum. „Þetta er matargerð sem ég hef alltaf haft mikinn áhuga á. Núna finnst mér vera kominn tími á þetta og mér fannst ekki annað hægt en að fara út og kynnast þessu almennilega. Við vorum í tólf daga og fórum að hitta kokka og ýmsa aðra til að fá innblástur,“ útskýrir Yesmine. Með henni í för voru ljósmyndarinn Áslaug Snorradóttir og Ágústa M. Ólafsdóttir, sem aðstoða Yesmine við gerð bókarinnar. Hún er væntanleg með haustinu.

- sun



**MENNINGARSJOKK** Yesmine Olsson sneri á heimaslóðir í ferð til Indlands og Dubai, þangað sem hún sótti sér innblástur fyrir nýja matreiðslubók. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**LÁRÉTT**
**2.** steintegund **6.** skóli **8.** for **9.** heiður **11.** komast **12.** röndin **14.** pabbi **16.** mun **17.** líða vel **18.** kk-nafn **20.** tveir eins **21.** lokka.

**LÓÐRÉTT**
**1.** ómögulegur **3.** samtök **4.** borðstokkur **5.** knæpa **7.** tré **10.** keyra **13.** svelg **15.** réttur **16.** frostskemmd **19.** hreyfing.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** talk, **6.** fg, **8.** aur, **9.** æra, **11.** ná, **12.** rákin, **14.** faðir, **16.** ku, **17.** una, **18.** ari, **20.** gg, **21.** laða.

**LÓÐRÉTT: 1.** ófær, **3.** aa, **4.** lunning, **5.** krá, **7.** gráfura, **10.** aka, **13.** iðu, **15.** ragú, **16.** kal, **19.** ið.

**VEISTU SVARIÐ**

Svör við spurningum á bls. 8

1. Jón á Hofi.
2. Raúl Castro.
3. Fiskisúpan hennar Maggýar.

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

GYLFI BLÖNDAL: ÓFÖGUR AÐKOMA EFTIR FLÓÐ Í ÆFINGAHÚSNÆÐI

# Rokkarar tapa milljónum

Umhleypingar síðustu vikna bitnuðu illa á nokkrum hljómsveitum í Reykjavík þegar flæddi inn í æfingahúsnæði þeirra í síðustu viku. Í Hlíðunum komu meðlimir Jakobínarínu að hljóðfærunum sínum fljótandi á gólfinu. Húsnæðið, sem er kjallari undir bílskúr, leigja þeir með hljómsveitinni Singapore Sling. „Það eru einhver hljóðfæri ónýt og slatti af effekta-pedölum því þeir voru á gólfinu,“ segir Einar Sonic, gítarleikari Singapore Sling. „Þetta er búið að vera að þorna og við vitum ekki alveg hve mikið er ónýtt, en það er slatti. Það voru blásarar settir þarna inn og svo tókum við eitthvað bara heim til okkar. Það er kannski bót í máli að magnararnir sluppu alveg.“

Á öðrum stað í bænum, undir gamla bakaríinu hans Jóa Fel, lenti hljómsveitin Kimono í jafnvel enn verri málum. „Þetta var helvíti skelfileg aðkoma, maður bara grét,“ segir Gylfi Blöndal, annar gítarleikari sveitarinnar. Þegar bakaríið var flutt var ofn á vegg fjarlægður en „eitthvert gáfumennið“, eins og Gylfi kallar hann, gleymdi að setja tappa í gatið. Þegar kólnaði kviknaði á þermóstati og heita vatnið fór að fossa niður um gat á gólfinu fyrir gamlan hringstiga. Það eru átta sveitir að æfa í kjallaranum en þær sluppu að mestu leyti, nema hljómsveitin Kimono sem var búin að koma sér vel fyrir beint fyrir neðan gatið.

„Það varð okkur kannski til happs að heita vatnið virðist ekki hafa fossað nema í einhverja tvo, þrjá tíma,“ segir Gylfi. „Við metum tjónið á þrjár milljónir. Meðal þess sem skemmdist var 4.000 dollara handsmíðaður Warwick-bassi, 3.500 dollara Telecaster-gítar sem Alex er búinn að eiga árum saman, míkrófónar, magnarar og dót. Við höfum talað um það í mörg ár að fá okkur tryggingu en aldrei gert neitt í því. Við erum búnir að drattast til þess núna. En við ætlum að sækja hart á þann aðila sem sá um að flytja bakaríið. Það er náttúrlega vítavert gáleysi hvernig var gengið frá þessum ofni.“

Þrátt fyrir atvikið sér Gylfi sólargeisla í vatnsósa svartnættinu. „Það varð okkur til happs að trommusettið hans Kjartans slapp. Hann á gamla trommusettið hans Gunnars Jökuls Hákonarsonar, 1959-módel af Ludwig, sama sett og Gunnar Jökull tók með sér til London þegar hann var að spila með fyrirrennara Yes, The Syn. Það hefði verið menningarsögulega óbætanlegt ef þetta trommusett hefði eyðilagst. Sem betur fer var Kjartan nýkominn af túr með Seabear og trommusettið ennþá í töskunum. Það var það fyrsta sem við hlupum með út.“

gunnarh@frettabladid.is



**STÓRTJÓN** Gylfi Blöndal og félagar hans í Kimono meta tjónið á þrjár milljónir. Þeir töluðu árum saman um að fá sér tryggingu og hafa nú loksins látið verða af því. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**KOMU AÐ HLJÓÐFÆRUNUM Á FLOTI** Jakobínarínu brá í brún í síðustu viku.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Hugleikur Dagsson** hefur nú ákveðið að flytja heim frá Amsterdam þar sem hann hefur verið búsettur að undanförnu. Nýverið var Baðstofan, nýtt leikrit eftir hann, frumsýnt í Þjóðleikhúsinu og ætlar hann að gefa leikritaskrifum frí. Hins vegar hefur hann ekki lagt teiknipennann á hilluna og þannig er stefnt að nýrri bók í Okkur-seríunni á þessu ári, Ókei bæ tvö og bók um eineygða köttinn Kisa. Síðar á þessu ári mun fyrsta bókin („Should You Be Laughing at This?) koma út í Bandaríkjunum.



Þótt þátttakendur í Eurovision hafi kvartað undan skorti á veitingum baksviðs í Smáralind á laugardagskvöld ríkti þar mikil stemning. Meðal þeirra sem tóku þátt í gleðinni voru turtildúfurnar **Sigmar Guðmundsson** og **Þóra Tómasdóttir** en þau komu hýr og rjóð beint frá því að hafa veitt viðtöku blaðamannaverðlaunum verðskuldað. Einnig var **Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir** menntamálaráðherra í miklu Eurostuði baksviðs svo einhverjir séu nefndir.

Fjölmargir nýttu sér Food & fun hátíðina til að fara út að borða. Þannig var þétt setið á veitingastaðnum Gullfoss á föstudagskvöldið. Meðal gesta var **Bjarni Ármannsson**, fyrrum forstjóri Glitnis, í góðum hópi. Þeir **Magnús Kjartansson** og **Eiríkur Tómasson** voru sömuleiðis hressir þar sem þeir ræddu málefni Stefs. Mesta athygli gesta vöktu þó stórsöngvararnir **Björgvin Halldórsson** og **Eyjólfur Kristjánsson** sem áttu góða kvöldstund með eiginkonum sínum og fleira fólki.



- jbg/hdm

Nám í Danmörku

Hefur þú iðnmenntun eða stúdentspróf og hyggur á frekara nám.

Odense Tekniske Skole heldur kynningu á námi við skólann fimmtudaginn 28. febrúar kl. 20.00 í Húsi Meistaranna að Skipholti 70 þar sem eftirfarandi námsgreinar verða kynntar.

- Byggingaiðnfræði
- Byggingafræði
- Rafmagnsiðnfræði á sterkstraumssviði
- Rafmagnsiðnfræði á veikstraumssviði
- Framleiðslutækni
- Margmiðlunarhönnun

Odense Tekniske Skole er gamalgróinn skóli sem leggur mikinn metnað í að bjóða nemendum sínum allt það besta á hverjum tíma. Komið og kynnið ykkur möguleika sem eru í boði varðandi nám við skólann. Frekari upplýsingar í síma 862 9131 eða á reynir@verksyn.is

ErhvervsAkademiet
ODENSE TEKNISKE SKOLE

# Heimakær List ekki til Genfar

„Ég er nú einu sinni þannig að ég bregð mér helst aldrei út fyrir bæjarmörkin,“ segir listamaðurinn akureyrski Lárus H. List.

Lárus hefur aldrei upplifað aðra eins athygli og þá þegar spurðist að verslanakeðjan Wal-Mart væri búin að stefna honum fyrir gerðardóm til Genfar í Sviss. Líkt og Fréttablaðið greindi frá er það vegna léns Lárusar, wa1mart.com, sem fór öfugt ofan í hina bandarísku lágvöruverðsverslunarmenn sem þótti það koma sér illa. Lénið er hluti listaverks sem Lárus gerði, málverks af Mónu Lísu sem reynist karlmaður þegar að er gáð í meðförum listamannsins. Þemað er ádeila á heimsvaldastefnu og græðgisvæðingu.

Lárus stendur nú í ströngu, hann þarf að taka saman álitsgerð fyrir lögmann sinn, hinn enska Graham Ross, þar sem hann leitast við að útskýra hvernig allt þetta tengist – lénið og Mona hans Lísa. Ef Lárus vill hafa fjölskipaðan dóm þarf hann að greiða aukalega fyrir það 2.000 dollara. Gögnum þarf hann að skila fyrir 4. mars og mun niðurstaðan liggja fyrir hálfum mánuði síðar.

Yfir listamanninn hefur rignt tölvupóstskeytum, flest til stuðnings en eitt þó neikvætt frá Bandaríkjunum þar sem býsnast er yfir frekjunni. Eins og áður sagði vill Lárus helst ekki fara mikið út fyrir Eyjafjörð. Hann ætlar því ekki að fylgja máli sínu eftir með því að fara til Sviss heldur treystir á lögmanninn Graham Ross til að koma því í heila höfn.

- jbg



**MONA LISA LÁRUSAR** Lén Lárusar, wa1mart.com, og þessi mynd renna saman í ádeilu á græðgisvæðingu Bandaríkjanna.



**LÁRUS H. LIST** Ætlar ekki að fylgja máli sínu eftir til Genfar enda fer hann helst ekki út fyrir bæjarmörkin.


Hvannadalshnúkur
2008
66°Norður og Íslenskir Fjallaleiðsögumenn miðla af reynslu sinni um fatnað og næringu fyrir háfjallaferðir.
Fræðslufundur 27. febrúar kl. 20:00
í húsakynnum 66°Norður Faxafeni 12
Nánari upplýsingar á www.66north.is
66° NORÐUR
FJALLALEIDSOGUMENN.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

vísir.is
„...ég sá það á vísi"



**BAKÞANKAR**
Karenar D. Kjartansdóttur

# *Þegar feðraveldið stal lesbíunni*

Ég er lessa. Setningin á undan kom fremur óvænt úr munni æskuvinkonu minnar í matarboði nokkurra menntaskólavinkenna minna fyrir skömmu. Við hinar brostum og sögðum „loksins". Ástæða svars okkar var ekki til komið vegna þess að hún bæri kynuslann utan á sér, þvert á móti. Hún er ljóshærð, spengileg, kvenleg, gáfuð og upprennandi ofurlæknir. Sem sagt ein af vinsælli tálsýnum karla af hinni fullkomnu konu. Sá galli er þó á þessari gjöf Njarðar að hún er til Freyju – fallega vinkonan hefur ekki sýnt hinum njörðunum snefil af áhuga um ævina og var það nú ástæða þess að við vinkonurnar urðum ekki þrumu lostnar við yfirlýsinguna.

Í tilefni játningarinnar ákvað ég að skella mér út á lífið með vinkonunni enda sjaldan sem ég á þess kost að hitta hana þar sem hún er við nám í öðru og siðmenntaðra landi og ákvað því að leiða hana um lendur ólifnaðarins. Veit ég fyrir víst að við vorum síður en svo að sýna öðrum bargestum áhuga en fljótlega mættu þó einhverjir ónytjungar að borðinu hjá okkur og kröfðust athygli. Vinkonan sagði þeim kurteislega að nærveru þeirra væri ekki óskað en allt kom fyrir ekki. Þar sem ég var meira í glasi og því vitlausari sagði ég þeim því næst að á borðinu væri ekki spilað með báðum liðum og áhugi á karlkyni takmarkaður.

**REGINMISTÖK** hjá þér," sagði vinkona mín og hristi höfuðið í uppgjöf eftir að ég hafði upplýst karlfjárana um að við hefðum engan áhuga á þeim. Í belgingslegu yfirlæti hlömmuðu þeir sér niður við borðið hjá okkur og spurðu hvernig stæði á því að sætar stelpur gætu verið lessur. Því næst vildu þeir fara út í smáatriði um kynlíf tveggja kvenna. „Hvað finnst ykkur best að gera við hvor aðra?" spurði einn. „Langar ykkur aldrei að fá karla með?" spurði svo næsti.

Í einhverju rugli, tilkomnu af því hve vel ég er uppalin, þá skallaði ég ekki fávitana heldur sagði pent að ég væri nú ekki lesbía heldur vinkona mín en ég skildi ekki hvers vegna hún ætti að þurfa að fara út í lýsingar á sínum ástarmálum. „Já, þótt þér finnist lessur í lagi þá viltu taka fram að þú sért það ekki," sagði einhver áhorfendanna við mig af djúpri innsýn í líf konunnar. Fljótlega drifum við okkur út af staðnum og vinkonan útskýrði þar fyrir mér að það væri svo sorglegt að sjálfri lesbíunni, sem ætti að vera eins laus undan oki feðraveldisins og hægt væri, hefði verið stolið af klámmyndaframleiðendum til að fullnægja órum karla.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 26. febrúar, 57. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.48 | 13.41 | 18.35 |
| Akureyri | 8.38 | 13.25 | 18.14 |

*Heimild: Almanak Háskólans*




HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is